STEINDÓRA ANDREASEN

*Kann galdurinn við að smyrja brauð*

• matur • helgin

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




FÖSTUDAGUR

*Tíska, fegurð og förðun í haust*

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. október 2009 — 251. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR



### Með gott hjartalag

Ágúst Ingason ánafnar hluta af fermingarpeningum sínum til ABC hjálparstarfs.

FÓLK 34

### Ekki heimsk



Paris Hilton segist spila með ímynd sína en hlæi að sjálfri sér í leiðinni.

FÓLK 26

### Hreppur eða borg

„Sérstaða Reykjavíkurborgar felst í þéttu miðsvæði með raunverulegum borgarbrag," skrifar Pawel Bartoszek.

Í DAG 16

### N1-deild karla



Sigurbergur Sveinsson fór á kostum í sigri Hauka á Fram í gærkvöldi.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**Ágætt suðaustanlands** Í dag verður allhvasst NV-til en annars hægari norðlæg átt. Búast má við snjókomu á Vestfjörðum, súld N-lands og á Snæfellsnesi en annars staðar verður að mestu þurrt.

VEÐUR 4




# Langflestir standa í skilum

**Fimm þúsund lántakendur hafa samið um afborganir fasteignalána. Árangurinn af skuldaaðlögun ríkisstjórnarinnar kemur í ljós á næstu vikum, segir Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo.**

**VIÐSKIPTI** Minnst fimm þúsund viðskiptavinir bankanna og Íbúðalánasjóðs hafa nýtt sér þau úrræði sem í boði eru um greiðslu á íbúðalánum. Þetta jafngildir tæpum fimm prósentum þeirra sem eru með íbúðalán. Tekið skal fram að viðskiptavinir Landsbankans eru ekki inni í tölunum en bankinn vildi ekki tjá sig um stöðuna.

Þetta hefur skilað sér í skilvirkari greiðslum íbúðalána. Á bilinu áttatíu til rúmlega níutíu prósent viðskiptavina bankanna eru í skilum með afborganir fasteignalána, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þetta er betri staða en í ágúst þegar fimmtungur þeirra borgaði ekki eða var í vanskilum.

Til samanburðar voru 94,9 prósent lántakenda í skilum við Íbúðalánasjóð um síðustu mánaðamót. Vanskil nema fimm prósentum þar. Það er talsvert meira en í byrjun júní en þá námu vanskil 0,14 prósentum.

Fjármálaeftirlitið vinnur nú að því að taka saman nákvæmar upplýsingar um vanskil heimilanna.

Viðskiptavinir Íbúðalánasjóðs eru 48.944 talsins og eru íbúðalántakar bankanna álíka margir.

Viðmælendur Fréttablaðsins segja lántakendur bankanna leggja hart að sér að greiða af fasteignalánum sínum og nýta sér því þau greiðsluúrræði sem standi til boða.

Fyrsta umræða stjórnarfrumvarps um greiðsluaðlögum heimilanna fór fram á Alþingi á mánudag og hafa vonir verið bundnar við að það taki gildi um mánaðamótin.

Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo, segir fljótt koma í ljós hvort úrræði ríkisstjórnarinnar beri ávöxt. „Flest heimili eiga að finna strax fyrir því þegar greiðslubyrði lækkar. Í kjölfarið má gera ráð fyrir að fólki á vanskilaskrá fækki. Það kemur í ljós á næstu vikum hvort ráð ríkisstjórnarinnar skila árangri," segir hún.

- jab

### ÍBÚÐALÁN BANKANNA

- Í kringum áttatíu prósent viðskiptavina Íslandsbanka greiða af húsnæðislánum sínum án þess að nýta sér þau úrræði sem bankinn býður upp á. Tuttugu prósent viðskiptavina nýta sér úrræðin, samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka.
- Hjá Nýja Kaupþingi eru 97 prósent viðskiptavina bankans í skilum með afborganir af íbúðalánum. Sex til sjö prósent nýta þau greiðsluúrræði sem í boði eru.



**FIMM ÁRA HETJA** Ibrahim Kolbeinn Jónsson brást hárrétt við og hringdi í Neyðarlínuna þegar móðir hans fékk aðsvif. Hann sést hér ásamt móður sinni Ashuru og tvíburabróður sínum, Ismael Þorgils. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

Fimm ára drengur kom móður sinni til hjálpar þegar hún fékk verk fyrir hjarta:

# Bjargaði lífi móður sinnar

**FÓLK** „Hann er algjör hetja, svo duglegur. Hann bjargaði lífi mínu," segir Ashura H. Ramadhan um afrek sonar síns, Ibrahims Kolbeins Jónssonar, sem er tæplega sex ára nemandi í Hólabrekkuskóla í Breiðholti í Reykjavík.

Ibrahim var heima veikur með hálsbólgu á miðvikudag í síðustu viku þegar móðir hans fékk verk fyrir hjarta og aðsvif úr því. Hún hafði þá verið að undirbúa málsverð fyrir fjölskylduna og hafði nokkrum sekúndum áður slökkt á eldavél sem á var pottur með soðnu kjöti.

Ibrahim brást snöggt við, náði í plastpoka sem móðir hans kastaði upp í og vatnsglas. Að því loknu hringdi hann í Neyðarlínuna og vinkonu móður sinnar, sem kom í skyndi. „Sem betur fer náði ég að slökkva á eldavélinni. En þetta var ótrúlegt. Ég veit ekki hvernig Ibrahim vissi hvað átti að gera og hvert átti að hringja því ég var út úr heiminum," segir Ashura, sem var með óráði í kjölfar aðsvifsins. Hún var flutt á Landspítalann við Hringbraut og dvaldi þar í einn sólarhring í rannsóknum. Vinkona fjölskyldunnar dvaldi á meðan hjá Ibrahim og þremur systkinum hans. „Hann Ibrahim minn er alltaf duglegur," segir hin stolta móðir.

- jab

Niðurstaða nýrrar rannsóknar:

# Krökkunum líður betur í kreppunni

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við virðumst hafa náð að halda vel utan um krakkana okkar í kreppunni; foreldrar verja meiri tíma með börnum, færri börnum líður illa og færri eru einmana, svefnvana og óörugg," segir Margrét Lilja Guðmundsdóttir, einn höfunda rannsóknar um hegðun og líðan barna og unglinga í fimmta til tíunda bekk grunnskóla.



MARGRÉT LILJA GUÐMUNDSDÓTTIR

Niðurstöðurnar benda til þess að íslenskum börnum líði betur í ár en fyrir þremur árum þegar sambærileg rannsókn var gerð. Færri unglingar hafi rifist við foreldra sína eða séð þá rífast í ár en fyrir þremur árum.

- sbt / sjá síðu 12






## SPURNING DAGSINS



*Erlendur, er þetta sannkallað hásæti?*

„Já, þetta var allavega risavaxið verkefni.“

GÁ húsgögn smíðuðu risastóran stól fyrir hæsta mann heims, sem er í heimsókn á Íslandi um þessar mundir. Erlendur Sigurðsson er framkvæmdastjóri GÁ húsgagna.

Umræður á fundi Viðskiptaráðs um aðkomu lífeyrissjóða að endurreisninni:

# Landsvirkjun verði í eigu lífeyrissjóða

**EFNAHAGSMÁL** Það er skoðunar virði að lífeyrissjóðirnir kaupi Landsvirkjun af ríkinu. Þetta sagði Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, í umræðum að loknum framsögum á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs í gær um aðkomu lífeyrissjóðanna að endurreisn efnahagslífsins.

Ragnar Önundarson, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, sagði í fyrirspurnum Landsvirkjun eiga í ákveðnum „eigendavanda“ og undir það tók Hrafn, sem var í pallborði á fundinum. „Það mætti hugsa sér að fyrirtæki á borð við Landsvirkjun yrði selt inn í lífeyrissjóðina, sem eru jú almannafé, en þannig gætum við gert þetta fremur en að ríkið tæki aukin lán,“ sagði Ragnar.



**FUNDARGESTIR** Ríflega áttatíu manns sóttu morgunverðarfund Viðskiptaráðs Íslands í gær um aðkomu lífeyrissjóða að endurreisn efnahagslífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hrafn sagði raunar allar hugmyndir um aðkomu lífeyrissjóðanna að endurreisn efnahagslífsins þess virði að skoða, þótt sumar þætti honum „arfavitlausar“. Ræða þyrfti þær allar og í tilviki verri hugmynda að hrekja þær með rökum.

Frosti Ólafsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, sem einnig var með framsögu á fundinum, áréttaði einnig þörfina á opinni og málefnalegri umræðu um þátttöku lífeyrissjóða í endurreisninni. Hann sagði lífeyrissjóðakerfið ekki afmarkaðan þátttakanda í hagkerfinu og varaði við því að vanmeta hættuna af varanlegum flótta bæði fólks og fjármagns. **- óká**

Lögreglumaður ákærður:

# Brot í starfi og líkamsárás

**DÓMSMÁL Lögreglumaður á fertugsaldri hefur verið ákærður af ríkissaksóknara fyrir brot í opinberu starfi og líkamsárás.**

**Honum er gefið að sök að hafa að morgni sunnudagsins 18. janúar 2009 farið offari við framkvæmd lögreglustarfans er hann sem stjórnandi lögregluaðgerðar fyrirskipaði öðrum lögreglumanni að aka með handtekinn mann frá Austurstræti út á Granda í Reykjavík. Þar var ungi maðurinn skilinn eftir. Jafnframt að hafa á leiðinni út á Granda þrýst hné sínu á háls unga mannsins, þar sem hann lá handjárnaður á maganum á gólfi bifreiðarinnar.** **- jss**

FME kærir sölu á Glitnishlut:

# Málið í skoðun síðastliðið ár

**VIÐSKIPTI** „Við fengum þetta mál um mitt sumar,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, um kæru Fjármálaeftirlitsins (FME) vegna sölu Guðbjargar Matthíasdóttur í Glitni þremur dögum fyrir þjóðnýtingu bankans í september í fyrra.



**GUÐBJÖRG MATTHÍASDÓTTIR**

FME hóf að skoða málið fljótlega eftir fall bankans. Ólafur vill ekki segja til um hvort embættið hafi kallað viðmælendur til vitnis vegna málsins né hvenær vænta megi niðurstöðu.

Guðbjörg, sem er aðaleigandi Ísfélagsins í Vestmannaeyjum og helsti hluthafi Morgunblaðsins, eignaðist 1,7 prósenta hlut í Glitni eftir sölu á hlut í Tryggingamiðstöðinni til FL Group í byrjun september 2007 og nýtti sér sölurétt ári síðar. Fyrir hlutinn fékk hún sex milljarða króna. **- jab**

# Litháarnir tengjast allir komu stúlkunnar

**Litháarnir fimm sem sitja í gæsluvarðhaldi tengjast allir komu nítján ára litháískrar stúlku, meintu fórnarlambi mansals, hingað til lands. Þrír Íslendingar sem sitja einnig í gæslu tengjast allir Litháunum með ýmsum hætti.**

**LÖGREGLUMÁL** Litháarnir sem sitja í gæsluvarðhaldi vegna meints mansalsmáls á Suðurnesjum tengjast allir komu nítján ára litháískrar stúlku hingað til lands fyrr í mánuðinum. Þrír Íslendingar sem sitja einnig í gæslu tengjast allir Litháunum, að hluta til í gegnum atvinnustarfsemi, en einnig með öðrum hætti sem lögregla rannsakar nú. Mansal, tryggingasvik, ofbeldisbrot, fíkniefnabrot, skjalafals og peningaþvætti eru til rannsóknar hjá lögreglunni vegna málsins. Lögreglan rannsakar einnig hvort um skipulegt mansal sé að ræða hér á landi.

Þetta kom fram á fundi Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur, lögreglustjóra á Suðurnesjum, með blaðamönnum. Fundinn sat einnig Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn og tengslafulltrúi hjá Europol.

Fram kom hjá lögreglustjóranum að lögreglan útilokaði ekki að fleiri þolendur mansals væru hér á landi. Þá útilokaði hún ekki heldur frekari handtökur eða húsleitir.

Arnar sagði að mansal hefði að undanförnu verið að færast ofar á lista Europol sem ógn sem stafaði af skipulagðri glæpastarfsemi í Evrópu.

„Í dag er mansal talið vera næstmesta ógnin,“ sagði hann. „Eiturlyf eru í fyrsta sæti, mansal í öðru sæti. Þetta er gert á grundvelli hættumats sem Evrópusambandið gerir einu sinni á ári í samvinnu við öll aðildarlöndin og þau lönd sem starfa með Europol.“

Arnar sagði að stofnaður hefði verið sérstakur vinnuhópur um mansal hjá Europol, þar sem meðal annars væru sérfræðingar í málaflokknum svo og greiningarsérfræðingar. Hugmyndin væri að Ísland tengdist fljótlega þessum vinnuhópi og gerðist þar með fullgildur aðili að evrópsku samstarfi á sviði löggæslu um mansalsmál.

**jss@frettabladid.is**



**SKIPULÖGÐ GLÆPASTARFSEMI** Margir glæpahópar hérlendis falla undir skilgreiningu evrópsku lögreglunnar Europol um skipulagða glæpastarfsemi. Þar á meðal eru pólskir, litháískir og íslenskir glæpahópar með tengsl erlendis. Þetta kom fram á blaðamannafundi í gær. Á myndinni eru, frá vinstri: Jóhannes Jensson aðstoðaryfirlögregluþjónn, Alda Hrönn Jóhannsdótttir, staðgengill lögreglustjóra, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á Suðurnesjum, og Arnar Jensson, tengslafulltrúi hjá Europol. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Mansal fer vaxandi

„Mansal hefur farið vaxandi inni á Schengen-svæðinu eftir að það opnaðist í austur. Fyrir ekki mörgum árum var mansal bundið við þá skipulögðu glæpahópa sem voru hvað efstir í píramídanum, elstir, skipulagðastir með fullkomnasta kerfið. Eftir opnun svæðisins í austur hafa glæpahópar sem eru neðar í stiganum farið að starfa á sviði mansals, af því að það er orðinn markaður fyrir það sem þeir hafa að bjóða. Þeir þurfa ekki að smygla fólki inn á svæðið heldur geta þeir smyglað fólki innan svæðisins. Kannski erum við að sjá dæmi um það hér.“



**FRUMMÆLANDI** Fjármálaráðherra mælti fyrir frumvarpi um ríkisábyrgð vegna Icesave. Umræða stóð fram á kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrsta umræða um Icesave:

# Alþingi ræðir Icesave á ný

**EFNAHAGSMÁL** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra mælti fyrir frumvarpi ríkisstjórnarinnar um ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innistæðueigenda. Lántakan er vegna Icesave-skuldbindinganna.

Ríkisstjórnin hafði leitað afbrigða til að taka málið fyrr á dagskrá, en stjórnarandstaðan hafnað því. Fjölmargir þingmenn tjáðu sig um málið, en þegar hafði verið ákveðið að umræða mundi standa fram á kvöld. Stjórnarliðar sögðu Íslendinga engan kost eiga annan en að samþykkja frumvarpið. Að sama skapi taldi stjórnarandstaðan ófært að samþykkja það. **- kóp**

Botninum náð á nýju ári:

# Atvinnuleysið við tíu prósent

**EFNAHAGSMÁL Botni efnahagslægðarinnar hér verður náð á fyrri hluta næsta árs. Mikill samdráttur í landsframleiðslu mun leiða til þess að landsmenn hafa minni verðmæti til skiptanna og tímabundið dregur úr lífskjörum. Þetta kemur fram í nýrri spá hagdeildar ASÍ um horfur í efnahagsmálum næstu þrjú árin.**

**Hagdeildin spáir að hagvöxtur dragist saman um átta prósent á árinu og atvinnuleysi snerta tíu prósent. Hætta er á að það verði meira verði ekkert úr áætluðum stóriðjuframkvæmdum eða einkaframkvæmdum, segir ASÍ.** **- jab**

## VIÐSKIPTI

### Tvö í viðbót við þrot

Tvö bresk matvælafyrirtæki sem að mestu voru í eigu Hannesar Smárasonar hafa verið sett í greiðslustöðvun. Straumur Burðarás rær nú öllum árum að því að tryggja að félögin gufi ekki upp. Bankinn á 6,4 milljarða kröfu á þau, að sögn Stöðvar 2.

## MEXÍKÓ

### Þúsundir gegn fíkniefnum

Rúmlega þrjú hundruð meðlimir í La Familia-klíkunni frá Mexíkó voru handteknir í Bandaríkjunum í vikunni í herferð lögregluyfirvalda gegn eiturlyfjasmyglurum.




Félagsmálaráðherra segir sjávarútveg og stóriðju vera í grátkór:

# Varist ginningar stóriðjunnar

**VINNUMARKAÐUR** Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra segir að ef sjávarútvegur og stóriðja geti ekki þolað hóflega innköllun veiðiheimilda og hóflega auðlindaskatta sé spurning hvort yfir höfuð hafi verið veðjað á réttan hest og ekki þurfi að leita annarra kosta um framtíðaratvinnuuppbyggingu. Þetta sagði hann í ræðu sinni á ársþingi ASÍ í gær.

Árni Páll sagði grátkór og kveinstafi útgerðar og álfyrirtækja verða háværari og ágengari á sama tíma og launafólk stillti kröfum sínum í hóf og sýndi þolgæði. Sjávarútvegurinn hefði notið ríkulegra ávaxta af stórfelldri gengisfellingu. „Afkomubati sjávarútvegsins á síðasta ári hleypur á tugum milljarða. Þessi afkomubati er fenginn með fórnum ykkar og ykkar félagsmanna,“ sagði ráðherrann við fulltrúa Alþýðusambandsins.

Þá sagði hann að ákvörðun umhverfisráðherra varðandi Suðvesturlínu myndi ekki tefja uppbygginu í Helguvík að neinu marki umfram þær tafir sem sköpuðust af skorti á fjármagni framkvæmdaaðila, vöntun á lánstrausti orkufyrirtækja og þeirri staðreynd að vafi léki á að fullnægjandi orkukostir væru til reiðu.



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON** Segir stóriðju vel þola hóflegan auðlindaskatt og sjávarútvegur þola hóflega innköllun veiðiheimilda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við eigum að standa með okkur sjálfum, setja viðskiptalífinu skýr mörk og verða ekki ginningarfífl stóriðju og útgerðarauðvalds með sama hætti og við eltum sérhagsmuni bankadrengjanna og útrásargosanna á undanförnum árum.“ **- kóp**


„Vegaaðstoð Sjóvá?
Ég er alveg rafmagnslaus.
Bobbinn fékk sér Candyfloss."
VEGAAÐSTOÐ SJÓVÁ
Þjónusta fyrir viðskiptavini í Stofni
Bensínlaus?
Straumlaus?
Sprungið dekk?
Hjálp með tjónaskýrsluna?
Vegaaðstoð Sjóvá er í boði á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi, Akureyri, Egilsstöðum,
í Reykjanesbæ, Borgarnesi og Hveragerði. Nánar á sjova.is.
440 2222
SJÓVÁ
STOFN

**GENGIÐ 22.10.2009**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,91 | 122,49 |
| Sterlingspund | 201,75 | 202,73 |
| Evra | 182,45 | 183,47 |
| Dönsk króna | 24,507 | 24,651 |
| Norsk króna | 21,857 | 21,985 |
| Sænsk króna | 17,635 | 17,739 |
| Japanskt jen | 1,3347 | 1,3425 |
| SDR | 194,55 | 195,71 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

234,4794

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



Um 39 þúsund manns hafa fengið séreignarsparnað greiddan út:

# Hámarksfjárhæð verði hækkuð

**SPARNAÐUR** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að til greina komi að framlengja þann tíma sem fólk eigi kost á að fá séreignarsparnað sinn greiddan út og hækka þá hámarksfjárhæð sem fólk geti tekið út.

Um 39.000 manns hafa nýtt sér heimild sem samþykkt var í mars á þessu ári til að taka út allt að eina milljón króna af séreignarsparnaði sínum á tólf mánaða tímabili. Heildargreiðslan nemur 21,6 milljörðum króna á árinu. Frestur til að sækja um heimildina rennur út 1. október á næsta ári. Áætlað var að heildarútgreiðsla á þeim tíma gæti numið 40 til 50 milljörðum króna.

Þetta kom fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, þingmanns Samfylkingarinnar, á Alþingi á miðvikudag.



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Af rúmlega 150.000 eigendum séreignarsparnaðar hafa 39.000 fengið hann greiddan út á árinu, allt að eina milljón króna hver.

Steinunn spurði hvort ráðherrann vildi beita sér fyrir því að framlengja heimildina og svaraði Steingrímur játandi; til greina kæmi að framlengja umsóknartímann, hækka heildarfjárhæðina eða lengja þann tíma sem dreifa mætti greiðslunum á.

Rúmlega 150.000 manns eiga séreignarsparnað í lífeyrissjóðum, þannig að um fjórðungur þeirra hefur fengið endurgreitt.

Steingrímur sagði að tekjuauki ríkis og sveitarfélaga vegna aukinna skatta af þessu væri um átta milljarðar króna á þessu ári. Ríkið hefði nýtt um þrjá milljarða af þeim 5,2 milljörðum sem runnu til þess í það að hækka vaxtabætur í ágúst á þessu ári.

Um 16.000 af þeim sem tekið hafa út séreignarsparnað eru viðskiptavinir Nýja Kaupþings. Berghildur Erla Bernharðsdóttir upplýsingafulltrúi segir að bankinn telji ekkert því til fyrirstöðu að framlengja tímann sem sjóðfélagar geta óskað eftir fyrirframgreiðslum úr séreignasjóðum. **- pg**

Endurteknar frestanir AGS:

## Engin skrifleg mótmæli send

**ALÞINGI** Íslensk stjórnvöld mótmæltu ekki bréflega endurteknum frestunum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og sjóðsins.



**ILLUGI GUNNARSSON**



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

Í það minnsta sagði Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra á þingi í gær að hann vissi ekki til þess að skrifleg mótmæli hefðu verið send, hvorki sjóðnum né yfirvöldum aðildarríkja hans. Hins vegar hefði mótmælum verið komið á framfæri á fundum, meðal annars á fundi Össurar með forstjóra sjóðsins.

Illugi Gunnarsson Sjálfstæðisflokki furðaði sig á þessum tíðindum enda hefði átt að mótmæla kröftuglega. Gaf hann lítið fyrir samtöl manna undir fjögur augu. **- bþs**

**HEILBRIGÐISMÁL**

### Einn af gjörgæslu

Einn þeirra sex sem lágu inni á gjörgæsludeild Landspítalans með svínaflensu er útskrifaður þaðan. Alls lá 31 sjúklingur með svínaflensu eða grun um smit á Landspítalanum í fyrradag. Aldursbil þeirra sem liggja inni er mjög vítt.

**LEIÐRÉTTING**

Formannskjör BSRB verður í dag en var ekki í gær eins og ranglega sagði í blaði gærdagsins.

# Hækki laun ekki gæti orðið verkfall

**Forseti ASÍ segir að ef kjarasamningum verði sagt upp og launahækkanir hafðar af láglaunafólki beiti verkalýðshreyfingin afli sínu. Þá hafi ríkisstjórnin unnið gegn stöðugleikasáttmálanum. Icesave hafi tafið nauðsynlega uppbygginguna.**

**VINNUMARKAÐUR** „Verði kjarasamningum sagt upp og réttmætar launahækkanir hafðar af láglaunafólki mun verkalýðshreyfingin beita afli sínu til þess að tryggja að til þeirra hækkana muni koma.“ Þetta sagði Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands (ASÍ), á ársfundi sambandsins. Gylfi sagði í samtali við Fréttablaðið að verkalýðshreyfingin hefði ýmis úrræði, en vildi ekki tjá sig um til hverra yrði gripið.

Fundurinn var settur í gær undir yfirskriftinni „Byggjum réttlátt þjóðfélag“, þekktri línu úr alþjóðasöng verkamanna, Nallanum. Gylfi kvartaði í ræðu sinni yfir því að stjórnvöld hefðu ekki aðhafst nóg síðan hrunið varð fyrir rúmu ári. Ýmsum áföngum hefði verið náð, ekki síst fyrir atbeina verkalýðshreyfingarinnar, en allt of lítið hefði áunnist. Mörg ljón hefðu staðið í vegi endurreisnarstarfsins, sem að mestu mætti rekja til pólitískrar upplausnar og úrræðaleysis.

Samstaða náðist um Stöðugleikasáttmála í lok júní og sagði Gylfi það mikilvægan áfanga. Oftsinnis hefði legið við uppsögn kjarasamninga af hálfu atvinnurekenda, en samningar hefðu náðst. Nokkurrar bjartsýni hefði gætt eftir undirritun samninganna og hagtölur hefðu bent til að samdrátturinn hefði orðið minni en búist var við.

„En þá hófst deilan um Icesave og vikurnar liðu og urðu að mánuðum og allt fraus.“ Ekki hefði tekist að ljúka endurfjármögnun



**ENGAR REFJAR** Formaður ASÍ fór ekki í grafgötur með að ástandið væri alvarlegt. Hann kallaði eftir skýrum aðgerðum stjórnvalda, en nokkuð hefði vantað upp á þær. Tíminn væri naumur; yrði kjarasamningum sagt upp kæmi til aðgerða verkalýðshreyfingarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Kjarasamningur okkar er nú í þriðja sinn á þessu ári kominn í uppnám…“
>
> **GYLFI ARNBJÖRNSSON**
> FORSETI ASÍ

banka, ekki náðst samstarf við lífeyrissjóðina og ekki tekist að tryggja Seðlabanka gjaldeyrisforða. Þá hefði ríkisstjórnin misst meirihluta sinn á Alþingi og úrskurður umhverfisráðherra sett framkvæmdir um gagnageymsluver í Keflavík og álver í Helguvík í uppnám.

Gylfi sagði afar bagalegt að endurskoðun efnahagsáætlunar ar landsins hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefði tafist um tíu mánuði.

„Tíminn er orðinn afar naumur og að óbreyttu blasir við að kjarasamningum verði sagt upp á þriðjudaginn kemur, þann 27. október, komi ekki skýr viðbrögð frá ríkisstjórninni. Hvort þetta tekst eða ekki er því miður óvíst og það eru bara fimm dagar til stefnu.

Kjarasamningur okkar er nú í þriðja sinn á þessu ári kominn í uppnám og langlundargeð gagnvart úrræðaleysi stjórnvalda í nánast öllum málum er að þrotum komið.“ **kolbeinn@frettabladid.is**



**KRÓNAN** Gengið hefur ekki verið sterkara síðan 6. október.

Krónan styrkist í þrjá daga:

## Féll um fimmtán prósent á ári

**GENGI** Gengi krónunnar styrktist um 0,1 prósent í gær og endaði gengisvísitalan í 233,4 stigum. Þetta er þriðji dagurinn í röð sem gengið styrkist og hefur það ekki verið sterkara síðan 6. október síðastliðinn.

Gengisvísitala krónunnar snerti 237 stigin 9. október síðastliðinn og hafði það þá ekki verið veikara á árinu. Fyrir ári stóð vísitalan í 202,8 stigum og hefur hún því fallið um fimmtán prósent síðan þá. Gengið var sterkast um miðjan mars á þessu ári en þá stóð það í 185 stigum. **- jab**

Uppgjör vegna prófkjöra:

## 172 eiga enn eftir að skila

**STJÓRNSÝSLA 148 af 320 þátttakendum í prófkjörum vegna alþingiskosninganna í apríl höfðu um miðjan dag í gær skilað Ríkisendurskoðun fjárhagslegum uppgjörum sínum.**

**Skilafrestur er til sunnudags. Frambjóðendum sem hafa meiri kostnað af prófkjörsbaráttu en 300 þúsund krónur ber að skila uppgjöri. Þeir sem vörðu minna þurfa að senda um það yfirlýsingu.**

**Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisendurskoðun mun taka um það bil viku að búa upplýsingarnar til opinberrar birtingar.** **- bþs**




## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
Veðurfréttamaður

**TÍÐINDALÍTIÐ**
Helgarhorfurnar eru ágætar. Áfram verða norðlægar áttir með fremur lítilli úrkomu allra nyrst. Sunnanlands verður bjart með köflum og jafnvel léttskýjuðu veðri um tíma. Hiti verður svipaður, það kólnar þó um nokkrar gráður og búast má við frosti inn til landsins.



**Á MORGUN**
5-10 m/s, hvassast NV-til.

**SUNNUDAGUR**
8-13 m/s NV-til, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 10° |
| Eindhoven | 15° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 17° |
| Mallorca | 23° |
| New York | 12° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 5° |
| París | 17° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




## SPÍNATFYLLTUR KJÚKLINGUR MEÐ BEIKONI OG SELLERÍMÚS fyrir 4

*að hætti Rikku*

1 msk ólífuolía
1 hvítlauksrif, smátt saxað
2 handfylli af spínati
4 kjúklingabringur
Pipar
8 sneiðar beikon
Olía til steikingar

SELLERÍMÚS
200 g sellerí, hreinsað og skorið í bita
200 g kartöflur, afhýddar og skornar í bita
2 msk volg mjólk
1 msk smjör
salt og pipar
1 ½ tsk smátt saxað ferskt rósmarín (má sleppa)

Hitið ólífuolíuna á pönnu og steikið hvítlaukinn ásamt spínatinu. Steikið þar til spínatið er orðið mjúkt. Skerið vasa í hlið hverrar bringu og fyllið með spínatinu. Kryddið bringurnar með pipar og vefjið beikoninu utan um þær. Steikið bringurnar upp úr smá olíu á pönnu við meðalhita í u.þ.b 6 mínútur á hvorri hlið.
Sjóðið selleríið og kartöflurnar í sitt hvorum pottinum þar til þær eru mjúkar í gegn. Sigtið vatnið frá og maukið selleríið og kartöflurnar saman ásamt mjólkinni, smjörinu og rósmaríninu, kryddið með salti og pipar.

559 kkal/ 28% RDA
Prótín: 26.7g/ 53% RDA
Fita: 34 g/ 53% RDA
Kolvetni: 36 g/ 12% RDA
C-vítamín: 18.2 mg/ 30% RDA
Seleníum: 42 mcg/ 61% RDA
Járn: 2.4 mg/ 13% RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.




**Púrtvínslegið lambafile**




**Svínalundir**
ferskar




**Nautagúllas**




**Ungnautahakk**

Earthbound Farm. ORGANIC



*Ferskt með flugi alla föstudaga!*




PRINGLES RICE SNAKK 399 kr/stk.



ALOE VERA DRYKKUR 229 kr/stk.




BOLLASÚPUR 3 TEG. 199 kr/stk.



PISTASÍU STYKKI 149 kr/stk.

ÓDÝRT Í HAGKAUP



RISA SAMLOKUBRAUÐ 199 kr/stk.




EGILS JÓLAÖL MALT & APPELSÍN 155 kr/stk.

EURO SHOPPER




SALERNISPAPPÍR 12 RÚLLUR 469 kr/pk.

24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Gildir til 25. október á meðan birgðir endast.

50 ára **HAGKAUP** *fyrir Íslendinga í 50 ár*

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú fengið svínaflensu?*

| | |
|---|---|
| Já | 9,3 |
| Nei | 90,7 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú samúð með íbúunum við Miklubraut vegna mengunar þar?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Vísir

Tímamótadómur féll í Hæstarétti í gær, að mati forstjóra Barnaverndarstofu:

# Fimm ára dómur fyrir að níðast á barni

**LÖGREGLUMÁL** Hæstiréttur dæmdi mann í fimm ára fangelsi í gær fyrir að níðast á dóttur sinni á árunum 2007 og 2008. Stúlkan var rúmlega tveggja ára þegar brotin hófust.

Héraðsdómur hafði áður talið tveggja ára dóm hæfilega refsingu, og dómskerfið hafnaði á sínum tíma beiðni barnaverndarnefndar um að forræði yrði tekið af foreldrunum.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir í viðtali við Stöð 2 að þessi dómur sé einsdæmi á Íslandi og víðar, því allajafna sé sönnunarbyrði mjög mikil í slíkum málum.

„Í þessu máli sýna dómstólar og réttarvörslukerfið að það getur tekist á við afskaplega flókin og erfið mál þar sem svo ung börn eiga hlut að máli. Þetta er gert af þvílíkri fagmennsku og ég bara tek hatt minn ofan fyrir þeim,“ segir Bragi.

Þar sem stúlkan var nærri ómálga þegar kært var gat hún ekki tjáð sig nema með mjög takmörkuðum hætti og ekki lágu fyrir óyggjandi læknisfræðileg sönnunargögn.

Dómurinn byggir meðal annars á því að stúlkan afklæddi dúkkur og sjálfa sig í viðtali við félagsmálayfirvöld, eftir að þau grunaði að eitthvað misjafnt hefði átt sér stað. Stúlkan lét þá eins og dúkkurnar hefðu samfarir og setti síðan aðra dúkkuna í klof sitt og hreyfði sig eins og hún væri að hafa samfarir.

Þá þótti framburður föður stúlkunnar ekki trúverðugur, en hann kenndi meðal annars Pólverjum um að henni liði illa. **- kóþ**



**FORSTJÓRI BARNAVERNDARSTOFU** Bragi Guðbrandsson segir það marka tímamót að fimm ára fangelsisdómur féll vegna brota gegn barni sem gat að takmörkuðu leyti tjáð sig um brotin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**Á FUNDI VIÐSKIPTARÁÐS** Í pallborði eru Frosti Ólafsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísbendingar, og Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. Í pontu er Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lífeyrissjóðir létti Icesave-greiðslur

**Fjármálaráðherra segir að með aðkomu lífeyrissjóða að greiðslu Icesave-skuldbindinga mætti draga úr vaxtakostnaði ríkisins. Stjórnvöld hafa síðan í september rætt við sjóðina um aðkomu þeirra að endurreisn efnahagslífsins.**

**EFNAHAGSMÁL** Draga mætti úr vaxtakostnaði ríkisins með aðkomu lífeyrissjóðanna að því að staðgreiða skuldbindingar vegna Icesave. Við þetta þyrftu skattar ekki að hækka jafnmikið og ella. Þetta sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra á fundi Viðskiptaráðs Íslands í gærmorgun um hlutverk lífeyrissjóðanna í endurreisninni.

Steingrímur segir umræðuna halda áfram, en í henni sé mikilvægt að velta upp ýmsum hugmyndum. „Jafnvel þeim að rætt verði við lífeyrissjóðina um að lækka pínulítið Icesave-reikninginn fyrir fram.“ Slíka fjárfestingu segir hann jafnvel geta verið á álitlegum kjörum fyrir lífeyrissjóðina.

Stjórnvöld hafa síðan í september átt í viðræðum við lífeyrissjóðina um mögulega aðkomu þeirra að margvíslegum verkefnum og segir Steingrímur þær vel á veg komnar. Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, gagnrýndi þó á fundinum að þær hefðu ekki hafist fyrr, því samkvæmt stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins hefði þeim átt að vera lokið 1. september.

Um áttatíu manns sóttu fund Viðskiptaráðs, en markmið hans var að ræða opinskátt og fordómalaust um hugmyndir sem fram hafa komið síðustu vikur og mánuði og snerta aðkomu sjóðanna að endurreisn efnahagslífsins. Steingrímur kvaðst til viðræðu um allar leiðir, svo fremi sem þær „hrófluðu ekki við grunntilveru lífeyrissjóðanna og gríðarmikilvægu hlutverki þeirra“.

Steingrímur vék einnig orðum að hugmyndum um að skattleggja iðgjöld fremur en greiðslur úr lífeyrissjóðum. „Á komandi árum og áratugum verða tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga gegnum vaxandi útgreiðslur lífeyris stigvaxandi tekjustofn og gera þeim kleift að ráða við sínar skuldir og axla verkefni. Þess vegna væri það stór og býsna afdrifarík ákvörðun að hverfa frá því að eiga þessar tekjur í vændum,“ sagði hann.

Í erindi Hrafns Magnússonar kom fram að lífeyrissjóðirnir sæju helst tækifæri í því að koma að fjármögnun einstakra verkefna, enda væri nú um mundir fátt um fína fjárfestingarkosti. Þá sagði hann aukna áhættu í því fólgna að lána ríkinu stórar fjárhæðir, en þar með væru fullmörg egg sjóðanna komin í sömu körfu. Þá mælti að hans mati margt á móti skattlagningu iðgjalda og ljóst er að hugmyndir um slíkt njóta ekki hljómgrunns innan sjóðanna. **olikr@frettabladid.is**




Stóraukin skattheimta ofan á aðrar álögur er ávísun á hættulegan samdrátt:

# Í hallæri er þörf á nýjum lausnum

**EFNAHAGSMÁL** Skattlagning iðgjalda í lífeyrissjóði er álitlegur kostur til að brúa hallann á tekjuhlið ríkissjóðs án þess að draga úr kaupgetu almennings. Þetta sagði Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri útgáfufélagsins Heims og ritstjóri Vísbendingar, á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs í gær.

„Við erum á ákveðnum krossgötum í efnahagslífinu og ríkið farið að skera niður. Menn hafa orðið fyrir miklum byrðum af hækkandi lánum, lækkandi launatekjum og af fleiri orsökum. Ef hækka á stórlega skatta almennings ofan á allt þetta þá mun það hafa veruleg áhrif á allt efnahagskerfið og valda mjög hættulegum samdrætti, á tímum þegar við þurfum síst á því að halda,“ sagði hann. Fremur en að kynna til sögunnar nýja skatta sagði Benedikt að ætti að hnika til í þeim skattstofnum sem þegar eru í notkun.



**BENEDIKT JÓHANNESSON**

Benedikt segist hins vegar meðvitaður um að skattlagning iðgjalda sé ekki gallalaus, svo sem vegna þess að tekjur séu færðar á milli kynslóða og lífeyrissjóðirnir hafi minna á milli handanna. Þá þurfi að skoða möguleikann á að gera breytinguna tímabundna, í fjögur til átta ár.

**LEIÐ TIL AUKINNA SKATTTEKNA ÁRIÐ 2010**

**Benedikt Jóhannesson segir eftirfarandi skattabreytingar valda minnstri röskun fyrir heimili og atvinnulíf og því betri en að kynna til sögu nýja skatta.**

| *Breyting* | *Tekjur í milljörðum kr.* |
|---|---|
| Skattlagning iðgjalda | 30 |
| 26,5% tekjuskattsprósenta | 10 |
| 26,5% virðisaukaskattur | 15 |
| Áhrif nýrra skatta 2009 | 10 |
| **Alls** | **65** |

„En hafi það farið fram hjá einhverjum þá er hallæri núna þannig að ef einhvern tímann er þörf á lausnum þá er það núna,“ segir Benedikt. **- óká**



# TILBOÐ Á INNRÉTTINGUM..!

**--- 20% AFSLÁTTUR**

*... þú færð það aðeins **betra** hjá* HTH



**20% afsláttur**

**af öllum *HTH* innréttingum!**

RAUÐA LÍNAN

**AEG**
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

**HTH eldhús sómir sér vel með hágæða heimilistækjum frá AEG Þér býðst allt að 30% afsláttur á AEG heimilistækjum þegar þú kaupir HTH eldhús innréttingu**

***Nýttu tækifærið núna og kauptu HTH innréttingu frá Ormsson með 20% afslætti.***
***Eldhús-, bað- og þvottahúsinnréttingar auk fataskápa.***

Innréttingar frá HTH eru lifandi dæmi um það allra besta í danskri hönnun – í senn sígild og nútímaleg, stílhrein og glæsileg. Við munum aðstoða þig við að hanna eldhús og aðrar innréttingar sem eru í senn hagnýtar og aðlaðandi.

***Í tilefni af 10 ára afmæli HTH hjá ORMSSON bjóðum við nú 20% afslátt af þessum glæsilegu innréttingum.***

**ORMSSON**

GERÐU KRÖFUR – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR
**LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800**

**SETTU ÞAÐ SAMAN** HTH

## *Af hverju að borga meira?*



ELDHÚSINNRÉTTINGAR



BAÐINNRÉTTINGAR

GULA LÍNAN



FATASKÁPAR

**20% afsláttur**

**af öllum *HTH* innréttingum!**



ÞVOTTAHÚSINNRÉTTINGAR

## TILBÚNAR INNRÉTTINGAR – TIL AFGREIÐSLU BEINT AF LAGER

Gæði innréttinga í gulu línunni ***SETTU ÞAÐ SAMAN*** eru á engan hátt lakari en þeirra í rauðu línunni. ***SETTU ÞAÐ SAMAN*** eru mun ódýrari innréttingar og fellst verðmunurinn einkum í því, að þær eru seldar ósamsettar beint af lager og krefjast því bara hóflegrar handlægni og dálítils dugnaðar. Báðar styðjast línurnar við hið danska ***HTH*** hugvit, smekkvísi og gæði, en úrvalið í rauðu línunni er yfirgripsmeira og þar er einnig hærra þjónustustig.

***Gullið tækifæri að endurnýja! – 20% afsláttur.***

**ORMSSON**

SÖLUSTAÐIR:
- SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 & 530 2908
- MODEL–AKRANESI · SÍMI 431 3333
- RADIONAUST–AKUREYRI · SÍMI 461 5003
- ÁRVIRKINN–SELFOSSI · SÍMI 480 1160
- LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvenær á að taka endurskoðaða áætlun Íslands fyrir á stjórnarfundi AGS?*

2 *Hvað hefur Liverpool nú tapað mörgum leikjum í röð?*

3 *Hvaða íslenska söngkona reynir nú fyrir sér í sænska Eurovision?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Smádýr sem geta haft áhrif á heilsu fólks hafa numið hér land vegna hlýnunar:

# Barn sýktist af völdum skógarmítils

**HEILBRIGÐISMÁL** Barn á höfuðborgarsvæðinu sýktist nýverið af völdum skógarmítils. Sýkingin greindist í tæka tíð og gengst barnið undir viðeigandi meðferð.

Ef sýking af völdum skógarmítils greinist ekki geta hlotist af alvarleg veikindi. Veiran leggst á taugakerfið og getur skaðað bæði mænu og heila.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins á ekkert af þessu við um tilvikið sem greinst hefur hér; talið er víst að barnið nái sér að fullu.

Erling Ólafsson, skordýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, segir að skógarmítill hafi tekið sér bólfestu á Íslandi með hlýnandi loftslagi. Honum hafi um leið fjölgað mjög annars staðar á Norðurlöndunum. Erling segir að í ljósi aðstæðna hafi aðeins verið tímaspursmál hvenær sýkingartilfelli kæmi upp. Kveðst hann óttast að heilbrigðiskerfið sé almennt ekki búið undir að takast á við þetta nýja vandamál.

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks og fyrrverandi heilbrigðisráðherra, deilir þeim áhyggjum með Erling. Hefur hún lagt fram fyrirspurn um málið til heilbrigðisráðherra. „Þetta er vandamál sem er að festa rætur og ég tel mikilvægt að heilbrigðisþjónustan geti greint þau tilvik sem koma upp og almenningur sé á varðbergi,“ segir Siv. **- bþs**

### SKÓGARMÍTILL

Skógarmítill er blóðsuga á spendýrum sem heldur sig í gróðri, einkum í skógarbotnum. Þegar hann vantar blóð skríður hann upp í gróðurinn og krækir sig við blóðgjafa, sem er oftast meðalstórt eða stórt spendýr. Lífshættir skógarmítils á Íslandi eru ókannaðir en flestir hafa fundist á mönnum og hundum. Skógarmítlar hafa fundist hér frá því snemma sumars.

Auglýst eftir gagnrýnanda:

# Margir vilja meta marijúana

**FJÖLMIÐLAR Um hundrað manns hafa sótt um að gerast „marijúana-gagnrýnendur“ fyrir bandaríska dagblaðið Westword, sem kemur út í Denver í Colorado í Bandaríkjunum. Colorado er eitt 14 ríkja Bandaríkjanna sem leyfa sölu á kannabisefnum til lækninga. Gagnrýnandinn þarf því að vera haldinn kvilla, geti fengið lyfin löglega og borgi þau sjálfur.**

**„Þetta snýst ekki um að meta gæði lyfsins, heldur um að meta gæði stofnunarinnar [sem selur það],“ segir í tilkynningu: „Við getum ekki verið með gagnrýnanda sem er skakkur allan tímann.“ BBC greinir frá þessu. - kóþ**








**REYKJANESBÆR** Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir reksturinn árið 2008 valda miklum vanda nú. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Staða sex sveitarfélaga þykir alvarleg

**Sex sveitarfélög eru til skoðunar hjá nefnd um fjármál sveitarfélaga. Skuldir á íbúa eru þar margfalt hærri en á landsvísu. Álftnesingar skulda þrefalt meira en landsmenn að meðaltali og þykir þar stefna í óefni.**

**FJÁRMÁL** Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur sent sex sveitarfélögum erindi vegna slæmrar fjárhagsstöðu sem fram kemur í ársreikningum fyrir árið 2008. Skuldir á íbúa þar eru frá því að vera tvöfalt hærri en að meðaltali í landinu í að vera tæplega þrefalt hærri.

Sveitarfélögin eru: Álftanes, Fjarðabyggð, Reykjanesbær, Borgarbyggð, Hafnarfjarðarbær og Grundarfjarðarbær. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að sveitarfélögin gætu orðið fleiri.

Staða Álftaness er verst, en heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins nema um tveimur milljónum króna á íbúa. Sama tala á landinu er að meðaltali 700 þúsund. Álftnesingar skulda því tæplega þrefalt meira en landsmenn að meðaltali. Í bréfi nefndarinnar til sveitarfélagsins segir að ekki verði annað séð en að fjármál sveitarfélagsins stefni í óefni.

Skuldir og skuldbindingar Fjarðabyggðar nema 1.750 þúsund krónum á hvern íbúa, 1.598 í Reykjanesbæ, 1.349 í Hafnarfirði, 1.444 í Borgarbyggð og 1.337 í Grundarfirði.

Inni í þessum tölum eru í einhverjum tilvikum skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga. Með því er átt við það þegar einkaaðilar reisa eða kaupa mannvirki og bæjarfélagið gerir leigusamninga til láns tíma. Þessar skuldbindingar eru hæstar í Reykjanesbæ, tæpir tólf milljarðar króna, en þar seldi bæjarfélagið ýmis mannvirki.

Kristinn Guðlaugsson, forseti bæjarstjórnar Álftaness, segir stöðuna staðfestingu á gagnrýni á störf fyrri meirihluta, en meirihlutaskipti urðu þar á dögunum. Hann segir landakaup skýra slæma skuldastöðu að mestu leyti og þá sé rekstrarleiga nýrrar sundlaugar íþyngjandi.

Lán sveitarfélagsins voru gengistryggð og rekstrarleigan er það einnig. „Með skatttekjum eigum við að geta rekið grunnþjónustu sveitarfélagsins. En leiðrétting varðandi gengið verður að koma frá ríkisstjórninni.“

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir rekstur ársins 2008 valda sérstökum vandræðum nú. Gjöld hafi verið töluvert umfram tekjur og svo hafi bæjarfélagið brugðist fljótt við atvinnuleysi og aukið framkvæmdir. **- kóp**






Sérsmíðaður stóll og rúm fyrir hávaxnasta mann heims á Hótel Loftleiðum:

# Rúm Kösens 1,60 sinnum 2,70

**FÓLK** „Auðvitað er þetta ansi stuttur fyrirvari, en maður hleypur nú til fyrir góða kúnna,“ segir Birna Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjá RB-Rúmum í Hafnarfirði. Fyrirtækið lauk í gær við smíði á rúmi fyrir hæsta mann heims, hinn tyrkneska Sultan Kösen, sem kom til landsins í gær í tilefni af útkomu nýjustu heimsmetabókar Guinness. Fréttablaðið sagði frá því í gær að GÁ Húsgögn hefðu sérsmíðað stól fyrir Kösen.

Rúmið sem RB-Rúm smíðuðu fyrir kappann er 1,60 metrar á breidd og 2,70 metrar á lengd en Kösen er sjálfur tæplega tveir og hálfur metri á hæð. Rúminu og stólnum var komið fyrir í herbergi á Hótel Loftleiðum í gær, en þar mun Kösen dvelja meðan á heimsókn hans stendur. **- kg**



**UPPBÚIÐ RÚM** Starfsmaður Hótels Loftleiða mátaði rúm Sultans Kösen í gær og eins og sést er plássið yfrið. FRÉTTABLAÐIÐ PJETUR




GUL, GRÆN, GALA, RAUÐ STARK, FUJI OG MODY

# EPLADAGAR!

**129 kr/kg**

**TILBOÐ**

## *Ódýrt að versla!*

40% afsláttur

GOÐI

GRÍSAHNAKKI

**1.379 kr/kg**

~~2.298 kr/kg~~

30% afsláttur

KJÖTSEL

KREBENETTUR Í RASPI

**909 kr/kg**

~~1.298 kr/kg~~

30% afsláttur

KJÚKLINGABRINGUR, 3 stk.

**1.399 kr/kg**

~~1.998 kr/kg~~

30% afsláttur

KJÖTSEL

BAYONNESKINKA

**1.329 kr/kg**

~~1.898 kr/kg~~

28% afsláttur

GOÐI

LAMBASÚPUKJÖT, BLANDAÐ

**496 kr/kg**

~~689 kr/kg~~

GOÐI

HAMBORGARAR 2x175g

**398 kr/pk**

~~568 kr/pk~~

30% afsláttur

CALYPSO, 100% APPELSÍNUSAFI
án allra aukaefna, 200ml

**59 kr/stk.**

BATCHELORS NÚÐLUR

**99 kr/stk.**

SNÚÐAR , 500g
með sultu eða súkkulaði

**398 kr/pk.**

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 23. - 25. október eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**nettó**
*Ódýrt fyrir heimilið!*

PIPAR • SÍA • 91340



oryggi.is

Hollráð gegn innbrotum

Stigar og verkfæri til innbrota

Læsið inni stiga og önnur verkfæri sem hægt er að nota til innbrota.
*Fleiri hollráð gegn innbrotum er að finna á oryggi.is*

Hringdu í 570 2400 og fáðu ókeypis öryggisráðgjöf heim!

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN



N1

Þeir sem skrá sig í Sparitilboð N1 á n1.is fá veglegan afslátt

Hjólbarða-þjónusta -15%

Láttu ekki veturinn koma þér á óvart!

Frábært úrval af dekkjum, dekkjahótel og betri þjónusta

Þú færð skjóta og góða hjólbarðaþjónustu hjá N1. Við bjóðum upp á eitt mesta úrval landsins af hjólbörðum og geymum sumardekkin á dekkjahóteli fyrir þá sem vilja. **Renndu við hjá okkur þegar þér hentar, við tökum vel á móti þér!**

Hjólbarðaþjónusta N1 er að finna víða á höfuðborgarsvæðinu og á völdum stöðum á landsbyggðinni.

WWW.N1.IS

## Auglýsing um álagningu opinberra gjalda á lögaðila árið 2009

Hér með er auglýst að álagningu opinberra gjalda á árinu 2009 er lokið á alla lögaðila sem skattskyldir eru samkvæmt I. kafla laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, með síðari breytingum, sem og aðra sem lagt er á í samræmi við VIII. – XIV. kafla tilvitnaðra laga. Jafnframt er lokið álagningu á lögaðila, sem skattskyldir eru af fjármagnstekjum samkvæmt ákvæði 4. mgr. 71. gr. laganna.

**Álagningarskrár** með gjöldum lögaðila verða lagðar fram í öllum skattumdæmum í dag, föstudaginn 30. október 2009. Skrárnar liggja frammi til sýnis á skattstofu hvers skattumdæmis og hjá umboðsmönnum skattstjóra eða á sérstaklega auglýstum stöðum í hverju sveitarfélagi dagana 30. október til 13. nóvember nk. að báðum dögum meðtöldum.

**Álagningarseðlar**, er sýna álögð opinber gjöld lögaðila, hafa verið póstlagðir.

**Kærur** vegna allra álagðra opinberra gjalda 2009 samkvæmt ofangreindu skulu hafa borist skattstjóra eigi síðar en mánudaginn 30. nóvember 2009.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt ákvæði 1. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

*30. október 2009.*

**Skattstjórinn í Reykjavík**, Gestur Steinþórsson
**Skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi**, Stefán Skjaldarson
**Skattstjórinn í Vestfjarðaumdæmi**, Rósa Helga Ingólfsdóttir
**Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi vestra**, Hanna Björnsdóttir
**Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra**, Gunnar Karlsson
**Skattstjórinn í Austurlandsumdæmi**, Karl S. Lauritzson
**Skattstjórinn í Suðurlandsumdæmi**, Steinþór Haraldsson
**Skattstjórinn í Vestmannaeyjum**, Ingi T. Björnsson
**Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi**, Sigmundur Stefánsson

Tímamótafundur erkifjenda, ef satt er:

# Íran og Ísrael sögð í kjarnorkuviðræðum

**ÍSRAEL** Hátt settir Íranar og Ísraelar eiga að hafa hist í síðasta mánuði til að ræða um afvopnun og um að stemma stigu við útbreiðslu kjarnavopna.

Þetta hefur breska ríkisútvarpið eftir ísraelskum embættismönnum, en Íranar neita staðhæfingunum. Ríkin hafa ekki fundað opinberlega síðan 1979.

„Þessi lygi er í ætt við sálfræðilegar aðgerðir sem miða að því að vinda ofan af stöðugri velgengni íransks ríkiserindrekstrar,“ segir Ali Ashgar Soltanieh, sendiherra Írana gagnvart Kjarnorkueftirlitsstofnun Sameinuðu þjóðanna.

Ísraelska blaðið Haaretz hefur einnig greint frá fundi embættismanna ríkjanna, en Íranar hafa lengi sniðgengið Ísraela á alþjóðavettvangi.

- kóþ




**LÖGREGLAN HENDIR MÓTMÆLENDUM ÚT** Margir Bretar eru ósáttir við að formanni kynþáttahyggjuflokks sé hleypt í vinsælasta stjórnmálaþáttinn á BBC. Formaðurinn telur að útsendingin geri flokknum gott. NORDICHOTOS/AFP

# Brotist inn í BBC vegna útsendingar

## Hundruð mótmæltu við höfuðstöðvar BBC í gær um leið og formaður Breska þjóðarflokksins var þar í útsendingu.

**FJÖLMIÐLAR** Til átaka kom milli annars vegar lögreglu og öryggisvarða breska ríkisútvarpsins og hins vegar andstæðinga BNP, Breska þjóðarflokksins, þegar formaður flokksins, Nick Griffin, kom þangað í viðtal í gær.

Hundruð manna mótmæltu þar ákvörðun BBC um að hleypa Griffin í þáttinn Question Time, því að með því að hleypa honum á ræðupall þjóðmálaumræðunnar væri ríkisútvarpið að taka málstað hans gildan.

Griffin hefur verið nafnkunnur í Bretlandi síðan í lok tíunda áratugarins þegar hann var dæmdur fyrir að ýta undir kynþáttahatur með því að afneita helför gyðinga. Hann slapp hins vegar við dóm þegar hann kallaði íslamstrú „ill og grimmileg trúarbrögð“. Fólk sem ekki er hvítt á hörund má ekki ganga í Breska þjóðarflokkinn.

Question Time, eða Spurningastundin, er vinsælasti stjórnmálaþáttur bresks sjónvarps og hefur ákvörðun BBC verið borin saman við það þegar Jean-Marie Le Pen komst í svipaðan þátt í franska sjónvarpinu á níunda áratugnum. Le Pen hefur síðan þakkað þeirri útsendingu velgengni sína í frönskum stjórnmálum, en hann er þekktur fyrir kynþáttahyggju.

Sjálfur er Griffin ekki í vafa um gildi útsendingarinnar. „Þetta gæti orðið lykilstundin, sem skýtur Breska þjóðarflokknum upp á stjörnuhimininn,“ segir hann.

Mark Thompson, yfirmaður hjá BBC, segir að ákall um að meina Griffin að tala í sjónvarpinu sé ákall um ritskoðun. BBC verði að gæta hlutleysis, að minnsta kosti svo lengi sem breska ríkisstjórnin banni ekki flokkinn, en stjórnin bannaði til dæmis írska flokkinn Sinn Fein á sínum tíma.

Thompson bendir á að Þjóðarflokkurinn hafi sex prósent atkvæða og tvo þingmenn á Evrópuþinginu. Ekki sé ólíklegt að flokkur af þeirri stærð hefði allajafna fengið að koma fram í þættinum, en áður hafa smáflokkar svo sem Respect, sem berst gegn Íraksstríðinu, birst þar á skjánum. klemens@frettabladid.is

Heimilisfaðir ákærður:

## Má ekki laga kaffi nakinn

**BANDARÍKIN** Bandarískur maður hefur verið handtekinn fyrir að vera nakinn þegar hann var að laga kaffi í eldhúsinu á heimili sínu snemma morguns.

Kona sem átti leið framhjá húsi Ericks Williamson ásamt sjö ára syni sínum sá hann inn um eldhúsgluggann. Hún hringdi samstundis í lögregluna. Williamson kveðst hafa verið einn heima þegar hann vappaði berrassaður niður í eldhús til að fá sér kaffi. Ef einhver hafi séð hann beran í eldhúsinu hafi það verið slysni.

Lögreglan ætlar að leggja fram ákæru sem gæti kostað Williamson eins árs fangelsi.

Hálendisvakt björgunarsveitanna var mun oftar beðin um aðstoð í sumar en á síðustu árum:

# Nítján aðstoðarbeiðnir að meðaltali á dag

**ÖRYGGISMÁL** Hálendisvakt björgunarsveitanna fékk ríflega 900 aðstoðarbeiðnir á sjö vikna starfstímabili sínu í sumar, sem samsvarar um nítján beiðnum á dag. Alls voru 144 einstaklingar í 23 björgunarsveitum til taks til að bregðast við beiðnunum.

Árið á undan var beðið um aðstoð 367 sinnum.

Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Landsbjargar, rekur þessa miklu aukningu til stóraukins straums ferðamanna um hálendið, sérstaklega erlendra.

„Fólk fer oft á hálendið með glórulausar áætlanir," segir hann. Verkefni Hálendisvaktarinnar, sem er skilgreint sem slysavarnaverkefni, hafi því fólgist í að meta aðstæður fyrir fólk og tryggja öryggi, til dæmis þegar farið sé yfir ár og vötn. Oft þurfi einnig að draga bíla í land og aðstoða fólk við að rata.

Kristinn segir að því fylgi ábyrgð að taka á móti ferðamönnum. Ekki þyki gott til afspurnar þegar þeir týnist og finnast ekki aftur. Dæmi um þetta hafi til að mynda haft bein áhrif á straum japanskra ferðamanna til Nýja-Sjálands.

Meðal annarra verkefna Hálendisvaktarinnar er að stöðva akstur utan vega, en vaktin starfar meðal annars með Vegagerðinni og Umhverfisstofnun. - kóþ



**SKIPT UM HEST** Hálendisvaktin undirbýr hér að draga jeppa úr á, en bílstjóri jeppans hafði víst eitthvað misreiknað sig. MYND/LANDSBJÖRG



**FYRIRLIÐINN** Michael Ballack er undir það búinn að klæðast skotheldu vesti í Suður-Afríku á næsta ári.

Þýska fótboltalandsliðið:

## Í skotheldum vestum á HM

**ÞÝSKALAND** Leikmönnum þýska landsliðsins í fótbolta hefur verið sagt að vera undir það búnir að ganga í skotheldum vestum á heimsmeistaramótinu í Suður-Afríku á næsta ári.

Ekki verður þó ætlast til þess að þeir klæðist vestunum þegar þeir eru að spila heldur aðeins ef þeir fara eitthvert út af lúxushótelinu sem þeir munu dvelja á.

Glæpatíðni í Suður-Afríku er svo yfirgengileg að ekki þykir óhætt að láta rándýra leikmenn ganga þar lausa. Líklegt er að þeir fái jafnvel vopnaða verði með sér ef þeir bregða sér í bæinn. - ót

**DÓMSMÁL**

### Fékk átta mánaða dóm

Karlmaður hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir fíkniefnabrot. Hann var tekinn með rúm þrjátíu grömm samtals af amfetamíni, hassi og kókaíni og eina hassplöntu. Maðurinn var á skilorði en hann hafði áður fengið dóm fyrir fíkniefnalagabrot.

### Stórfelld skattsvik

Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir stórfelld skattsvik. Hann játaði brot sín greiðlega. Honum var einnig gert að greiða um 45 milljónir króna í sekt til ríkissjóðs.

ARNFIRÐINGAFÉLAGIÐ
HAUSTFAGNAÐUR
Laugardaginn 24. október
Stangarhyl 4, Rvk.
í sal Fél. eldri borgara
Húsið opnar kl. 20.30
Tónlist og gleði að arnfirskum sið!
ARNFIRÐINGAFÉLAGIÐ
HAUSTFAGNAÐUR





**BLÁAR RÓSIR** Með aðstoð erfðafræðinnar hafa í fyrsta sinn verið ræktaðar bláar rósir. Framleiðandinn er japanskt fyrirtæki, Suntory, sem setur þær á markað í næsta mánuði.

NORDICPHOTOS/AFP

Flosi Ólafsson lenti í bílslysi:

## Slasaður en ekki í lífshættu

**SLYS** Flosi Ólafsson, leikari og rithöfundur, slasaðist í gær þegar hann lenti í bílveltu skammt frá Borgarfjarðarbrúnni. Flosi var að koma frá Reykjavík og á leið til heimilis síns í Reykholtsdal.



**FLOSI ÓLAFSSON**

Að sögn Ólafs Flosasonar, sonar hans, fór stór vörubíll fram úr honum og við það missti Flosi stjórn á bílnum. Bíllinn fór þrjár veltur. Flosi var fluttur á almenna deild á Landspítalanum í gær. Hann skarst töluvert mikið á líkamanum, braut nokkur rifbein og hlaut minni háttar höfuðmeiðsl.

Flosi verður áttræður næsta þriðjudag.

# Líður betur í kreppunni

**Íslenskum börnum líður betur í dag en í góðærinu fyrir þremur árum. Sú er niðurstaða nýrrar rannsóknar. Vond áhrif kreppunnar koma ekki fram í rannsókninni Ungt fólk sem kynnt var í gær.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Skýrar vísbendingar eru um að íslenskum börnum líði betur í ár en fyrir þremur árum. Af umfangsmikilli könnun á hegðun og líðan barna í fimmta til tíunda bekk grunnskóla má draga þessar niðurstöður, segir einn höfunda rannsóknarinnar, Álfgeir Logi Kristjánsson.

„Krakkar eyða meiri tíma með foreldrum sínum og stuðningur og eftirlit foreldra með börnum og unglingum hefur aukist. Við erum alltaf að leita að hinu neikvæða en í rannsókninni okkar eru einungis jákvæðar vísbendingar um hegðun og líðan barna.“ Álfgeir segir rannsóknina ekki benda til þess að dregið hafi úr tómstundaiðkun barna.

„Mikið hefur verið talað um svokölluð kreppuáhrif, að kreppan hafi vond áhrif á líðan barna, en við sjáum þau ekki birtast í þessari rannsókn. Þvert á móti finnst börnum greinilega að haldið sé fastar utan um þau í dag. Fleiri upplifðu öryggi í þenslunni.“

Rannsóknin sem kynnt var í gær er framhald rannsóknar sem unnin hefur verið fyrir menntamálaráðuneytið frá árinu 1992 af fyrirtækinu Rannsóknir og greining. Hún byggist á umfangsmiklum spurningalistum sem lagðir eru fyrir börn í skólum. Svörunin er yfir 85 prósent. Spurningalistarnir voru lagðir fyrir börnin í febrúar, að búsáhaldabyltingunni nýafstaðinni. Umrót í stjórnmálum virðist ekki hafa haft áhrif á börnin.

„Við virðumst hafa náð að halda vel utan um krakkana okkar; foreldrar verja meiri tíma með börnum, færri börnum líður illa og færri eru einmana, svefnvana og óörugg,“ segir Margrét Lilja Guðmundsdóttir, annar skýrsluhöfundanna. „Einnig höfðu færri unglingar rifist við foreldra sína eða séð þá rífast í aðdraganda könnunarinnar.“ **sigridur@frettabladid.is**



**BÖRNUM LÍÐUR BETUR** Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Álfgeir Logi Kristjánsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### FÆRRI DREKKA

Vímuefnaneysla unglinga hefur verið könnuð reglulega frá árinu 1998. Það ár voru ríflega 40 prósent unglinga í tíunda bekk sem höfðu orðið drukkin á undangengnum mánuði. Síðan þá hefur þetta hlutfall lækkað. Sama gildir um reykingar. Árið 1998 reykti ríflega fimmtungur krakka í tíunda bekk en í ár er hlutfallið tíu prósent.










IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi
Gerið samanburð
Fyrst og fremst
í heilsudýnum
PROFLEX
Mest selda stillanlega rúmið hjá
Svefn & heilsu
Einföld og þægileg stýring, mýkra axlasvæði
og stillanlegt mjóbakssvæði
Tilboðsverð á hjónarúmum frá 329.900,-
Nýr Wallhugger
með IQ-CARE heilsudýnu
Wallhugger er framleitt af Leggett & Platt
sem er stærsti framleiðandi í heimi
á stillanlegum rúmum
Tilboðsverð á hjónarúmum frá 459.900,-
S-CAPE
WALLHUGGER
Sá besti frá Leggett
Þráðlaus fjarstýring, sér stilling fyrir höfuðlag,
nudd, sterkur stálgrindarbotn og margt fleira.
Tilboðsverð á hjónarúmum frá 559.920,-
IQ-CARE
Tilboð
IQ-CARE firm Cal King 183x213 með botnum og pífu
Nú aðeins 199.900,- Verð áður 266.800,-
50% afsláttur
af pífum margar stærðir
Svefnsófar
Íslensk framleiðsla
Margir litir
Íslenskar sængur og koddar frá
DÚN & FIÐUR
Umboðsaðili fyrir
IRobot
Hreinasta snilld
hreint og betra loft
Baldursnesi 6
AKUREYRI
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal
REYKJAVÍK
6 mán. vaxtalausar greiðslur
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00
www.svefn.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
268
K.S FROSIN LAMBASVIÐ 268 kr.kg.
598
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
598 kr.kg
998
ALI FERSKAR ÚRBEINAÐAR
HNAKKASNEIÐAR 998 kr.kg.
159
BÓNUS NÝBAKAÐIR SNÚÐAR 159 kr.
398
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 398 kr.kg.
179
MYLLU SAMLOKUBRAUÐ 770G 179 kr.
839
SS SÆNSKAR KJÖTBOLLUR
MERKT VERÐ 1198 KR. 30% AFSLÁTTUR
839 kr.kg.
25%
AFSLÁTTUR
OS GOUDA OSTUR 26%
MERKT VERÐ 1296 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR 972 kr.kg.
898
BÓNUS HAMBORGARHRYGGIR
MERKT VERÐ 1198 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR 898 kr.kg.
298
GRÍSASKANKAR SALTAÐIR
298 kr.kg.
595
KELLOGG'S KORNFLEKS
750G 595 kr.
109
SVALI 3 X 250ML 109 kr.
298
DILETTO KAFFI: BAUNIR & MALAÐ
400G 298 kr.
259
MYLLU
AFMÆLIS-SKÚFFUKAKA
380g 259 kr.
398
KELLOGG'S SPECIAL K-BAR
6 STK 398 kr.
1698
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
1698 kr.kg.
498
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
498 kr.kg.
498
BÓNUS FERSK KJÚKLINGALÆRI
498 kr.kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00 -19.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
598
JOHNSON BARNASJAMPÓ
750ml 598 kr.
898
HELEN HARPER BUXNABLEIUR
898 kr. pk. 8-13 kg. 22 stk.
12-18 kg. 20 stk - 16 kg+ 18 stk.
NÝTT Í BÓNUS
1698
PAMPERS BLEIUR SIMPLY DRY 1698 kr.pk.
8-15% LÆGRA VERÐ
STÆRÐIR: JUNIOR 44 STK.- MIDI 60 STK. - MAXI 50 STK. -
NÝTT Í BÓNUS
109
BRAZZI 1 LTR. 109 kr.
APPELSÍNU OG EPLA.
159
179 kr. 2 ltr.
FANTA 2 LTR. 159 kr.
398
K.F NÝTT KJÖTFARS
398 kr.kg.
398
ATHENA BEAUTÉ 898 kr. RAKAGEFANDI
NÆTURKREM- HRUKKEYÐANDI KREM
245
PAMPERS SIMPLY CLEAN BLAUTÞURRKUR
72 STK / 245 kr.
498
N.V NAUTABORGARAR
4 STK M.BRAUÐI 498 kr.
259
ÍTALSKT SALAT 100 GRÖMM 259 kr.
1598
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1598 kr.kg.
Nautaveisla
Ferskt nautahakk
898
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
898 kr.kg.
Nautaveisla
1798
NAUTAVEISLU FERSK NAUTAPIPARSTEIK
1798 kr.kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00 -19.30

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Höldum verknaðarábyrgðinni í hruninu til haga.

# Ekki drepa málum á dreif

**JÓN SIGURÐSSON SKRIFAR**

Yfir þjóðina rignir blaðagreinum, sjónvarpsþáttum og bókum um bankahrunið. Innan um annað hefur ýmislegt skynsamlegt og sannfærandi verið sagt um þessa atburði. Þó mun nokkuð enn líða áður en vænta má viðhlítandi skýringa.

Sumir reyna að dreifa ábyrgðinni sem fjærst frá bönkunum sjálfum. Menn teygja sig mörg ár aftur í tímann og vilja draga embættismenn, stjórnmálamenn og fjölmiðla til mestu ábyrgðar en virðast þá gera miklu minna úr þætti sem sjálfir stjórnendur bankanna áttu að málum. Sannleikurinn er sá að hér koma mismunandi tegundir ábyrgðar við sögu. Eftirlitsábyrgð opinberra stofnana er ótvíræð. En hún er ekki sama og sjálf verknaðarábyrgð þeirra sem stýrðu bönkunum fram af brúninni með beinum ákvörðunum og athöfnum. Með þessu er ekki gert lítið úr ábyrgð eftirlitsstofnana, en minnt á mikilvægi þess að rugla ekki saman eftirlitsábyrgð og sjálfri verknaðarábyrgðinni.

Löggiltir endurskoðendur sem störfuðu fyrir bankana bera þunga ábyrgð. Þessi stétt hefur lögverndaða aðstöðu og völd í viðskiptalífinu. Næst bankastjórum hefur traust og virðing endurskoðenda orðið fyrir verulegum hnekki. Ástæða er til að ætla að stétt endurskoðenda hljóti að hefja altæka eigin endurskoðun á störfum og stöðu stéttarinnar í kjölfar hrunsins.

Stjórnmálamenn bera ábyrgð á löggjöf, fjárveitingum, regluumhverfi og almennri hagstjórn. Á undanförnum árum hefur verið búið svo um hnútana að ráðherrar eru algerlega háðir upplýsingum frá eftirlitsstofnunum varðandi stöðu og horfur í fjármálakerfinu. Þetta var gert til þess að koma í veg fyrir óæskileg bein afskipti stjórnmálamanna af störfum eftirlitsstofnana. Nú er fram undan að draga lærdóm af atburðunum, líka varðandi hlutverk og aðstöðu stjórnmálamanna.

Í fyrra varð tvöfalt hrun í fjármálakerfinu á Íslandi. Um vorið hrundi íslenska krónan og öll fjármála- og bankastarfsemi í landinu lenti í hringiðu vaxandi erfiðleika. Verðbólga, viðskiptahalli, háir vextir, almenn skuldasöfnun og áhættusækni ásamt græðgisæði útrásarinnar eru nefnd sem skýringar á þessum atburðum. Til viðbótar breyttist Icesave Landsbankans í ófreskju um vorið og sumarið í fyrra. Ekki er óeðlilegt að stjórnvöld séu sökuð um tafir og mistök á þessum tíma.

Bankahrunið um haustið í fyrra kom síðan eins og elding niður í þennan svelg og hleypti öllu í bál og brand. En hrunið um vorið leiddi ekki óhjákvæmilega til allsherjarhruns í íslensku fjármálakerfi. Um bankahrunið eru einnig sérstakar skýringar og ástæður, sumar nátengdar því sem áður hafði gerst en aðrar síður. Líklega var hrun krónunnar um vorið að mestu leyti heimatilbúið, en erlend áhrif koma meira við sögu í kerfishruninu í september og október. Þar skiptir fólskuleg árás Bretastjórnar miklu máli. Vanmáttur og mistök íslenskra stjórnvalda höfðu líka sitt að segja.

Í frjálsu þjóðfélagi er völdum, frelsi og ábyrgð dreift. Ekki má gleyma ábyrgð embættis- og stjórnmálamanna. En skýringartilraunir um bankahrunið mega ekki verða til þess að beina athyglinni frá þeirri staðreynd að stjórnendur bankanna sjálfir misfóru með völd sín, frelsi og ábyrgð ásamt helstu eigendum, samstarfsmönnum og útrásarvíkingum. Þeir bera verknaðarábyrgðina.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allt í beinni
Enn og aftur er komin fram þingsályktunartillaga þess efnis að Alþingi komi sér upp útvarpssendakerfi um allt land og sendi út þingfundi í beinum útsendingum. Davíð Stefánsson er fyrsti flutningsmaður. Vitaskuld væri það frábær þjónusta en sá hængur er á að slíkt sendanet kostar tugi milljóna króna. Gagnlegt væri að flutningsmenn tillögunnar upplýstu hvaðan þeir vilja taka þá peninga. Úr heilbrigðiskerfinu kannski? Annars segja þeir um útsendingarnar að þær væru í anda þess sem segir í stjórnarskránni um að fundir Alþingis skuli haldnir í heyranda hljóði. Í sömu stjórnarskrá stendur reynar að dómþing skuli háð í heyranda hljóði. Því má spyrja hvort „andinn" sá eigi ekki líka að ná til dómstólanna?



### Kjarnyrt
Frumvörp geta verið skemmtileg lesning. Fyrir þinginu liggur nú frumvarp frá dómsmálaráðherra sem snýst um að fresta því í tvö ár að koma á fót embætti héraðssaksóknara. Texti þess er eftirfarandi: „Í stað ártalsins „2010" í 1. málsl. 1. mgr., 1. málsl. 2. mgr. og í 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VII og í ákvæði til bráðabirgða VIII, sbr. 3. og 4. gr. laga nr. 156/2008, kemur: 2012."

### Fyrningin
Spurningu Eyglóar Harðardóttur Framsóknarflokki í Fréttablaðinu í gær um hvort ríkisstjórnin hafi reiknað til enda það dæmi sem fyrning aflaheimilda er, er auðsvarað. Nei. Ríkisstjórnin, sem ætlar að innkalla kvóta og endurráðstafa fyrir næsta haust, hefur akkúrat ekkert gert til að meta áhrif aðgerðarinnar á sjávarútvegsfyrirtækin, bankana, sjávarplássin eða þjóðfélagið almennt. Sjálfsagt geta Eygló og aðrir áhyggjufullir slappað af því algjörlega óraunhæft er að ætla að svo mikið sem gramm verði fyrnt fyrir næsta fiskveiðiár. Ríkisstjórnin gerði hins vegar vel í að lýsa formlega yfir að ekkert verði af þessum áformum. Nú, eða þá að drífa í því að reikna dæmið til enda.



**bjorn@frettabladid.is**

# Hreppur eða borg



**PAWEL BARTOSZEK**
**Í DAG** | Aðalskipulag Reykjavíkur

Þrátt fyrir hina miklu bílaeign þjóðarinnar eru bílar almennt ekki sérlega vel liðinn hlutur. Flestum er raunar afar illa við alla aðra bíla en þeirra eigin. Hinir bílarnir eru of margir, keyra of hratt, leggja ólöglega, virða ekki stöðvunarskyldu og gefa ekki stefnuljós. Annarra manna bílar eru einhver versti gestur og nágranni sem menn geta óskað sér. Ef „íbúar í nágrenninu" fengju einhverju ráðið yrðu allar götur annaðhvort botnlangar eða einstefnugötur, eða jafnvel hvort tveggja. Sem væri raunar dálítið fyndið.

Utan eigin hverfis óska þess hins vegar flestir að umferðin sé „greið" og gangi „hratt og örugglega" fyrir sig. Ef vegir fyllast skulu þeir breikkaðir, ef bílastæði fyllast skal þeim fjölgað, ef gangandi vegfarendur þvælast fyrir skulu þeir færðir í göng eða brú. Í versta falli má láta þá bíða í þrjár mínútur á fasaskiptum gangbrautarljósum á Miklubrautinni.

### Bílastæða„vandinn"
Það þarf að hætta að líta á bílastæði sem mannréttindi og fara að líta á þau sem mannvirki úr malbiki og steypu sem kostar að byggja og halda við. Eins og staðan er nú er kveðið á um lágmarksfjölda bílastæða við íbúðir, stofnanir og fyrirtæki í byggingareglugerðum. (Raunar geta menn fengið undanþágu frá þessum reglum en þurfa þá að greiða sekt.) Allt þetta lögbundna framboð af ókeypis eða mjög ódýru bílastæðarými jafngildir heilmikilli niðurgreiðslu til þeirra sem ferðast á einkabíl. Almennt er talið að undir hvern bíl þurfi fjögur bílastæði. Flestir eiga hins vegar í mesta lagi eitt þessara stæða. Einhver annar borgar fyrir hin þrjú.

Allur svokallaður bílastæðavandi höfuðborgarsvæðisins felst í raun í því að verið er að gefa eða niðurgreiða vinsælt landrými á háannatímum. Segjum að ég mundi ákveða að gefa öllum sem vildu súpu í hádeginu á fimmtudögum. Fyrsta fimmtudaginn mundu nokkrir vinir mínir mæta og súpan mundi næstum því klárast. Næsta fimmtudag væri hróður matargerðar minnar búinn að berast til nokkurra vina í viðbót þannig að súpan mundi klárast og hugsanlega ekki duga handa öllum. Nú gæti ég fengið mér stærri pott og fengið aðstoð í eldhúsinu en ég er viss um að innan nokkurra vikna væru farnar að myndast súpubiðraðir heima hjá mér. Svo væri fólk farið að kvarta undan því að súpan væri ekki eins góð og síðast og allt of margir væru farnir að mæta í súpu hjá Pawel, jafnvel fólk sem enginn kannaðist við.

Fjölgun bílastæða mun ekki leysa bílastæðavanda fremur en súpuvandi minn verður leystur til langframa með stærri pottum og fleiri skálum. Ókeypis gæði búa til biðraðir. Það er lögmál.

### Sérstaða Reykjavíkur
Í dreifðri borg eins og Reykjavík er erfitt að halda uppi góðum almennings- og hjólreiðasamgöngum. Fyrir vikið kjósa flestir einkabílinn og skipulagið fer fyrst og fremst að miðast við bílaumferð. Þar sem bílar eru plássfrek fyrirbæri dreifist byggðin en frekar. Þetta er hringrás sem brjótast þarf út úr.

Hvar liggja sóknarfærin í skipulagsmálum Reykjavíkur? Sérstaða Reykjavíkurborgar felst í þéttu miðsvæði með raunverulegum borgarbrag. Það getur Reykjavík boðið en önnur sveitarfélög ekki. Þessa sérstöðu ætti Reykjavík að leggja megináherslu á; byggja þétt, byggja miðsvæðis og í Vatnsmýrinni og eftirláta nágrannasveitarfélögum að keppa um hylli þeirra sem vilja búa í einbýlishúsum sem þeir sjálfir hafa byggt. Jafnvel þótt Reykjavík kysi að vaxa einungis inn á við á næstu árum yrðu engu að síður nægir valkostir í boði fyrir þá sem kjósa að búa dreift, bæði í núverandi hverfum Reykjavíkur sem og í væntanlegum og hálfkláruðum hverfum nágrannasveitarfélaga. Kjósi Reykjavík hins vegar frekari útþenslu mun kostum þeirra sem vilja búa þétt ekki fjölga.

Dreifð byggð og offramboð ókeypis og ódýrra bílastæða eru stærstu áhrifaþættirnir í skipulagsvanda Reykjavíkurborgar. Liggi alvara að baki þeim hugmyndum að gera Reykjavík að betri og umhverfisvænni borg eru þetta þeir tveir þættir sem næsta Aðalskipulag Reykjavíkurborgar þarf að taka á. Annað mun fylgja í kjölfarið: Góðir hjólastígar og öflugar almenningssamgöngur eru oft afleiðingar þess að fólk hjólar eða tekur strætó, ekki síður en ástæður.

# Skrefi á undan

**UMRÆÐAN**
Svanhildur Konráðsdóttir skrifar um borgarmál



**SVANHILDUR KONRÁÐSDÓTTIR**

Reykjavíkurborg býður til Hugmyndaþings í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur á sunnudaginn milli kl. 13 og 16. Hugmyndaþingið er liður í þeirri viðleitni borgarstjórnar að hvetja til aukinnar þátttöku íbúa í ákvarðanatöku og stefnumótun fyrir borgina.

Á þinginu verður kynnt ný áætlun til sóknar fyrir Reykjavíkurborg sem unnin var í vor að frumkvæði borgarstjórnar. Stofnaður var stýrihópur einstaklinga með breiða reynslu úr atvinnu-, háskóla- og menningarlífi og leitað álits rýnihópa íbúa, starfsmanna, fræðimanna, ungmenna og atvinnurekenda í því skyni að greina tækifæri Reykjavíkurborgar á breiðum grunni. Kjörnir fulltrúar tóku jafnframt virkan þátt í verkefninu.

Sóknaráætlunin, sem kynnt er undir yfirskriftinni Skrefi á undan, hefur að geyma 8 áhersluþætti með samtals 35 lykilaðgerðum og fjölmörgum tillögum. Með aðgerðunum er reynt að draga úr neikvæðum langtímaáhrifum efnahagsvandans með því að horfa á tækifæri til sóknar.

Nokkrir rauðir þræðir komu skýrt fram í vinnunni og má meðal þeirra nefna afgerandi áherslu á mikilvægi umhverfismála og að Reykjavíkurborg móti metnaðarfulla stefnu sem skipi henni í fremstu röð *grænna borga*. Annar meginflokkur hefur titilinn Framtíðarfólkið. Reykjavík er ung borg og í því felast mörg hennar stærstu tækifæri. Því er lagt til að börn, unglingar og ungt fólk verði í forgangi og hlúð verði sérlega vel að málaflokkum sem tengjast þessum hópum með beinum hætti.

Þriðji þráðurinn sem hér verður nefndur snýr að atvinnulífinu. Kröftugt atvinnulíf er grunnurinn að lífvænlegri borg og skilyrði fyrir því að ungt fólk kjósi Reykjavík sem sitt framtíðarheimili. Borgin þarf að stuðla að uppbyggingu fjölbreytts og verðmætaskapandi atvinnulífs og tryggja jafnframt sterka innviði og skilvirkt stjórnkerfi.

Með Hugmyndaþinginu á sunnudaginn er kallað eftir kröftum borgarbúa við að móta skýra framtíðarsýn fyrir Reykjavík. Þar verður jafnframt boðið upp á nokkra stutta, skemmtilega fyrirlestra og hugmyndasmiðjur þar sem íbúar borgarinnar geta komið á framfæri sínum eigin hugmyndum um framtíð borgarinnar. Ég hvet því alla til að líta við í Ráðhúsinu á sunnudaginn og leggja sitt að mörkum til þess að Reykjavík móti sér metnaðarfulla framtíðarsýn um mannvænlega borg.

*Höfundur er formaður stýrihóps um mótun sóknaráætlunar fyrir Reykjavík.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




# TAX FREE DAGAR

## Fatnaður og skór á alla fjölskylduna

Dagana 22.-25. október afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka, sokkabuxur og skó án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 25. október 2009.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár



## 80 ára afmæli

**Jón Árni Sigfússon**

Víkurnesi í Mývatnssveit,
er 80 ára í dag, 23. október.
Hann er að heiman.

JÓN BALDVIN OG GLÚMUR: AÐ BJÖRGVINI SIGHVATSSYNI LÁTNUM

# Í MINNINGU JAFNAÐARMANNS

Með Björgvini Sighvatssyni er fallinn frá í hárri elli sá seinasti, sem gegndi forystuhlutverki í hinni harðsnúnu forystusveit jafnaðarmanna á Ísafirði, þeirra sem gerðu garðinn frægan í „Rauða bænum“, á tímabilinu milli tveggja heimsstyrjalda, á öldinni sem leið.

Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur komst eitt sinn svo að orði, að Alþýðuflokkurinn á Íslandi – stjórnmálahreyfing íslenskra jafnaðarmanna – væri sambland af norrænum „seminarisma“ (kennaraveldi) og vestfirskri verkalýðshreyfingu. Það er ef til vill eitthvað meira hæft í þessu en liggur í augum uppi við fyrstu sýn. Alla vega er það varla einleikið, hversu margir af aðsópsmestu foringjum verkalýðshreyfingarinnar og Alþýðuflokksins í árdaga voru sprottnir upp úr vestfirskum jarðvegi, frá og með Jóni Baldvinssyni, sem var forseti Alþýðusambandsins og Alþýðuflokksins fyrsta aldarfjórðunginn, en þá voru þessar hreyfingar eitt og hið sama.



**ATKVÆÐAMIKILL** Björgvin var í forystusveit jafnaðarmanna í Ísafirði. MYND/ÚR EINKASAFNI

Björgvin Sighvatsson var einn þessara manna og sprottinn upp úr sama jarðvegi og þeir. Hann var sannfærður jafnaðarmaður frá blautu barnsbeini. Hann tók það sem sjálfgefið, að verkalýðshreyfingin og flokkur hennar væru tvær greinar á sama meiði og mættu aldrei verða viðskila hvor við aðra, ef vel ætti að vera. Þess vegna bauð hann fram starfskrafta sína í þágu verkalýðshreyfingarinnar og gegndi þar fjölmörgum trúnaðarstörfum af fórnfýsi og skyldurækni langa hríð, þótt hann væri skólamaður og uppeldisfrömuður að ævistarfi.

Björgvin valdist kornungur inn í forystusveit jafnaðarmanna í Rauða bænum á Ísafirði á heimsstyrjaldarárunum seinni. Þar höfðu verið í fararbroddi fyrr á árum landskunnar kempur eins og Vilmundur Jónsson, síðar landlæknir, og Haraldur Guðmundsson, frumkvöðull laganna um almannatryggingar og þar með guðfaðir íslenska velferðarríkisins. Þar var einnig að finna á fleti fyrir menn eins og Guðmund Hagalín, rithöfund, Finn Jónsson, síðar ráðherra og Hannibal Valdimarsson, föður minn og síðar forseta Alþýðusambandsins í meira en tvo áratugi.

Undir vasklegri forystu þessara manna hélt Alþýðuflokkurinn hreinum meirihluta í bæjarstjórn Ísafjarðar í meira en aldarfjórðung. Látlaus fólksflótti af landsbyggðinni á stríðsárunum, og síðar, batt að lokum enda á þetta stórveldistímabil kratanna vestra. Kommúnistar, sem löngum áttu erfitt uppdráttar í skugga róttækra jafnaðarmanna þar vestra, áttu þar sinn hlut að máli með því að leiða íhaldið til valda, samkvæmt kenningunni um, að óvinir óvinar þíns séu vinir þínir. Kannski er sú kenning ekki með öllu útdauð enn á okkar samtíð.

Þegar ég settist fyrst á skólabekk í barnaskóla Ísafjarðar (þar sem ég stofnaði Menntaskólann aldarfjórðungi síðar) voru tveir kennarar öðrum aðsópsmeiri og aðgangsharðari í kennaraliðinu. Þetta voru þeir Jón H. Guðmundsson frá Ingjaldssandi (síðar tengdafaðir Rannveigar Guðmundsdóttur, fyrrverandi félagsmálaráðherra) og Björgvin Sighvatsson, frá Patreksfirði, faðir Sighvats, síðar ráðherra og eftirmanns míns á formannsstóli Alþýðuflokksins. Þeir Björgvin og Jón H. voru þá – og lengi síðar – forystumenn okkar Ísafjarðarkrata, hvort heldur var í bæjarfélaginu eða verkalýðshreyfingunni.

Mér er í barnsminni, hversu atkvæðamiklir þessir menn þóttu og fylgnir sér í málflutningi, þótt nokkuð þættu þeir á stundum harðhentir gagnvart andstæðingum. Sérstaklega fór það orð af Björgvini, að hann væri viðsjárverður andstæðingur, fljúgandi mælskur, fundvís á veilur í málflutningi andstæðinga og hnyttinn í tilsvörum. Báðir voru þessir menn ósvikin afsprengi ísfirska skólans í pólitík, sem þykir að vísu óvæginn og varla meinlaus, en hvorki loðmullu- né leiðinlegur, guðsblessunarlega.

Björgvin Sighvatsson var kennari af guðsnáð. Hann hafði ósvikinn áhuga á þeim mannsefnum, sem njóta áttu handleiðslu hans og hafði lag á að kveikja með þeim heilbrigðan metnað til að leggja sig fram og ná árangri. Sem skólastjóri var hann vakinn og sofinn yfir velferð nemenda sinna, hvatti þá til dáða og fylgdist af áhuga með starfsferli þeirra, eftir að skóla lauk. Þetta getum við feðgar, ég og Glúmur sonur minn, vottað af eigin reynslu, en við nutum báðir handleiðslu Björgvins fyrstu sporin á skólagöngunni, þótt með einnar kynslóðar millibili væri. Ég veit líka, að sem sálgæslumaður ungviðisins reyndist Björgvin þeim best, sem mest þurftu á að halda. Þannig reyndist hann trúr lífsskoðun sinni í orði og verki.

Að leiðarlokum færum við okkar aldna lærimeistara hugheilar þakkir fyrir leiðsögnina, um leið og við flytjum Sighvati Björgvinssyni og fjölskyldu hans allri einlæga samúðarkveðju.

**Jón Baldvin Hannibalsson og Glúmur Baldvinsson**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, og amma,*

**Sólveig Rósa Jónsdóttir**

frá Einarsstöðum í Reykjadal,
Lómasalir 10, Kópavogi,

verður jarðsungin frá Digraneskirkju miðvikudaginn 28. október og hefst afhöfnin kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Alzheimerssamtökin njóta þess.

**Bragi Árnason**

| | |
|---|---|
| **Lilja Kristín Bragadóttir** | **Valdemar Gísli Valdemarsson** |
| **Guðrún Jóna Bragadóttir** | **Hilmar Þorvaldsson** |
| **Anna Þóra Bragadóttir** | **Haraldur Kr. Ólason** |
| **Jóhanna Bragadóttir** | **Sigurjón Hendriksson** |
| **Sigríður Jónsdóttir** | |
| **Aðalsteinn Jónsson** | |
| **og barnabörn.** | |

---



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóns Gíslasonar**

Fjólugötu 14, Akureyri.

Sérstakar þakkir til læknanna Jóns Þórs Sverrissonar og Vals Marteinssonar. Einnig starfsfólks handlækn-isdeildar Sjúkrahúss Akureyrar, Heimahjúkrunar á Akureyri, Kristnesspítala og Víðihlíðar á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.

| | |
|---|---|
| **Sveinn Heiðar Jónsson** | **Erla Oddsdóttir** |
| **Sigríður Jónsdóttir** | **Stefán G. Jónsson** |
| **Sæbjörg Jónsdóttir** | **Jón Hlöðver Áskelsson** |
| **Karl Jónsson** | **Helga Kristrún Þórðardóttir** |
| **afa- og langafabörn.** | |

---



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óli Ragnar Jóhannsson**

Klettstíu, Norðurárdal,

lést á Sjúkrahúsi Akraness föstudaginn 16. október. Útförin fer fram frá Reykholtskirkju laugardaginn 24. október kl. 13.

**Margrét Jómundsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Þorsteinsdóttir**

áður til heimilis að Bessastöðum, Álftanesi,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum þriðjudaginn 20. október. Útförin fer fram frá Bessastaðakirkju miðvikudaginn 28. október kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| **Steina Kristín Kristjónsdóttir** | |
| **Danfríður Kristjónsdóttir** | **Sverrir Jónsson** |
| **Guðbjörg Lárusdóttir** | **Jónas Halldór Jónasson** |
| **Lára Kristjana Lárusdóttir** | |
| **Kristjón Sverrisson** | |
| **Vigdís Sverrisdóttir** | |
| **Kristín Sverrisdóttir** | |
| **og barnabarnabörn.** | |

---

†

*Eiginmaður minn, sonur, faðir og bróðir,*

**Þorlákur Gestur Jensen**

andaðist á líknardeild Landspítalans, Kópavogi, fimmtudaginn 22. október. Jarðarförin auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Hálfdán I. Jensen.**

---



†

*Hugheilar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu mér samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður minnar,*

**Ólafíu G. Blöndal**

Hverafold 27, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Hjúkrunarheimilinu Eir, Grafarvogi fyrir einstaka umönnun.

Guð blessi ykkur öll.

**Anna María Hákonardóttir Blöndal.**

---



†

*Elsku hjartans drengurinn okkar,*

**Kristinn Örn Friðgeirsson (Diddi)**

sem lést laugardaginn 17. október sl. verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 26. október kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjónarhól - Ráðgjafarmiðstöð, kt. 540503 3030, reikn. 101 15 379009.

| | |
|---|---|
| **Guðbjörg Erla Andrésdóttir** | **Friðgeir Sveinn Kristinsson** |
| **Guðmundur Friðgeirsson** | **Hildur Björk Hafsteinsdóttir** |
| **Margrét Friðgeirsdóttir** | |
| **Daníel Örn Guðmundsson** | **Kári Steinn Guðmundsson** |
| **Ragnheiður Jóna A. Laufdal** | **Kristinn Sæmundsson** |
| **Birkir Blær Kristinsson** | **Aðalsteinn Einir Kristinsson** |

---

†

*Elskulegur faðir, afi og langafi,*

**Sveinn Torfi Sveinsson**

verkfræðingur, Hraungörðum, Garðabæ,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þriðjudaginn 20. október.

| | |
|---|---|
| **Vilborg Elín Torfadóttir** | **Stefán Sigurðsson** |
| **Ingibjörg Ásdís Torfadóttir** | **Sveinn Hallgrímsson** |
| **Ingibjörg Erna Sveinsson** | **Helgi Ólafsson** |
| **barnabörn og barnabarnabörn.** | |

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svanfríður Kristín Benediktsdóttir**

frá Hnífsdal,
Sóltúni 2, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni mánudaginn 12. október, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 30. október kl. 13.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

| | |
|---|---|
| **Ágúst Jónsson** | **Birna Geirsdóttir** |
| **Sigurborg Sveinbjörnsdóttir** | **Jón K. Guðbergsson** |
| **Anna Jenný Rafnsdóttir** | **Gylfi Ingólfsson** |
| **Ásdís Lára Rafnsdóttir** | |
| **Elinborg Jóna Rafnsdóttir** | |
| **Edda Maggý Rafnsdóttir** | **Þórarinn Kópsson** |
| **Aðalheiður Arna Rafnsdóttir** | |
| **ömmubörn og langömmubörn.** | |

**ÍSLANDSROVER**, í samvinnu við Eðalbíla, stendur fyrir dagsferð fyrir alla Land Rover-eigendur laugardaginn 24. október. Lagt verður af stað frá Eðalbílum, Grjóthálsi 1, klukkan 10 en áætluð heimkoma er um 15. Skráning er á skraning@islandsrover.is.








# Villibráðar-hlaðborð

*22. október - 18. nóvember*

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

*Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum frá Chile og Argentínu.*

Verð 8.290 kr.

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga*

*7.290 kr.*

Jólahlaðborð Perlunnar hefst 19. nóvember
*Tilboð mán.-þri. 6.890 kr. — Verð: 7.890 kr.*

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Steindóra Andreasen kann réttu handtökin við að smyrja brauð og snittur eins og sjá má. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Smurbrauð á að vera bragðgott og girnilegt

**Steindóra Andreasen hefur tileinkað sér galdurinn við að smyrja brauð af smekkvísi enda hefur hún unnið náið með Marentzu Poulsen og sótt námskeið hjá henni í Hótel- og matvælaskólanum í Kópavogi.**

„Hráefnið á allt að vera ferskt og vandað og samsetningin rétt þannig að bragðefnin á hverri sneið eigi vel saman. Svo verður útkoman líka að vera fyrir augað og því er alúðar þörf við fráganginn. Þannig verður brauðið bæði bragðgott og girnilegt,“ segir Steindóra þegar hún er spurð um aðalatriðin í sambandi við smurt brauð. Hún telur það vera að vinna sér aukinn sess í veitingaflórunni á Íslandi og segir til dæmis gríðarlega eftirspurn hafa verið eftir því í Kaffi Flóru þar sem hún starfaði í sumar.

Steindóra er færeysk en hefur búið hér á landi á fjórða áratug og vinnur um þessar mundir á veitingastaðnum Kaffi París. Í sambandi við smurða brauðið kveðst hún leggja áherslu á ekta hráefni svo sem alvöru smjör, heimasteiktan lauk og heimagert remúlaði og pestó. Líka að smyrja viðbitið út á kantana og láta áleggið þekja vel. Huga verði að hollustunni og því sé majones blandað með sýrðum rjóma og notað í lágmarki. Rækjubrauð sé til dæmis smurt létt með blöndu af majonesi og sýrðum rjóma og gott sé að blanda aspas út í. Hún kveðst skera skorpuna af brauðinu og þegar hún útbýr snittur sker hún þær út úr stórum sneiðum.

En hvað um áleggið? „Á snittur er fínt að nota laxasneið, eggjahlaup og skreyta með svörtum pipar,“ stingur hún upp á. „Hefðbundnar áleggstegundir eru rækjur, skinka, hangikjöt, lax, egg og roast beef. Svo er hægt að leika sér með ýmiss konar grænmeti með, bæði til hollustu og skrauts og nýjar tegundir af því hafa komið á síðustu árum sem gefa nýja liti.“

Steindóra bendir á að 16 stunda smurbrauðsnámskeið sé fyrirhugað á vegum Hótel- og matvælaskólans fyrstu dagana í nóvember undir handleiðslu Marentzu Poulsen smurbrauðsjómfrúar og mælir með því. Nánari upplýsingar um það er að fá í síma 594 4000 og á www.idan.is og sfrodi@sfrodi.is.

*gun@frettabladid.is*

Brakandi fersk og holl nýjung á Nings

Nýtt

JAPANSKT
Wakame
SALAT

*Wakame salatið er einnig afgreitt í hentugum skálum fyrir þá sem eru á ferðinni.*



*Frábær blanda af salati, grilluðum kjúklingaspjótum, ristuðum cashew hnetum og sesam dressingu.*

NINGS

Suðurlandsbr. 6 • Hlíðasmára 12 • Stórhöfða 17 • Sími: 588 9899
www.nings.is



Kynningarverð
995
krónur

# ;HELGIN

**ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ GLÓÐ** í Kópavogi efnir til mikillar dagskrár laugardaginn 24. október í tilefni af fimm ára afmæli félagsins. Meðal dagskrárliða má nefna kynningu á Ringói, málþing með þjóðþekktum fyrirlesurum og dansleik um kvöldið.










Hljómsveit Ragga Bjarna í Súlnasal Hótel Sögu árið 1966. Árni Scheving, Guðmundur Steingrímsson, Sigurður Þ. Guðmundsson, Grettir Björnsson, Ragnar Bjarnason og Jón Sigurðsson. MYND/ÚR EINAKSAFNI

# Dansað inn í veturinn

**Þeir Haukur Jónsson og Jón Steindórsson ætla að endurvekja gömlu, góðu ballstemninguna í Súlnasalnum annað kvöld og efna til dansleiks frá klukkan 22 til 02. Viðburðurinn nefnist Gullaldarárin á Sögu.**

„Ég hef gengið með það lengi í maganum að reyna að efla ballmenninguna aftur,“ segir Haukur og þakkar félaga sínum Jóni það að hafa tryggt þeim Súlnasalinn annað kvöld. Þar mun dansinn duna þegar Lúdó og Stefán stíga á svið ásamt söngvurunum Ragnari Bjarnasyni og Garðari Guðmundssyni sem gerði garðinn frægan í Silfurtunglinu 1959. „Svo er aldrei að vita nema einhverjar söngkonur mæti á ballið og þá verða þær drifnar upp á svið til að taka lagið,“ lofar Jón.



Haukur Jónsson og Jón Steindórsson hafa boðað ball á Sögu annað kvöld svo nú er ráð að pússa dansskóna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Haukur og Jón eru báðir miklir dansáhugamenn og þykir þeim miður hvað alvöruböll eru orðin fátíð hér á höfuðborgarsvæðinu. Þá dreymir um að endurvekja gullaldarárin á Sögu þegar hljómsveit Ragga Bjarna hélt þar uppi gríðarlegu fjöri og rifja líka upp stemninguna sem ríkti á Röðli, í Þórskaffi, Vetrargarðinum og Glaumbæ á árum áður en benda á að Súlnasalurinn sé sá eini af þessum stöðum sem ekkert hafi breyst. Haukur segir ótrúlegt hvað þeim félögum hafi tekist að gera á fáum dögum. „Það var 1. október sem við hittumst fyrst og fórum að ræða þetta. Síðan hefur verið mikil vinna því verkefnið er stórt en ballið virðist ætla að verða að veruleika,“ segir hann. Jón bætir við að þeir voni að fólk gefi dansgleðinni lausan tauminn og sleppi því eitt kvöld að hugsa um ruglið sem í gangi hefur verið í þjóðfélaginu.

Miðinn á ballið kostar 1.800 og matur og ball 6.500. Á borðum verður humarsúpa, lambafilet með meðlæti og kaffi og konfekt á eftir. Húsið verður opnað fyrir matargesti klukkan 19, borðhald hefst 19.30 og opnað verður fyrir aðra gesti klukkan 21. „Eitt af því sem við viljum breyta er að fólk mæti jafn seint á dansskemmtanir og tíðkast hefur í seinni tíð,“ segir Haukur. Jón tekur fram að miðar verði seldir frá hádegi bæði í dag og á morgun. „Við erum svo illa græjaðir að það yrði mikill flýtir að því að fólk keypti miðana í forsölu,“ segir hann hálfafsakandi.

En sjá þeir félagar fyrir sér að framhald verði á dansiböllum í Súlnasalnum? „Já, ég vona það,“ svarar Haukur. „Miðað við undirtektirnar gæti það alveg orðið. Sérstaklega af því við erum að bjóða upp á mjög gott hús og gott dansgólf.“ *gun@frettabladid.is*














Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur stýrði fornleifauppgreftri á Alþingisreitnum.

## Fyrirlestur um nýfundnar fornleifar

VALA GARÐARSDÓTTIR FORNLEIFAFRÆÐINGUR FLYTUR Á MORGUN FYRIRLESTUR Á LANDNÁMSSÝNINGUNNI REYKJAVÍK 871±2 Í AÐALSTRÆTI 16.

Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur flytur á morgun fyrirlestur á Landnámssýningunni Reykjavík 871±2 í Aðalstræti 16.

Fornleifauppgröftur fór fram árið 2008 til 2009 í hjarta Reykjavíkur á svokölluðum Alþingisreit. Reiturinn afmarkast af Kirkjustræti, Tjarnargötu og Vonarstræti. Þar fundust minjar allt frá elstu byggð á Íslandi á 9. öld. Benda þær til þess að á þessu svæði hafi verið iðnaðar- og athafnasvæði fyrstu Reykvíkinganna.

Meðal minja sem fundist hafa er um 18 metra langur viðarstígur frá 9. öld, kolagröf og minjar um átta járnvinnsluofna. Einnig fundust leifar af þremur byggingum frá 10. til 12. öld og í tveimur þeirra vegleg eldstæði.

Vala stýrði uppgreftrinum og verður fyrirlestur hennar á morgun undir yfirskriftinni Horft til fortíðar: Rannsóknir á Alþingisreitnum 2008-2009.



Dvel ég í draumahöll.

## Draumar barna

**Ný sýning opnar á Minjasafninu á Akureyri á laugardag.**

Barnadraumar á Minjasafni er sýning sem byggir á rannsóknum dr. Bjargar Bjarnadóttur, sálfræðings hjá Draumasetrinu Skuggsjá. Á sýningunni er gerð grein fyrir flokkun barnadrauma en einnig verða sýndar teikningar barna sem þau hafa gert af draumreynslu sinni, bæði martröðum og öðrum draumum. Einnig verða svefntengdir munir til sýnis og ef einhvern syfjar þá verður uppábúið rúm til taks.

Stoðvinir Minjasafnsins halda einnig upp á komu vetrarins í tengslum við sýningu safnsins Allir krakkar, allir krakkar – líf og leikir barna. Boðið verður upp á laugardagsnammi eins og það var hér áður fyrr.




# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 23. október 2009



Fatahönnuðurinn Bóas Kristjánsson um unglingsár í Skálholti, innblásna danstónlist og hið sérstaka íslenska litróf.

# MÁTTUR ÞESS SJÓNRÆNA

+ BLEIKT BOÐ Í HAFNARHÚSINU + FATASKÁPUR LISTFRÆÐINEMANS
FRUMBURÐUR GÍSLA GALDURS + ILMANDI HEIMILI + MÆÐGUR Í KJÓLUM




TURNTILBOÐ MEÐ WINDOWS 7

CoolerMaster Elite midi turn

- AMD Athlon X250 3,0GHz örgjörvi
- 4GB DUAL DDR2 800MHz XMS
- 640GB SATA II WD
- MSI Geforce NX9600GT 512MB
- 22xDVD+/- DL skrifari
- Windows 7 Home Premium

Kr. 119.950

AMD TÖLVA 3

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

# núna
✻ skemmtum okkur



**KRISTJANA GUÐBRANDSDÓTTIR, RITSTJÓRI YNJUNETSINS**
Ég ætla að fara á nýjustu mynd Michaels Moore, Capitalism: A Love story. Þá er ég svo heppin að vera með í höndum nýjustu bók Stefáns Mána, Hyldýpið, sem ég er byrjuð á og lofar góðu. Svo ætla ég að baka eplaköku og heita ostaböku sem ég hlakka til að gæða mér á.

helgin MÍN



**Nýr kærasti**
Sjónvarpskonan og stílistinn Erna Bergmann er komin með nýjan mann upp á arminn og er sá listamaður.



**Barn á leiðinni**
Svo eiga Sigurrósarmeðlimurinn Georg Holm og kona hans, Svanhvít Tryggvadóttir von á sínu þriðja barni á næstu dögum.

**Eignuðust dóttur**
Plötusnúðurinn Gísli Galdur Þorgeirsson og sambýliskona hans, Kristín Kristjánsdóttir, eignuðust sitt fyrsta barn fyrr í vikunni. Frumburðurinn var lítil stúlka og hefur hamingjuóskum rignt yfir parið síðustu daga.



þetta HELST

Átján fatahönnuðir taka þátt í tískusýningu á vegum Fatahönnunarfélags Íslands í kvöld:

# Þúsund konur skemmta sér í Hafnarhúsinu

Átján hönnuðir og hönnunarfyrirtæki taka þátt í veglegri tískusýningu og kynna vetrarlínu sína í Bleiku boði sem haldið verður í Hafnarhúsinu í kvöld. Það verða flugfreyjur frá Icelandair sem sýna nýjustu sköpunarverk hönnuðanna. Þúsund konum hefur verið boðið til veislunnar, sem Krabbameinsfélag Íslands stendur fyrir. Í tilefni veislunnar verður Listasafn Reykjavíkur baðað bleikri birtu, eins og Krabbameinsfélagið gerir árlega.

Allir sem að kvöldinu koma gefa vinnu sína og þónokkur fyrirtæki styrkja Krabbameinsfélagið til að geta haldið svo veglega veislu. Það kostar því ekkert að njóta alls þess sem í boði verður. Er það ætlun Krabbameinsfélagsins að þakka konum fyrir hversu vel þær hafa staðið saman í baráttunni gegn brjóstakrabbameini og halda áfram að mæta reglulega í skoðun. Eina fjáröflunin í veislunni verður happdrætti, þar sem veglegir vinningar verða í boði, en öllum er í sjálfsvald sett hvort þær taki þátt í.

Veislan verður ekki bara fyrir augað, heldur fyrir bragðlaukana og eyrun líka. Veitingar verða í boði Vox á Hótel Hilton og konfektgerð verður á staðnum.



**Hafnarhúsið verður bleikt** Hafnarhúsið verður baðað bleikri birtu í kvöld þegar þangað hópast þúsund konur í Bleika boðið, sem Krabbameinsfélag Íslands stendur fyrir.



**Feldberg** Tvíeykið Feldberg, sem samanstendur af þeim Rósu í Sometime og Eberg, er á meðal margra sem fram koma í Hafnarhúsinu í kvöld.

Fjöldi tónlistarmanna kemur fram: Ellen Kristjáns og dætur hennar, Hafdís Huld, DJ Mokka, Fjallabræður, Hjörleifur Valsson, Vadim Fedrov og Feldberg.

Boðið hefst með fordrykk klukkan átta. Ekki er borin von að komast á viðburðinn hafi ekki boðskort borist, því nokkrir miðar verða einnig í boði á Facebooksíðu bleiku slaufunnar. *- hhs*



**Vekur aðdáun** Hrefna Rósa hefur eignast marga aðdáendur í kjölfar sjónvarpsþáttanna á Skjáeinum.

Átta ára aðdáandi kann allar uppskriftirnar:

## Sjónvarpskokkur vekur aðdáun

Nýr kokkaþáttur landsliðskokksins Hrefnu Rósu Sætran, Matarklúbburinn, snýr aftur innan skamms. Þættirnir verða sex talsins og verða fjórir þættir tileinkaðir jólamatargerð. „Þetta er voðalega skemmtilegt starf og maður verður líka öruggari fyrir framan myndavélarnar með hverjum þætti," segir stjörnukokkurinn Hrefna Rósa. Hún segir jólauppskriftirnar ekki vera hefðbundnar uppskriftir heldur muni hún kynna landsmönnum nýjar og spennandi jólauppskriftir.

Hrefna hefur eignast nokkra aðdáendur í kjölfar sjónvarpsþáttanna og er einn þeirra aðeins átta ára. „Amma hans hringdi í mig því hún vildi bjóða honum út að borða á Fiskmarkaðinn í tilefni átta ára afmælis hans. Hann kann víst allar uppskriftirnar mínar utan að og er mikill matmaður," segir Hrefna Rósa og útilokar ekki að fá snáðann sem gest í þáttinn til sín. *- sm*

✻ augnablikið



**GEORGIA MAY JAGGER,** yngsta dóttir rokkarans Micks Jagger og fyrirsætunnar Jerry Hall, sótti tískuvikuna í London fyrir stuttu. Stúlkan er aðeins sautján ára en er strax orðin áberandi í skemmtanalífinu.


**Frábærar og enn betri fréttir**

**til þeirra þúsunda Íslendinga sem nota Pro-Gastro8**

50% meira af góðgerlum í hylkjunum sem þýðir að sumir þurfa bara að taka inn 1 hylki á dag.

Pro-Gastro8 góðgerlanir vinna gegn erfiði meltingu.






*Pro-gastro8 fæst í APÓTEKUM, HEILSUBÚÐUM OG HEILSUHILLUM STÓRMARKAÐANNA!*


Selja notaða kjóla og fylgihluti:

## Kjólaverslun í sveit

Mæðgurnar Elín Guðmundsdóttir og Hjördís Þorfinnsdóttir reka kjólaverslunina Hosiló á Selfossi. Verslunin selur notaða kjóla auk ýmissa fylgihluta. „Við erum búnar að reka verslunina í næstum tvö ár og viðskiptavinunum fer fjölgandi með hverju árinu. Í sumar var til dæmis mikið af fólki frá Reykjavík sem lagði leið sína hingað til okkar og þónokkuð af ferðamönnum," segir Elín.

Hún bendir á að hægt sé að skoða kjóla á Fésbókarsíðu Hosiló. „Við höfum verið að senda kjóla til fólks víða um land," segir Elín. „Fólk er samt duglegt að keyra þennan stutta rúnt hingað á Selfoss, enda er hér mikið af skemmtilegum og sérstökum verslunum til að skoða." *-sm*



**Reka saman verslun** Mæðgurnar Elín og Hjördís reka saman kjólaverslunina Hosiló á Selfossi.

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Charlie Strand
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


Glæsilegt
úrval af
kertum
með langan líftíma
á frábæru
verði
hæð 43 cm
3.990,-
hæð 65 cm
4.990,-
hæð 65 m
5.490,-
fílasnagar
1.490,-
þrjú borð
15.900,-
hæð 100 cm
1.990,-
hæð 47 cm
2.990,-
9.900,-
29.900,-
the
PIER
kemur stöðugt á óvart ...
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# LEITAR AÐ HINUM FULLKOMNA ÞRÆÐI

**Fatahönnuðurinn *Bóas Kristjánsson* hlaut nýverið veglegan styrk úr hönnunarsjóði Auroru til að þróa áfram tískufyrirtækið 8045. Í viðtali við Föstudag segir hann frá unglingsárum í Skálholti, ást sinni á danstónlist og leitinni að hinum fullkomna bómullarþræði.**

*Viðtal:* **Hólmfríður H. Sigurðardóttir**

Bóas Kristjánsson hefur ekki alltaf alið þann draum í brjósti að verða fatahönnuður. En einn daginn, þegar nokkuð var liðið á unglingsár hans, gekk hann inn í stúdíó vinar síns, sem var að hanna fatalínu fyrir verslanakeðju og hugsaði með sér: „Þetta gæti ég hugsað mér að gera.“ Síðan hefur hann stefnt ótrauður að þessu marki. Nú eru grösin farin að spretta, en Bóas fékk nýverið veglegan styrk frá hönnunarsjóði Auroru til að þróa áfram nýstofnað fyrirtæki sitt. Styrkurinn kom í kjölfar vel heppnaðrar ferðar Bóasar til Parísar, þar sem hann sýndi fyrstu línuna sína, sem vakti áhuga franskra fjölmiðla.

## VIÐ NÁM Í BELGÍU

Fram á síðasta ár var Bóas við nám í Listaháskólanum í Antwerpen, einum virtasta skóla Belgíu á sviði tísku og hönnunar. Hann tók hins vegar ákvörðun um að hætta námi. „Þetta var alveg magnaður skóli. Þar er mikið gert út á listræna nálgun í fatahönnun og þaðan hafa komið margir stórkostlegir hönnuðir, sem eru viðurkenndir á þeim jaðri að vera bæði listamenn og hönnuðir. Ég lærði mjög mikið af því að vera þarna, en eftir þrjár annir fann ég samt að ég var búinn að missa áhugann á nemavinnunni. Það kostar ótrúlega mikla vinnu og peninga að vera í skóla en frelsið er takmarkað. Ég fann að mig langaði frekar að eyða tímanum í mitt eigið fyrirtæki, á mínum eigin forsendum,“ segir Bóas, sem lét slag standa, hætti í skólanum og hellti sér út í eigin hönnun. Hann sér ekki eftir tímanum í Belgíu. „Ég fékk mikið út úr þessum tíma, sem ég tek með mér inn í mitt fyrirtæki. Það er mikil þekking í þessari borg og fjöldi tækifæra til að vinna með úrvalsfólki. En ég vissi að ég þyrfti hvort sem er að byrja frá núlli með ekki neitt. Ég vildi bara gera það strax.“

## 8045 – BÓAS

Fyrirtækið fékk nafnið 8045, sem glöggir geta séð að myndar nafnið Bóas í tölustöfum. „Ég notaði þetta sem vinnuheiti þegar ég var að byrja að hanna föt. Mér líkar það, meðal annars vegna þess að það hefur ekki skírskotun í neitt sérstakt. Þetta er auð blaðsíða en tengingin við nafnið mitt gerir það samt persónulegt. Ég vil ekki nota mitt eigið nafn, að minnsta kosti ekki strax. Ég kann ekki við að selja nafnið mitt, hvorki gagnvart mér sjálfum né foreldrum mínum.“

Fyrsta lína 8045 var litrík vorlína fyrir karlmenn. „Ég gerði fimm flíkur í mismunandi litum, allar prjónaðar úr sama bómullarþræðinum. Þessi þráður er þéttur í sér en hann glansar og hegðar sér svolítið eins og silki,“ segir Bóas, og það er greinilegt að hann leggur mikið upp úr því að finna einmitt rétta efnið í hönnun sína. Sama er að segja með litina en í öllum flíkunum leikur hann sér með litrófið, þannig að einn litur rennur út í annan. „Ég fékk innblásturinn úr íslenska umhverfinu. Íslendingar hafa nefnilega allt annað litaskyn en aðrir Evrópubúar. Við erum ekki með mikið af skærum litum í okkar umhverfi. Þetta eru allt einhvers konar litatónar. Í Evrópu er hins vegar miklu meira áberandi grátt borgarumhverfi skreytt með mjög sterkum litum, í auglýsingum og litríkum gróðri.“

## BREIKIÐ Í PARÍS

Bóas hugsar ekki smátt og fór með línuna sína til Parísar, um leið og hún var tilbúin, síðastliðið sumar. „Ég reddaði mér sýningarplássi í íbúð vinar vinar míns á besta stað í París. Planið var að hitta lykilmanneskjur úr tískubransanum í París og mér tókst það. Það gerðust ótrúlegir hlutir hjá mér upp frá þessu. Ég komst í samband við eina af stærstu fjölmiðlaskrifstofum í París, sem ákvað að gera við mig samning og hefur skuldbundið sig til að hjálpa mér að komast áfram. Það var stórt mál fyrir mig, því þessi skrifstofa gerir ekki nema einn eða tvo svona samninga á ári. Nú má segja að ég sé kominn í hóp með hundrað hönnuðum í staðinn fyrir þúsund sem eru að berjast um sömu bitana. Eftir að þetta samstarf hófst er ég búinn að fá birtingu í Vogue, Homme Japan og fjölmörgum evrópskum blöðum. Ég er mjög ánægður með það samstarf og geri ráð fyrir að vinna lengi með þessu fólki.“



**8045** Bóas gaf línunni sinni nafnið 8045, sitt eigið nafn í tölustöfum. MYND/MILO KELLER OG JULIEN GALLICO

## FYRSTU KYNNI STERKUST

Samskiptamynstur fólks hefur alltaf vakið áhuga Bóasar. Það varð svo kveikja að áhuga hans á tísku og áhrifum hennar á samfélagið. „Ég hef alltaf haft áhuga á því hvernig fólk bregst hvert við öðru, enda hefur þetta haft veruleg áhrif í mínu lífi.

Ég uppgötvaði fyrst hvað fyrstu kynni skipta gríðarlegu máli þegar ég flutti til Þýskalands fimmtán ára gamall með foreldrum mínum.


**Yogastöðin Heilsubót**

**Síðumúla 15, sími: 588-5711**
**www.yogaheilsa.is yogaheilsa@yogaheilsa.is**

**Kæru barnshafandi konur**
**Yogaleikfimi fyrir ykkur!**

Bjóðum við sérstakar æfingar sem þið getið stundað alla meðgönguna.
Að þið myndið huglæga og andlega tengingu við fóstrið.
Að þið lærið sérstaka fæðingaröndun og að þið upplifið slökun.
**Að þið njótið meðgöngunnar á sérstakan hátt!**

**Sértilboð í 6 vikur kr. 13.000,-**



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


## * bak við tjöldin



**Uppáhaldslistamaðurinn?**
Marguiles Frígorífico Blondelllimons.

**Draumadagurinn í stuttu máli?**
Hvað er draumadagur?

**Hvað er það leiðinlegasta sem þú gerir?**
Bíða.

**En það skemmtilegasta?**
Hlæja.

**Uppáhaldsstaðurinn þinn?**
Nou Camp, Stamford Bridge, Anfield.




**Vorlínan** Bóas bjó til fimm litríkar flíkur fyrir vorlínu ársins 2010. Nú er hann byrjaður að vinna í haustlínunni. MYND/DAMIEN BLOTTIÉRE

Þar kynntist ég körfuboltamenningu, hipp-hopp og almennri götumenningu, sem ég hafði ekki kynnst áður. Þessu fylgdi ákveðinn klæðaburður og ef maður klæddist þeim fötum tilheyrði maður þessum hópi. Það var bara þannig. Það var svo augljóst fyrir mig eftir þessa reynslu hvað ytra útlit hefur mikil áhrif og þetta „first impression". Sjónræn upplifun við fyrstu kynni hefur varanleg áhrif, í því felst máttur."

## Í SKÁLHOLTI

Bóas er langt frá því að vera hreinræktuð 101-týpa. Æskuárunum varði hann í hinum ýmsu smábæjum og sveitum landsins. Hann bjó um tíma á prestssetri í Suður-Þingeyjarsýslu, en pabbi hans er prestur. Stærstan hluta unglingsáranna bjó hann í Skálholti. „Ég bjó reyndar á mörkum 101 og 105 í sex ár, á meðan ég var í MH og Listaháskólanum. Það var skemmtilegur tími. En reyndar finnst mér 101 afskaplega skrítið konsept en samt frábær staður, ef maður hefur tækifæri til að breyta um umhverfi reglulega."

Nú býr Bóas í Kópavogi ásamt foreldrum sínum. „Ég er oft spurður að því hvernig ég fari að því að lifa eins og ég geri. Ég geri það bara með því að borga ekki af húsnæðisláni og bíláláni. Ég fæ að reka mitt litla fyrirtæki í bílskúrnum hjá foreldrum mínum og borða kvöldmat hjá þeim."

## HAUSTLÍNAN 2009

Haustlína 8045 er að verða til og Bóas er nú að undirbúa ferð til að leita að nýjum fullkomnum þræði fyrir hana. En í millitíðinni ætlar hann að demba sér í skemmtilegt hliðarverkefni sem tengist annarri ástríðu Bóasar, nefnilega danstónlist. „Ég er að skipuleggja kvöld í anda klúbbasenunnar í Evrópu, sem er mér mikill innblástur og ég sakna hér í Reykjavík. Í Evrópu bíð ég yfirleitt með eftirvæntingu eftir ákveðnum kvöldum, þangað sem ég veit að kemur ákveðið fólk sem er að leita að því nákvæmlega sama og ég. Eftirvæntingin byggist upp hjá öllu þessu fólki og springur svo út með mikilli orku. Hér er þetta meira eins og Groundhog day. Aldrei eins en alltaf það sama í gangi."

Sjálfur ætlar Bóas að spila á kvöldinu, ásamt vini sínum, en auk þeirra koma fleiri listamenn fram. „Ég sé bara tækifæri í þessu, því danstónlistarsenan hér er afskaplega einsleit og allt öðruvísi en í Evrópu. Svo verður þetta sama kvöld haldið í Ástralíu eftir nokkrar vikur. Og þangað ætla ég að sjálfsögðu að fara líka," segir Bóas að lokum, og greinilegt að það er engin lognmolla í hans kortum í nánustu framtíð.



**Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig?**
Atónal, ómstríð, orgelmúsík.
**Hvaða manneskju litur þú mest upp til?**
George Muresan.







# tíðin
✻ láttu þig dreyma



**ILMUR Á FLÖSKU** Þú stingur trépinnum ofan í þessa fáguðu flösku, sem er með ilmandi vökva, og heimilið fylllist ævintýralega góðri angan. Fæst hjá L'Occitane.

HILDUR RUT HALBLAUB, NEMI Í LISTFRÆÐI Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

# FÉKK NÓG AF LITUM

***Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?*** „Ég held ég hafi „óverdósað" á litum og munstrum hér í denn, þannig að núna eru það aðallega svartar flíkur sem ég geng í, en þegar kemur að fylgihlutum, skóm og töskum þá eru engin takmörk sett."

***Hvaðan sækirðu þér innblástur þegar kemur að fatastílnum?*** „Ég held að það sé ekkert eitt frekar en annað. Í gamla daga fór maður bara til útlanda og keypti skrilljón nýjar flíkur þegar þær sem maður átti voru orðnar þreyttar, en núna þarf maður bara að notast við það sem maður á og reyna að púsla því einhvern veginn saman."



***Hvar verslarðu helst?*** „Ég hef varla keypt mér flík seinasta eina og hálfa árið en þá flutti ég aftur á þetta blessaða sker. Yfirleitt hafa öll mín fatainnkaup farið fram erlendis og seinast átti ég ágæt viðskipti við verslunina American Apparel."

***Áttu þér einhvern uppáhaldshönnuð?*** „Það er fullt af liði í kringum mann sem eru hálfgerð fermingarbörn á einn eða annan hátt í þessum bransa, en ég hef fulla trúa á því að þau eiga eftir að sigra heiminn einn góðan veðurdag. Mér þykja til dæmis Edda Guðmundsdóttir, Erna Einarsdóttir, Hrafnhildur Halldórsdóttir og Petra Bender mjög hæfileikarík- ar. Svo eru það hönnuðir eins og Henrik Vibskov, Wood Wood, Rodarte, Bernhard Wilhelm og Sonia Rykiel."

***Bestu kaupin?*** „Svört peysa sem er hægt að leika sér endalaust með, svartur kjóll sem ég keypti í Amsterdam, og svart/hvítur kjóll sem ég fékk í Berlín. Elska þessar flíkur að eilífu."



***Verstu kaupin?*** „Ég á fullt af fötum sem ég keypti í algjöru skyndibrjálæði og taldi á þeim tímapunkti að ég kæmist ekki í gegnum lífið án þess að eiga. Þessar flíkur hef ég lítið sem ekkert notað og verðmiðinn er jafnvel enn á nokkrum þeirra."

***Fyrir hverju ertu veikust?*** „Ég er tvímælalaust veikust fyrir skóm."

***Uppáshaldsbúðin?*** „Þegar það kemur að „window shopping" þá er það Kronkron, sprmrkt/spr+ í Amsterdam, Wood Wood í Berlín, og Pixie Market í New York."





***Nauðsynlegast í fataskápnum?*** „Föt til þess að verma líkamann."

***Hvað dreymir þig um að eignast núna?*** „Það væri ekki leiðinlegt að eignast nýjan lager af fötum akkúrat núna."

***Hvernig er heimadressið þitt?*** „Ég hef aldrei skilið hugtakið heimadress. Ég bomba mér bara í einhverjar flíkur á morgnana og er í þeim allan daginn, sama hvort það er heima eða einhvers staðar úti."

**1 Svart/hvítur kjóll sem ég keypti í versluninni California Vintage í Berlín. 2 Svartur sparikjóll sem ég fékk í Amsterdam. 3 Ég man ekki hvaðan þessar flíkur eru, en þær eru í nokkru uppáhaldi. 4 Svörtu peysuna keypti ég í Amsterdam. Hálsmenið bjó ég til sjálf úr gjafabandi.**



ERTU SÍÞREYTT(UR)?

Þekkir þú tilfinninguna að vera þreytt(ur) á óheppilegum augnablikum? ÉNAXIN hjálpar þúsundum manna hvern dag að losna við þreytu, leiða og orkuleysi.

ÉNAXIN er náttúrulegt efni unnið úr öflugum og heilnæmum jurtakjörnum sem gefur þér orku og kraft strax. Mjög áhrifaríkt mixtúra eða töflur sem virka frá fyrsta degi – prófaðu ÉNAXIN strax í dag.

Þú færð ÉNAXIN í heilsubúðum, apótekum og heilsuhillunum í Fjarðarkaup og Hagkaup.

ÈNAXIN
ORKA BEINT FRÁ NÁTTÚRUNNI




Virkar frá fyrsta degi

Losar þig við þreytu

ÉNAXIN er ein vinsælasta heilsuvaran á Norðurlöndunum og nú fáanleg á Íslandi.

## NEW YORK

BORGIN mín

**Dögg Hjaltalín í bókabúðinni Skuld**

**MORGUNMATURINN:** Besti morgunmaturinn er á litlu kaffihúsi í Tribeca-hverfinu á Reade Street, rétt við W-Broadway, sem býður upp á samlokur úr brauði sem er bakað á staðnum og mjög góða kaffidrykki. Þetta er heimilislegt kaffihús þar sem þægilegt er að lesa dagblöðin og fylgjast með mannlífinu vakna til lífsins.

**SKYNDIBITINN:** New York hefur upp á alltof góða matarstaði að bjóða til að réttlætanlegt sé að eyða matarlystinni í skyndibita. Fljótlegar máltíðir má fá á Mama Rosa sem er á nokkrum stöðum á Manhattan. Þar er hægt að fá mjög góðan mexíkóskan mat og hápunkturinn er lárperumaukið sem er búið til fyrir framan þig.



**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Mér finnst skemmtilegast að fara út að borða í Litlu-Ítalíu því þar er fullt af litlum sætum ítölskum stöðum sem bjóða upp á góðan mat og góða þjónustu á ítalska vísu. Þar er hægt að sitja lengi fram eftir og rölta á milli staða.

**BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ:** Best geymda leyndarmálið breiðist hratt út en það er súkkulaðibar Max Brenners rétt við Union Square. Þar má gæða sér á fjöldanum öllum af súkkulaðikokteilum, súkkulaðipitsum og öðrum kræsingum gerðum úr súkkulaði og öðru góðgæti.

**UPPÁHALDSVERSLUNIN:** Uppáhaldsverslunin er bókabúð Barnes & Noble á númer 555 á 5th Avenue þar sem má finna mesta úrval viðskiptabóka sem ég hef séð og veit um. Þar er hægt að gleyma sér í dágóðan tíma og þjónustan þar er frábær enda vinna þar fimm starfsmenn sem vita allt.

**BEST VIÐ BORGINA:** Helsti kostur New York sem borgar er fjölbreytileikinn. Það er hægt að fá frábæran mat frá öllum heimshornum og upplifa þá stemningu sem þig langar til hverju sinni. Það eina sem þarf að gera er að flakka á milli hverfa.

www.vvv.is




VIKA 43 - vímuvarnavikan

# Áskorun 2009

Neytendum kannabisefna sem leita sér meðferðar hefur fjölgað um helming síðustu ár á Íslandi. Þar á ungt fólk einkum í hlut. Skaðleg líffræðileg áhrif kannabisneyslu eru þekkt, svo og tengsl við neyslu annarra fíkniefna, s.s. amfetamíns. Á grundvelli þessarar vitneskju er mikilvægt að börn og unglingar láti ekki blekkjast af rangfærslum um kannabisefni, heldur afli sér traustra upplýsinga. Til þess þurfa þau stuðning og hvatningu af hálfu foreldra/forráðamanna, kennara, þjálfara, leiðbeinenda og annarra sem standa vörð um hag og velferð þeirra.

Í æsku og á unglingsárum er lagður grunnur að framtíð einstaklings. Þá mótast mikilvægar forsendur lífssýnar, þroska og heilbrigði síðar á ævinni. Börn og ungmenni eru berskjölduð fyrir hvers kyns áróðri, m.a. fyrir neyslu fíkniefna. Fíkniefnaneysla getur verið dýrkeypt. Það þekkja þeir sem misst hafa tökin á neyslu sinni, fjölskyldur þeirra, aðstandendur og vinir. Málið varðar okkur öll.

## Málið varðar okkur öll!

## ÞÁTTTÖKUSAMTÖK VIKU 43

SAMTAKAMÁTTUR SKILAR MESTU

Bandalag íslenskra skáta | Brautin - bindindisfélag ökumanna | FÍÆT - félag íslenskra æskulýðs- og tómstundafulltrúa | FRÆ - Fræðsla og forvarnir | Heimili og skóli | IOGT á Íslandi | ÍSÍ | ÍUT-forvarnir | KFUM-K | Krabbameinsfélag Reykjavíkur | Kvenfélagasamband Íslands | Samstarf um forvarnir SAMFO | SAMFÉS | Samtök foreldra gegn áfengisauglýsingum | Samtök skólamanna um bindindisfræðslu SSB | UMFÍ | Ungmennahreyfing IOGT | VÍMULAUS ÆSKA - Foreldrahús | Hvíta bandið - líknarfélag | Vernd - fangahjálp

## STUÐNINGSAÐILAR VIKU 43

Þökkum stuðninginn

**Reykjavík**
About Fish Íslandi ehf
Arctic rafting
Arkform, T.G.M. ráðgjöf
Arkitektar Laugavegi 164 ehf
Arkitektastofan Austurvöllur
ASK Arkitektar ehf
Austurbæjarskóli
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
Álnabær hf, vefnaðarvöruverslun Tjarnargötu 17 Keflavík
Barnaverndarstofa
Bernharð Laxdal ehf
Betri bílar hf, bifreiðaverkstæði
BGI málarar ehf
Bílasmiðurinn hf
Blikksmiðurinn hf
Blómastofa Friðfinns ehf
Bóksala kennaranema
Bónus
BSRB
Congress Reykjavík - Ráðstefnuþjónusta ehf
Danica sjávarafurðir ehf
Efling stéttarfélag
Eyrir fjárfestingafélag ehf
Faxaflóahafnir sf
Fjarhitun hf
Fjölbrautaskólinn við Ármúla
Frjálsíþróttasamband Íslands
G Hannesson ehf
G.S.Flutningar ehf sími: 821-1966
GB Tjónaviðgerðir ehf
Gítarskóli Ólafs Gauks
Golfklúbbur Reykjavíkur
Gunnar afi SH 474
Hafgæði sf
Háteigsskóli
Heimili og skóli
Heimilisprýði ehf
HGK ehf
HJ bílar ehf
Hjálpræðisherinn á Íslandi
Hús verslunarinnar sf
Hússtjórnarskóli Reykjavíkur
Höfðakaffi ehf
Iceland Seafood ehf
Iðntré ehf
Innheimtustofnun sveitarfélaga
Ísold ehf
Íþrótta-og tómstundasvið Reykjavíkur
JP Lögmenn ehf
KOM almannatengsl
Lagnagæði ehf
Laugarnesskóli
Lausn hugbúnaður, hýsing og ráðgjöf ehf
Lindin, kristið útvarp FM 102,9
List og saga ehf
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
Löndun ehf
Matthías ehf
Menntamálaráðuneytið
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Móa ehf
Námsflokkar Reykjavíkur
Nexus afþreying ehf
NM ehf
Nói-Síríus hf
Nýi tónlistarskólinn
Nýja teiknistofan ehf
Ósal ehf
Rafsvið sf
Reykjavíkurborg -Velferðarsvið
Rimaskóli
Samhjálp
Samiðn
Seljakirkja
SÍBS
Sjómannadagsráð
SORPA
Steindór Jónsson ehf
Suzuki bílar hf
Sökkull ehf
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar
Trésmiðjan Jari ehf
Tryggingamiðlun Íslands ehf
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf
V.R.
Verkfræðistofan VIK ehf
Verslunin 10-11
Wilson's Pizza
Yogastöðin Heilsubót
Ögurvík hf

**Kjalarnes**
VT þjónustan ehf

**Seltjarnarnes**
Seltjarnarnesbær

**Vogar**
Loftræstihreinsun ehf
Stóru-Vogaskóli
V.P.vélaverkstæði ehf

**Kópavogur**
ALARK arkitektar ehf
AP varahlutir ehf
Bílvogur ehf
Byggðaþjónustan ehf
dk hugbúnaður ehf., dk.is
Eignarhaldsfélag Brunabótafélag Íslands
Gróðastöðin Storð ehf
Gæðaflutningar ehf
Hagblikk ehf
Íslandsspil sf
Kópavogsbær
Kríunes ehf
Rafvirkni ehf
Salaskóli
Skipasalan ehf
Söluturninn Smári
Tónlistarskóli Kópavogs
Verkfræðistofa Erlends Birgissonar ehf
www.mannval.is
Öryggismiðstöðin

**Garðabær**
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf
Garðabær
H.Filipsson sf
Loftorka Reykjavík hf, verktaki

**Hafnarfjörður**
Byggingafélagið Sandfell ehf
Fínpússning ehf
Guðmundur Rúnar Ólafsson, tannlæknir
Iðnskólinn í Hafnarfirði
Kerfi ehf
Lerkiverktakar ehf
Lækjarskóli
netafrit.is ehf
Sigrún Óla arkitekt FAÍ www.solark.is s: 861-2707
Síld og Fiskur ehf
VBS-verkfræðistofa ehf
Verkalýðsfélagið Hlíf
Vélslípun ehf
www.gardyrkjan.is

**Reykjanesbær**
Bókhald og skattur ehf
Fiskbúðin Sæbær ehf
HS Orka hf
Íslenska félagið ehf
Keflavíkurflugvöllur ohf
Keflavíkurkirkja
Nesprýði ehf
Nesraf ehf
Rafiðn ehf
Reykjanesbær
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Slakki ehf
Tannlæknastofa Einars Magnússonar ehf
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis
Verkfræðistofa Suðurnesja hf
Verslunarmannafélag Suðurnesja

**Grindavík**
Einhamar Seafood ehf
Grímsnes ehf
Ungmennafélag Grindavíkur
Þorbjörn hf

**Garður**
Útskálakirkja

**Mosfellsbær**
Betri lagnir ehf
Garðyrkjustöðin Gróandi
Ingimundur Magnússon ehf
Ísfugl ehf
Kjósarhreppur www.kjos.is
Kvenfélag Kjósarhrepps
Nýja bílasmiðjan hf

**Akranes**
GT Tækni ehf
Runólfur Hallfreðsson ehf
Straumnes ehf, rafverktakar
Sýslumannsembættið á Akranesi

**Borgarnes**
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf
Skorradalshreppur
Sæmundur Sigmundsson ehf
Traktorsverk ehf
Tannlæknastofa Hilmis ehf

**Stykkishólmur**
Rauði kross Íslands Stykkishólmsdeild
Stykkishólmskirkja
Þ.B.Borg ehf

**Ólafsvík**
Steinunn ehf

**Reykhólahreppur**
Glæðir, blómáburður sími: 866 9386

**Ísafjörður**
Bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar
Hamraborg ehf
Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar

**Bolungarvík**
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf

**Patreksfjörður**
Albína verslun
Nanna ehf

**Tálknafjörður**
Eik hf, trésmiðja

**Staður**
Allinn, veitingahús

**Hólmavík**
Thorp ehf

**Hvammstangi**
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga
Húnaþing vestra
Kvenfélagið Iðja

**Blönduós**
Holtsmúli vélainnflutningur
Húnavatnshreppur

**Sauðárkrókur**
Kaupfélag Skagfirðinga
Kvenfélagið Framför
Sveitarfélagið Skagafjörður - Ráðhús
Útgerðarfélagið Sæfari ehf
Verslun Haraldar Júlíussonar

**Varmahlíð**
Akrahreppur Skagafirði

**Siglufjörður**
Egilssíld ehf
Grunnskóli Siglufjarðar
Jóhannes Egilsson

**Akureyri**
Akureyrarkirkja
Átak sf
Baugsbót sf, bifreiðaverkstæði
Blikkrás ehf
Hlíð hf
Ísgát ehf
Kjarnafæði hf
Knattspyrnufélag Akureyrar
Rafröst ehf
Vaxtarræktin ehf
Völvusteinn hf
Ösp sf, trésmiðja

**Grenivík**
Jói ehf

**Dalvík**
Dalvíkurkirkja

**Ólafsfjörður**
Norlandia ehf

**Húsavík**
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf
Lindi ehf
Tjörneshreppur

**Laugar**
Framhaldsskólinn á Laugum
Norðurpóll ehf

**Egilsstaðir**
Bílamálun Egilsstöðum ehf
Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf
Fellaskóli
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Skógrækt ríkisins

**Seyðisfjörður**
Seyðisfjarðarkaupstaður

**Eskifjörður**
Eskja hf
Fjarðaþrif ehf

**Neskaupstaður**
Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf

**Breiðdalsvík**
Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra

**Höfn í Hornafirði**
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellsýslu
Mikael ehf
Nóna ehf
Öræfi
Félagsbúið Hnappavöllum 4

**Selfoss**
Björgunarfélag Árborgar
Hitaveita Frambæja
Pylsuvagninn Selfossi
Sigurður Ágúst ehf
Tannlæknastofa Halls og Petru
Verkfræðistofa Guðjóns

**Hveragerði**
Eldhestar ehf
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði www.hnlfi.is
Hveragerðisprestakall
Litla kaffistofan

**Þorlákshöfn**
Fagus ehf
Frostfiskur ehf
Þorláks- og Hjallakirkja

**Stokkseyri**
Kvenfélag Stokkseyrar

**Laugarvatn**
Menntaskólinn að Laugarvatni

**Flúðir**
Héraðssjóður Árnesprófastsdæmis
Hrunaprestakall

**Hella**
Sólfugl ehf

**Hvolsvöllur**
Héraðsbókasafn Rangæinga
Holtsprestakall

**Kirkjubæjarklaustur**
Kvenfélag Kirkjubæjarhrepps

**Vestmannaeyjar**
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf

RÁÐGJAFARSKÓLI ÍSLANDS | ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS | FRÆ FRÆÐSLA OG FORVARNIR | samfo SAMSTARFSRÁÐ UM FORVARNIR | Orkuveita Reykjavíkur | VÍNBÚÐIN | ÍSFUGL | NEYTENDASTOFA | SÍMI 513 4300 | SORPA Flokkum og skilum | VISA



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Arnþrúður Dögg Sigurðardóttir**

**1**



Vakna eldsnemma, fá sér gott kaffi heima og ná í pottana fyrir vinnu.

**2**



Fara á Gráa köttinn í morgunmat með mínum fögru konum.

**3**



Fara með þær allar síðan í mega-spa að tyrkneskum hætti í nokkra tíma.

**4**



Fá mér fegurðarblund.

**5**



Fara svo með ást lífsins á fagran veitingastað í kvöldverð og kokteila – jafnvel hendast í nokkra samkvæmisdansa.


SHISEIDO

**FÆST NÚ Í SNYRTIVÖRUDEILD LYFJA & HEILSU KRINGLUNNI**




PIPAR • SÍA • 91599

*Nú eru hinar heimsþekktu Shiseido snyrtivörur komnar í snyrtivörudeild Lyfja & heilsu Kringlunni.*

*Af því tilefni kynnum við þessar vönduðu snyrtivörur föstudaginn 23. og laugardaginn 24. október.*

*Ráðgjafi frá Shiseido aðstoðar þig við val á kremum og farða sem hentar þinni húðgerð.*

***Glæsilegir kaupaukar fylgja!***

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa Kringlunni






**15% afsláttur af þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum**

ORMSSON

VERSLANIR UM LAND ALLT · SÍMI 530 2800

# Helgar FRÉTTABLAÐIÐ blað
alla laugardaga



## Helgarblaðið:

Ekki lengur dóni.
-Mikael Torfason í helgarviðtali

Myrkraheimur mansalsins.
-úttekt um mansal á Íslandi

Sterkasta konan á Íslandi.
- Jóhanna Eivinsdóttir Christiansen í yfirheyrslu



## Matur:

Grikk eða gott?
-Hrekkjavökuveislur fyrir börn og fullorðna.

Hjónabandssæla Katrínar Bessadóttur og Helga Seljan.

Hollir og góðir.
-Þararéttir frá Rúnari Marvinssyni.



Allt sem þú þarft




NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

# Brot úr Nígeríubréfum

Fátt þykir mér jafn skemmtilegt og að blaða í gegnum svikamyllubréf sem mér berast í ruslpóstinum mínum. Þar biðja einhverjir skúrkar um að ég leggi þeim lið við að millifæra háar fjárhæðir á milli landa. Og mér verði umbunað fyrir ómakið. Sögurnar eru krassandi og magnað hvað hrapparnir hafa fjörugt ímyndunarafl.

Fyrst er bréf frá Elizabeth Muzaza sem býr í Sierra Leone. Hún er eiginkona hershöfðingjans Joseph Muzaza. Elizabeth sárvantar aðstoð við að koma undan miklum auðæfum sem eiginmaður hennar skildi eftir sig en hann var myrtur af hersveitum í Tanzaníu. „Vegna diplómatískra sambanda náði hann að koma peningunum sínum, 7,5 milljónum dollara, fyrir á bankareikningi á Fílabeinsströndinni,“ skrifar Elizabeth og lofar öllu fögru.



Hitt bréfið kemur frá lögfræðinginum Richard Coleman sem starfar hjá lögfræðiskrifstofunni Coleman and Jakes Solicitors í London. Í bréfinu kemur fram að Coleman sé í vanda með að finna ættingja skjólstæðings síns og spyr hvort ég geti ekki bara verið einn af þeim og komið þannig í veg fyrir að bankinn taki til sín háar fjárhæðir sem skjólstæðingurinn skildi eftir sig. Ég fái auðvitað sitthvað fyrir minn snúð, bara að senda símanúmer og heimilisfang.

Með aðstoð Google komst ég að þessu: Joseph Muzaza er hrísgrjónabóndi í Zambíu og Elizabeth Muzaza er til á lista fraudwatchers.com. Lögfræðingurinn Richard Coleman er í fullu fjöri, starfar helst á sviði fjármálaviðskipta í London. Lögfræðiskrifstofan Coleman and Jakes Solicitors er hins vegar nágranni Elizabeth á áðurnefndum lista.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Betra verð í BT





## PES2010

Nýjasti leikurinn í Pro Evolution Soccer seríunni. Leikurinn inniheldur fjölda nýjunga, en meðal þeirra er fullkomnari Master League, flottari grafík, ferskari spilun og fleiri möguleikar. PES2010 er mættur sterkari en áður.

89 af 100 – PSM3 Magazine
87 af 100 – IGN UK
80 af 100 – Eurogamer Italy

PC, PS3, Xbox 360

9.999 PS3

10.999 PS3
Fáanlegur á PS2 – PS3 - XB360

10.999 PS3
Fáanlegur á PS3 - XB360

6.999 PC

## Forsala á BT.is



**Call of Duty**
Modern Warefare 2
Fáanlegur á PS2 – PS3 - XB360

Lendir 10. nóv

9.999 PS3

Lendir 20. nóv

9.999 PS3
Fáanlegur á PS2 – PS3 - XB360



5.999 Wii
Fáanlegur á PS2 – PSP- Wii - DS

3.999 PC
Fáanlegur á PC – PS2 – PS3 - XB360

9.999 PS3
Fáanlegur á PC – PS2 – PS3 - XB360

10.999 PS3
Fáanlegur á PS2 – PS3 - XB360

## Ný tónlist



2.199

1.999

1.999

2.799

## Nýtt á DVD



1.999

1.999



2.399

## DVD tilboð



899

BT

BT Skeifan • BT Smáralind • BT Akureyri • www.bt.is • Sími 550 4444


ATLANTSHAF
Kólumbus 1492
Kólumbus 1502–04
Karíbahaf
FRÁ FYRSTU TÍÐ TIL NÚTÍMANS
Fortíðin frá ótal sjónarhornum: lykilmenn, hugmyndastefnur, tímamótaviðburðir og framþróun í tækni og menningu. Aragrúi mynda víðs vegar að úr heiminum og glöggur og upplýsandi texti.
SÉRSTAKT KYNNINGARVERÐ TIL ÁRAMÓTA
Öndvegisrit sem á erindi inn á hvert heimili
„Sá sem ekki þekkir söguna er dæmdur til að endurtaka hana.“
George Santayana
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



Frobisher 1576
PORTÚGAL
SPÁNN
Kanarí-
eyjar
A F R Í K A
GRÆNHÖFÐA-
EYJAR
Sierra Leone-höfði
A S Í A
KÍNA
INDLAND
Goa
JPV ÚTGÁFA
SAGAN
DÝRIN
MAÐURINN
JÖRÐIN
Endimörk stórvelda
STÓRVIRKI
612
BLAÐSÍÐUR
Í STÓRU BROTI

# Banvænt að vera gunga

Leiklist ★★★★

**Brennuvargarnir**

Höfundur: Max Frisch

**Þýðing:** Bjarni Jónsson **Leikmynd:** Ilmur Stefánsdóttir **Tónlist:** Barði Jóhannsson **Lýsing:** Halldór Örn Óskarsson **Myndbönd:** Tinna Lúðvíksdóttir **Leikstjóri:** Kristín Jóhannesdóttir

Brennuvargarnir voru frumsýndir á föstudaginn var. Biederman þýðir í raun smáborgari. En hvað er að vera smáborgari?

Skilyrðislaus ást er skiljanleg, þó svo óskiljanleg sé, en aftur á móti er skilyrðislaus meðvirkni ekki skiljanleg. Það getur verið banvænt að vera gunga. Leikritið um brennuvargana sem hreiðra um sig á loftinu hjá Biedermanhjónunum, er ein af perlum leikbókmenntanna á liðinni öld. Það er erfitt að klúðra handriti sem er svo vel skapað af höfundi að líkja mætti við gullinsnið byggingarlistarinnar. Sýningin í Þjóðleikhúsinu er athyglisverð. Hún er spennandi, hún er skemmtileg, áheyrileg og hver áhorfandi hefði þurft að minnsta kosti fjögur augu til þess að ná öllum þeim myndskeiðum sem liðu yfir sviðið, bakvið það og í litabreytingum. Tónlistin var spennandi með sterkum hrynjanda, skírskotun í hófadyn eða einhvern annan dyn sem líklega myndi enda með dynki.

Um hvað fjallar þetta verk í raun og veru? Líklega hafa umræður af þeim toga ekki svifið eins í loftinu meðal frumsýningargesta lengi. Er það um heimskuna? Er það um græðgina? Fáranleikann? Hégómann? Meðvirkni? Er það um eyru sem heyra ekki og augu sem ekkert sjá? Það er vel til þess fallið að vekja spurningar og svör.

Sú sýning sem hér var um að ræða gaf í sjálfu sér engin svör og spurningarnar voru kannski oft íklæddar svo miklu glensi að alvaran hvarf. Björn Thors leikur Schmitz glímukappa sem kemur sér fyrir á loftinu heima hjá Biederman. Björn skilaði þessu hlutverki vel og líkamsburðir hans nutu sín til fullnustu. Hann var sambland af aula og útsmognum tækifærissinna í sínu fasi og glottið sem leikur um varir hans þegar hann hjúfrar sér upp við brjóst hinnar grandalausu og vitgrönnu Babette er eitt af betri augnablikum sýningarinnar.



**LEIKLIST** Magnús Jónsson og Björn Thors í hlutverkum brennuvarganna.
MYND ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/EDDI

## Myndræn sýning

Sýningin er sneisafull af augnablikum, yfirfull af táknum, sviðsmynd sem heillaði og vakti spurningar og var skýr og einföld en þó svo margræð. . Ilmur á hrós skilið fyrir mjög athyglisverða og hreyfanlega leikmynd. Lýsing Halldórs Arnar Óskarssonar var einnig góð svo ekki sé talað um tónlist Barða Jóhannssonar sem rammaði inn þennan hluta listaverksins.

Þetta var sýning þar sem handbragð leikstjórans var mjög svo sýnilegt. Kristín Jóhannesdóttir hefur sýnt það og sannað að hennar styrkur liggur oft í táknum og tilvísunum og er þessi sýning engin undantekning þar á, þó svo að hún hafi valið ákveðna stílfærslu í leiknum með aðferðarfræði farsans að leiðarljósi. Um leið og Ólafía Hrönn Jónsdóttir í hlutverki Frú Babette byrjar að geifla sig og tipla um á sviðinu lyftast brúnir áhorfenda og taktarnir sem eru nú orðnir nokkuð þekktir eru alltaf jafn aðlaðandi. Hún nýtur sín til fulls í því áhyggjuleysi sem einkennir þessa óupplýstu og hjákátlegu manneskju.

## Leikarahópurinn

Eggert Þorleifsson stóð í ströngu í hlutverki smáborgarans sem þóttist vara við brennuvörgum en var svo sjálfur meðvirkari en vatnsdropi. Þegar Biederman hittir kórinn, sem er almenningur, slökkviliðið og rödd fólksins, og reynir að hindra framgöngu hans myndast átakaatriði sem er með þeim eftirminnilegustu í verkinu.

Eggert fer með hlutverk manns sem upphefur sjálfan sig, þykist vera sterkur og stór en er í raun raggeit og bleyða. Þetta eru allt eiginleikar sem hann á gott með að koma á framfæri.

Magnús Jónsson fer með hlutverk Villa hins uppstrílaða brennuvargs, þess sem mannasiðina kann og með slepjunni og lymskunni tekst að rugla Biederman gersamlega í ríminu. Magnús er fimur sem kötturinn og framsögnin góð. Edda Arnljóts í hlutverki hinnar þreyttu og útpískuðu vinnukonu hélt sínum eymdarbrag allan tímann og gerði það vel einkum þegar hún tryllist yfir misvísandi skipunum frá húsbændum sínum.

Doktorinn, fulltrúi þeirra sem þykjast taka eftir og spjalla saman yfir kaffibolla en kasta sér ekki út í slaginn fyrr en allt er farið að brenna. Valur Freyr Einarsson fer með þetta hlutverk og minnir óneitanlega á þýska rithöfunda, samtímamenn Frisch.

Kórinn fléttaðist kannski ekki nógu vel inn í atburðarásina eða stemninguna þar sem taktur hans var allt annar. Hann var tregur í gang en þegar á leið tók hann einnig að líða um sviðið bæði upphækkaður eins og hjá Grikkjum forðum og í stíl við brennuvarginn og einnig eins og brúður sem fljóta ofan á vatni… með straumnum. Þetta er góð sýning sem einkennist af agaðri leikstjórn.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Spennandi, skemmtileg og athyglisverð sýning.


Hann á afmæli
hann Einar



Í tilefni af því að 145 ár eru frá fæðingu hins ástsæla Einars Benediktssonar hefur veitingahúsið Einar Ben ákveðið að stilla upp 7 rétta matseðli, í anda brúðkaups seðils Einars og Hildar Zoega (sem haldið var 15. júní 1899), frá fimmtudeginum 22. október til sunnudagsins 25. október n.k. Matreiðslumeistarar Einars Ben tóku brot af því besta af þeim seðli og uppfærðu það í nútimalegra form.

Til að gefa sem flestum tækifæri til að prófa seðilinn hefur verðinu verið stillt í hóf eða aðeins 7.500 kr. á mann!
Fyrir þá sem vilja prófa hluta af seðlinum, verður hægt að panta hvern rétt fyrir sig.

Til að fullkomna kvöldið, mun ein skemmtilegasta jazz hljómsveit landsins, hljómsveit Helga Jazz, spila á fimmtu-, föstu- og laugardagskvöld frá kl. 22:00 til 24:00 á Einars Bar, aðgangur ókeypis!

Leyfðu þér og þínum að njóta frábærra veitinga í skemmtilegu umhverfi á sanngjörnu verði!

Borðapantanir í síma: 511 5090
eða á e-mail einarben@einarben.is

Einar Ben
RESTAURANT
Veltusundi 1/Sími: 511 5090 www.einarben.is



LJÓÐASAFN
INGIBJARGAR
HARALDSDÓTTUR



*Þær hafa lengi verið ófáanlegar – en nú eru aðrir tímar:*

Allar fimm ljóðabækur
Ingibjargar Haraldsdóttur
í einni glæsilegri bók,
auk úrvals þýddra ljóða.
Inngangur eftir
Dagnýju Kristjánsdóttur.



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



GERÐUBERG
Menningarmiðstöð
2009

Litrík menning
gagnkvæm miðlun
Laugardag og sunnudag
24. – 25. október





**Kl. 13 - 17 Flóamarkaður** – Handverk, heimagerðar sultur, notuð föt, geymsludót og fleira til sölu.

**Kl. 13 - 17 Kynningar – Þjónustuaðilar og félagasamtök** sem höfða til íbúa af erlendum uppruna, og áhugafólks um litríka menningu, kynna starfsemi sína.

**Kl. 14.00 - 15.00 Sóla á sögubílnum Æringja** tekur á móti börnum á bókasafninu.

**Kl. 15.00 - 16.30 Umræðusmiðjur**
Listamenn af erlendum uppruna og áhugafólk um menningu miðlar af reynslu sinni. Stutt erindi og umræður á eftir.
(laugardag) Edna Mastache • Fitore Berisha • Vadim Fedorov
(sunnnudag) Pétur Jónsson • Anh-Dao Tran • María Priscilla Zanoria

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Leiðsögn fyrir hópa | Netfang: gerduberg@reykjavik.is
Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | www.gerduberg.is



VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is
Viltu hitta hæsta mann í heimi?
Heimsmetabók Guinness 2010
Stappfull af öllu því ferlegasta, furðulegasta og flottasta sem þú getur ímyndað þér. Og ef þetta er ekki nóg geturðu bætt um betur og „sótt metið á netið“!
GUINNESS WORLD RECORDS 2010
BÓK ÁRATUGARINS
2,465 metrar
Sjáumst í Smáralind!
Við bjóðum Sultan Kösen, hæsta mann í heimi, velkominn til Íslands! Útgáfuhátíð Guinness heimsmetabókarinnar 2010 fer fram í Smáralind laugardaginn 24. október.
Sultan er sérstakur heiðursgestur og gefur aðdáendum sínum RISAfingrafar í bókina.
Tvær uppákomur verða fyrir framan Hagkaup í Smáralind kl. 14–15 og 16–17.

**> CRUISE FYRIRMYNDIN**

Mary Harron, leikstjóri kvikmyndarinnar American Psycho, segir að leikarinn Tom Cruise hafi verið fyrirmyndin að Patric Bateman, aðalsögupersónu myndarinnar. „Ég og Christian Bale ræddum karaktersköpunina mikið. Okkur fannst báðum að Patric Bateman væri fjarlægur og hvernig hann horfði á heiminn eins og hann væri frá annarri plánetu.“ Eftir að Bale sá Tom Cruise í þætti Davids Letterman varð ekki aftur snúið, Cruise varð fyrirmyndin.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Ekki eins heimsk og fólk telur

Paris Hilton segist ekki vera eins heimsk og margir halda. Í nýju viðtali sem var tekið við hana á bresku sjónvarpsstöðinni ITV2 útskýrir hún hvers vegna hún noti skæra „barnarödd“ þegar hún kemur fram í þáttum á borð við Simple Life. „Þegar ég nota þessa barnarödd er eins og ég sé í þessum karakter sem ég bjó til. Í raun er ég allt öðruvísi manneskja,“ sagði hótelerfinginn. „Ég er mjög jarðbundin og gáfuð. Ég veit hvað er að gerast í kringum mig. Stundum er ég að spila með ímyndina og hlæja að sjálfri mér í leiðinni,“ sagði hún. „Margir halda að það sé ekkert í hausnum á mér en dagsdaglega þegar ég er með vinum mínum eða á viðskiptafundum tala ég með venjulegu röddinni.“

Vinkona hennar Nicole Richie, sem sló líka í gegn í raunveruleikaþáttunum Simple Life, hefur í nógu að snúast þessa dagana og einbeitir sér að fjölskyldulífinu. Hún er á forsíðu tímaritsins People Magazine með son sinn Sparrow James Midnight Madden sem er aðeins sex vikna og segist aldrei hafa verið hamingjusamari. Fyrir átti hún dótturina Harlow sem er 21 mánaða með kærasta sínum Joel Madden. „Ég gæti ekki verið hamingjusamari. Það eina sem móðir vill er að börnin hennar séu heilbrigð og ánægð og mín eru það. Ég er á hárréttum stað í lífinu,“ sagði hún og bætti við að Harlow væri ekkert afbrýðisöm út í nýjasta fjölskyldumeðliminn. „Hún elskar hann svo mikið. Hún er mjög góð við hann.“



**NICOLE RICHIE** Á hárréttum stað í lífinu með kærasta og tvö lítil börn.

**PARIS HILTON** Segist ekki vera eins heimsk og margir halda.






# Gaddfreðnir Westlife-liðar í tískufötum uppi á jökli

**Strákarnir í Westlife tóku upp myndband á Íslandi í vikunni. Myndbandið verður að líkindum frumsýnt í sjónvarpsþættinum X-Factor sem milljónir horfa á í hverri viku.**



**Á TÖKUSTAÐ** Westlife-piltarnir gáfu sér lítinn tíma til að skoða hvað Reykjavík hafði upp á að bjóða; tökur á nýju myndbandi þeirra stóðu frá morgni til kvölds.

„Þeir höfðu engan tíma fyrir neitt annað en tökurnar, þetta var mjög stíf dagskrá hjá þeim,“ segir Rafnar Hermannsson hjá True North. Hann var með Westlife við tökur á nýju myndbandi sveitarinnar við Jökulsárlón og Skálafellsjökul. Fréttablaðið greindi frá væntanlegri för strákabandsins en það er eitt það allra vinsælasta á Bretlandseyjum og þótt víðar væri leitað. Leikstjóri myndbandsins var Phil Adelman en sá hefur unnið með listamönnum á borð við Beyoncé, Lenny Kravitz og Jay-Z.

Rafnar segir fjórmenningana í Westlife hafa komið til landsins á sunnudaginn. Síðan hafi verið unnið sleitulaust frá morgni til kvölds. Leiguvél ferjaði fjórmenningana milli Reykjavíkur og Hafnar í Hornafirði enda má engan tíma missa þegar dagsbirta er af jafn skornum skammti og nú er. „Við byrjuðum klukkan sex á morgnana og vorum að til níu á kvöldin. Og þegar öllum tökunum var lokið héldu þeir samstundis heim,“ segir Rafnar en Westlife fékk fínt veður meðan á tökunum stóð þótt óneitanlega hafi verið kalt. Drengirnir létu það þó ekki á sig fá og klæddust nýjustu tískufötunum, sem teljast ekki heppilegur klæðnaður þegar menn eru staddir uppi á hálendi Íslands. Þeim varð því nokkuð kalt, svo vægt sé til orða tekið. „Við vorum síðan bara með dúnúlpur til að hlýja þeim inni á milli.“

Þrettán manna hópur fylgdi drengjunum við hvert fótmál og þeim gafst lítið tækifæri til að kíkja á hið margrómaða næturlíf Reykjavíkurborgar, þrátt fyrir að þeir hafi gist í hjarta borgarinnar á 101 hóteli. Rafnar segir að gert sé ráð fyrir því að myndbandið verði frumsýnt annaðhvort um helgina eða í næstu viku í sjónvarpsþættinum X-Factor þar sem skapari sveitarinnar, Simon Cowell, situr við stjórnvölinn. Þættirnir eru meðal þeirra vinsælustu í bresku sjónvarpi og má því fastlega gera ráð fyrir að Ísland og alvöru jöklakulda beri þar talsvert á góma.

freyrgigja@frettabladid.is






# Lifir í núinu

Í viðtali við tímaritið In Style spjallar leikkonan Reese Witherspoon um samband sitt og leikarans Jakes Gyllenhaal. Reese og Jake kynntust árið 2007 við tökur á kvikmyndinni Rendition og hafa þau verið nánast óaðskiljanleg síðan. „Jake er frábær kokkur og hann eldar oft. Við eyðum helgunum á bóndabæ sem við eigum rétt fyrir utan Los Angeles. Þar ræktum við tómata og erum með hænur. Þetta minnir mig mikið á æskuslóðirnar í Tennessee,“ sagði leikkonan. Í viðtalinu talar hún einnig um skilnað sinn við leikarann Ryan Phillippe, en þau skildu árið 2006 eftir níu ára samband. „Maður þarf að endurmeta ákveðna þætti í lífi sínu eftir skilnað. Ég hef reynt að læra af mistökum mínum og reyni núna að lifa fyrir núið og hafa gaman af lífinu.“







KEMUR ÚT Í DAG!

**Útgáfufagnaður**
á Ölstofunni,
við Vegamótastíg,
**í dag kl. 17.**
Allir velkomnir!

Tilboðsverð
í Eymundsson til
kl. 22.00 í kvöld
**3.990,-**

# EINLÆG OG HEILLANDI



**Einlæg, áleitin og bráðfyndin reisubók**, uppfull af fróðleik um framandi slóðir. Þetta er heillandi frásögn manns sem fór yfir hálfan hnöttinn til að kynnast lífsháttum frumbyggja Ástralíu en fann þar fyrir sjálfan sig.

*„Hvað þetta var leiðinlegt. Hvernig datt mér þessi dauðans vitleysa í hug? Af hverju var ég hér, og af hverju læri ég aldrei af reynslunni? Þó að ég hafi þurft frí og heitt loftslag fyrir lungun í mér, þá þurfti ég ekki endilega að vera staddur aleinn í rykmekki hundruð kílómetra úti í stærstu eyðimörk Ástralíu. Af hverju get ég aldrei hegðað mér eins og venjulegt fólk? Af hverju var ég ekki á Tenerife? “*

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVIK

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| COUPLES RETREAT | kl. 5.40, 8 og 10.15 | 12 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 4 - Ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| 9 | kl. 4 | 10 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 og 9 | 16 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 - 8D - 10:20D | 12 |
| COUPLES RETREAT | kl. 3:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| GAMER | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| SKELLIBJALLA M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| FAME | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| ORPHAN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8 | 16 |
| SURROGATES | kl. 6 | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4D - 6D | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 10 | 12 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |

SPARbíó
550 KR Á Á MYNDIR MERKTAR APPELSÍNUGULU OG 850 Á MYNDIR MERKTAR GRÆNU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| COUPLES RETREAT | kl. 8:10D - 10:30D | 12 |
| GAMER | kl. 8:15D - 10:30D | 16 |
| SKELLIBJALLA M/ ísl. Tali | kl. 4:15D | L |
| FAME | kl. 6:15 | L |
| ORPHAN | kl. 10:30 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8:30 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4:15D - 6:15D | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 6:10(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 4:15 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| COUPLES RETREAT | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| SKELLIBJALLA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| GAMER | kl. 8 | 16 |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| ZOMBIELAND | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| ZOMBIELAND LÚXUS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 3.40 650 kr. | L |
| JÓHANNES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| 9 | kl. 10.15 | 10 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 | 14 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ZOMBIELAND | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| CAPITALISM | kl. 6 - 9 | 7 |
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| GUÐ BLESSI ÍSLAND | kl. 5.45 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 8 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 -10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.40 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| ZOMBIELAND | kl. 6.30 - 8.30 - 10.30 | 16 |
| BROKEN EMBRACES | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 | 16 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |
| ANTICHRIST | kl. 10.40 | 18 |


# Vill efla íslenskt hipp-hopp

**Hinn hálfíslenski Nicolas Kvaran, sonur sellóleikarans Gunnars Kvaran, þeytir skífum hér á landi um helgina. Hann er þekktur upptökustjóri í Danmörku og hefur unnið með sjálfum Ice Cube.**



**NICOLAS KVARAN** Hinn hálfíslenski upptökustjóri og tónlistarmaður ætlar að þeyta skífum í Reykjavík um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég hef alltaf haft náin tengsl við Ísland og mér finnst eins og ég sé að koma heim,“ segir Nicolas, sem þeytir skífum undir nafninu DJ Coldhands á skemmtistaðnum B5 í kvöld. Annað kvöld verður hann á Nasa ásamt vinum sínum í XXX Rottweiler, Ultra Mega Technobandinu Stefáni og DJ Delux.

Nicolas er sonur sellóleikarans Gunnars Kvaran en móðir hans er dönsk óperusöngkona. Hann hóf feril sinn í tónlistarbransanum árið 1986, aðeins fimmtán ára, og hefur ekki litið um öxl síðan. Með hljómsveit sinni og upptökuteymi Madness 4 Real hefur hann ferðast til Bandaríkjanna og unnið með röppurunum Ice Cube og Eazy-E, auk þess sem hann hefur starfað með Erpi Eyvindarsyni að sólóefni hans, XXX Rottweiler og hljómsveitinni Hæstu hendinni. „Við vorum svo heppnir að fara þangað þegar mikill uppgangur var í hipp-hoppinu í byrjun tíunda áratugarins,“ segir Nicolas um samstarfið með Ice Cube og félögum. „Það breytti lífi mínu að fá að sitja með átrúnaðargoðunum sínum og taka upp tónlistina þeirra. Eftir þetta hugsuðum við að við gætum alveg eins farið heim og hætt, því við höfðum náð okkar takmarki.“



**GUNNAR KVARAN** Faðir Nicolas er sellóleikarinn Gunnar Kvaran.

Meðan á dvöl Madness 4 Real í Bandaríkjunum stóð tók teymið upp 37 lög, þar af fjögur endurhljóðblönduð, með þarlendum röppurum. Samanlagt seldust plötur með lögunum í yfir 5,5 milljónum eintaka. Í Danmörku, þar sem Nicolas er búsettur, hefur Madness 4 Real verið áberandi í hipphopp-senunni og hafa skjólstæðingar þess náð miklum vinsældum með tilheyrandi fjölda tónlistarverðlauna.

Nicolas kom fyrst inn í íslensku hipphopp-senuna fyrir nokkrum árum í von um að gera hana betri. „Mér fannst gæðin ekki alveg nógu mikil. Við vildum bæta úr því og koma með nýja strauma. Ísland er ennþá mjög einangrað í tónlistinni þrátt fyrir netið og allt það, sérstaklega núna vegna kreppunnar. Þess vegna er svo mikilvægt að koma inn með eitthvað nýtt og veita fólki innblástur, sérstaklega í hipphopp-hreyfingunni.“

Hann er mjög hrifinn af Íslandi og heillast af því hvernig við leggjum okkur fram við að þýða ný erlend orð, sem Danir gera ekki. „Ég held að Danir séu búnir að gleyma því hvað það er að vera danskur. Fólk mætir á fótboltaleiki og slíka viðburði með fánana en við erum hætt að syngja lögin okkar og klæða okkur eins og við gerðum. Íslendingar skilja betur hvað það er að vera stoltur af uppruna sínum.“ freyr@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 23. október 2009**

### Tónleikar

**19.30** Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur kvikmyndatónlist eftir John Williams á tónleikum í Háskólabíói við Hagatorg.

**20.30** Gunnar Þórðarson flytur eigin lög á órafmögnuðum tónleikum í Félagsheimilinu Félagslundi í Flóahrepp. Húsið verður opnað kl. 20.



**22.00** Thin Jim and the Castaways heldur tónleika á Græna Hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

### Sýningar

Hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15 (6. hæð) hefur verið opnuð sýning á landslagsljósmyndum sem Grégory Gerault tók hér á landi. Opið alla virka daga kl. 12-19 og um helgar kl. 13-17.

### Síðustu forvöð

Í sal Íslenskar Grafíkur við Tryggvagötu 17 (hafnarmegin), lýkur sýningum Ríkharðs Valtingojer og Zdeneks Patak á sunnudaginn. Opið fim.-sun. kl. 14-18.

### Dansleikir

Pétur Örn og Einar Þór úr Buffinu verða á Players við Bæjarlind í Kópavogi.

Dalton verður á Skemmtistaðnum Spot við Bæjarlind í Kópavogi.

### Leikrit



**20.00** Pálína Jónsdóttir flytur leikverkið Völva í Kassanum, sýningarrými Þjóðleikhússins við Lindargötu.

### Málþing

**15.00** Málþing um grafík verður haldið í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu. Erindi flytja: Ríkharður Valtingojer, Valgerður Hauksdóttir, Gunnhildur Þórðardóttir, Friðrik Friðriksson og Ágústa Kristófersdóttir. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### Fyrirlestrar

**12.05** Böðvar Bjarki Pétursson, forstöðumaður Kvikmyndaskóla Íslands, flytur erindi um kvikmyndanám á háskólastigi hjá ReykjavíkAkademíunni í JL-húsinu við Hringbraut 121 (4. hæð).

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Brytinn gerði það

**Hjartaknúsarinn Gerard Butler var gestur Alexu Chung í þætti hennar á sjónvarpsstöðinni MTV. Í þættinum fékk hún Butler til að taka þátt í litlum leik sem hún kallaði The Butler Did It, eða Brytinn gerði það, þar sem Chun spurði Butler spurninga sem hann svaraði með setningunni Brytinn gerði það ef þær voru sannar. Meðal þess sem Butler játaði á sig var að hafa rænt Mars-súkkulaðistykki þegar hann var ungur drengur og að hafa þóst vera einhver annar.**






Hann sló í gegn með *Konum*
– nú kemur *Himinninn yfir Þingvöllum*

# SÁLARDJÚPIN KÖNNUÐ




**Þrír ungir menn.**

**Þrjár ungar stúlkur.**

**Þrír ólíkir heimar.**

Í þremur nærgöngulum og grípandi sögum kannar höfundur mörk mennsku og ómennsku og samband veruleika og óra á ógleymanlegan hátt.



„Það er eitthvað óhugnanlega ferskt við þessar sögur. Ófyrirsjáanleg og svimandi lesning ...“

ÞÓRDÍS GÍSLADÓTTIR

„Steinar Bragi er einfaldlega á stað þar sem aðrir íslenskir höfundar eru ekki ...“

EÍRIKUR GUÐMUNDSSON / KILJAN

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

## > Sveinbjörn með slitið krossband

ÍR-ingar urðu fyrir gríðarlegu áfalli þegar í ljós kom að landsliðsmaðurinn sterki Sveinbjörn Claessen sleit krossband í leiknum gegn KR í Iceland Express-deildinni um síðustu helgi. Meiðslin þýða að Sveinbjörn spilar ekki meira með ÍR á þessu tímabili. „Fram undan er nýtt verkefni sem ég mun kljást við og sinna vel og koma tvíefldur til leiks á ný með ÍR næsta tímabil. Það er orðið allt of langt síðan ÍR varð Íslandsmeistari og löngu kominn tími á þann stóra. Metnaðurinn til að fara alla leið með liðinu mínu mun án vafa halda mér einbeittum til að ná góðum og skjótum bata,“ segir Sveinbjörn í viðtali á heimasíðu ÍR.



**sport**
sport@frettabladid.is

N1-DEILD KARLA Í HANDBOLTA: FH-INGAR SÝNDU MIKINN KARAKTER OG UNNU AKUREYRI 27-30 NYRÐRA

# *Ég var að halda mér hrikalega í dauðafærunum*



Markvarsla Pálmars Péturssonar í seinni hálfleik, í bland við ævintýralega slakan sóknarleik heimamanna í Akureyri, lagði grunninn að 27-30 sigri FH á Akureyri í gær. FH var betra framan af og voru hinu sígilda skrefi á undan en Akureyringar bitu frá sér, ekki síst þegar Pálmar hætti að verja, og komust yfir. Þeir leiddu 18-16 eftir fyrri hálfleik þar sem gestirnir létu skapið hlaupa með sig í gönur, fengu fimm brottvísanir og meira að segja þjálfarinn átti eina þeirra. Hálfleikurinn var hraður og skemmtilegur og bæði lið sýndu fína takta. En seinni hálfleikurinn var ekki nema fimm mínútna gamall þegar FH-ingar voru komnir tveimur mörkum yfir, þeir skoruðu 5-1 og litu aldrei um öxl. Hrikaleg slæm sókn Akureyrar náði aðeins að skora fimm mörk á 25 mínútum og FH vann 27-30.

„Þetta var ótrúlegt, algjör snilld. Seinni hálfleikurinn var eins og skrifaður upp úr handriti fyrir okkur,“ sagði Pálmar. „Það er erfitt að koma hérna norður eins og alltaf fyrir framan fullt hús. Við áttum í erfiðleikum í fyrri hálfleik, vorum að pirra okkur á dómurunum og Akureyri spilaði vel. En við þurrkuðum það bara út í seinni hálfleik og sýndum þvílíkan karakter. Vörnin var snilld og ég var að halda mér hrikalega í dauðafærunum, það er andlega mjög sterkt. Ég fiskaði þá vel í dauðafærunum en skotin þeirra fyrir utan voru slök. Þegar þeir þurftu að fara að skora urðu þeir óskynsamir í skotunum og það gerði mér auðveldara fyrir,“ sagði Pálmar.

Hjá FH var Pálmar bestur, Bjarni Fritzson var góður og Benedikt öflugur í hraðaupphlaupunum. Lykilmenn Akureyrar brugðust algjörlega. Vörnin var lengi vel ágæt líkt og markvarslan en sóknin í seinni hálfleik hræðileg. „Ég hef engar skýringar á þessu,“ sagði niðurlútur Oddur Grétarsson sem skoraði tíu mörk fyrir Akureyri í tólf skotum. „Við hættum að sækja almennilega á markið, vörnin var léleg og þess vegna kom markvarslan ekki með. Við náðum ekki okkar hraðaupphlaupum og því fór sem fór. Það gekk bara ekkert upp í seinni hálfleiknum. Við þurfum að skoða vel hvað fór úrskeiðis,“ sagði Oddur. - hþh

## ÚRSLIT

*N1-deild karla*

Akureyri-FH 27-30 (18-16)

**Mörk Akureyrar (skot):** Oddur Grétarsson 10/4 (12/4), Geir Guðmundsson 3 (5), Guðmundur Hólmar Helgason 3 (9), Árni Þór Sigtryggsson 3 (12), Jónatan Magnússon 2 (3), Hörður Fannar Sigþórsson 1 (1), Hreinn Hauksson 1 (2), Andri Snær Stefánsson 1 (2), Heimir Örn Árnason 1 (3), Guðlaugur Arnarsson 1 (3), Heiðar Aðalsteinsson 1 (5).
**Varin skot:** Hafþór Einarsson 14 (39/2) 36%, Hörður Flóki Ólafsson 5 (10) 50%
**Hraðaupphlaup:** 5 (Oddur 3, Árni, Geir).
**Fiskuð víti:** 4 (Árni 3, Geir).
**Utan vallar:** 10 mín.
**Mörk FH (skot):** Bjarni Fritzson 7/2 (10/2), Ólafur Gústafsson 5 (6), Ólafur Guðmundsson 5 (13), Benedikt Kristinsson 4 (8), Ásbjörn Friðriksson 3 (5), Jón Heiðar Gunnarsson 2 (2), Örn Ingi Bjarkarson 2 (4), Ari Þorgeirsson 1 (1), Sigurgeir Árni Ægisson 1 (1).
**Varin skot:** Pálmar Pétursson 18 (41) 44%, Daníel Andrésson 2 (6) 33%
**Hraðaupphlaup:** 7 (Benedikt 3, Bjarni 2, Sigurgeir, Örn).
**Fiskuð víti:** 2 (Bjarni, Benedikt).
Utan vallar: 14 mín.

Fram-Haukar 32-34

**Mörk Fram (skot):** Magnús Stefánsson 8 (15), Andri Berg Haraldsson 7 (14/1), Haraldur Þorvarðarson 6 (7), Arnar Birkir Hálfdánarson 5/2 (6/2), Stefán Baldvin Stefánsson 4 (5), Hákon Stefánsson 2 (3), Halldór Jóhann Sigfússon (3/1).
**Varin skot:** Magnús Erlendsson 14/1 (37/3, 38%), Sigurður Örn Arnarson 3 (13/2, 23%), Zoltan Majeri 0 (1/1).
**Hraðaupphlaup:** 6 (Haraldur 3, Arnar Birkir 2, Stefán Baldvin 1).
**Fiskuð víti:** 4 (Haraldur 2, Magnús 1, Stefán Baldvin 1).
**Utan vallar:** 10 mínútur.
**Mörk Hauka (skot):** Sigurbergur Sveinsson 10/2 (16/3), Stefán Sigurmannsson 5 (6), Freyr Brynjarsson 4 (5), Björgvin Hólmgeirsson 4 (9), Guðmundur Árni Ólafsson 3/3 (3/3), Elías Már Halldórsson 3 (6), Pétur Pálsson 2 (2), Einar Örn Jónsson 2 (2), Tjörvi Þorgeirsson 1 (1), Jónatan Jónsson (1).
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 7 (28/2, 25%), Aron Rafn Edvardsson 4 (15, 27%).
**Hraðaupphlaup:** 7 (Freyr 2, Elías Már 2, Sigurbergur 1, Stefán 1, Björgvin 1).
**Fiskuð víti:** 6 (Pétur 3, Tjörvi 1, Freyr 1, Sigurbergur 1).
**Utan vallar:** 4 mínútur.

Valur-Grótta 21-20 (12-7)

**Markahæstir hjá Val:** Arnór Þór Gunnarsson 6, Fannar Þór Friðgeirsson 3, Sigfús Páll Sigfússon 3, Ólafur Sigurjónsson 3.
**Markahæstir hjá Gróttu:** Anton Rúnarsson 6, Hjalti Þór Pálmason 4, Finnur Ingi Stefánsson 3.

# Lánleysi Framara algert

**Fram tapaði sínum þriðja leik í röð í N1-deild karla í gær er Haukar komu í heimsókn. Haukar unnu nauman sigur, 34-32, eftir spennandi lokamínútur.**

**HANDBOLTI** Fram er enn án stiga í N1-deild karla eftir að liðið tapaði fyrir Haukum á heimavelli í gær, 34-32. Haukar eru að sama skapi taplausir með fimm stig eftir þrjá leiki.

Haukar voru með undirtökin lengst af í leiknum í gær en Framarar, nýkomnir til landsins eftir erfitt ferðalag til Slóvakíu, komu þeim í opna skjöldu með kraftmiklum leik í síðari hálfleik.

Á fyrstu 20 mínútum síðari hálfleiks tókst þeim bláklæddu að snúa leiknum sér í hag og komast þremur mörkum yfir, 30-27, þegar sjö og hálf mínúta var til leiksloka. Haukar voru með fjögurra marka forystu í hálfleik, 19-15.

Það var ekki síst fyrir góð tilþrif Magnúsar Erlendssonar í marki Fram að liðið náði undirtökunum í leiknum en skytturnar Magnús Stefánsson og Andri Berg Haraldsson fóru einnig mikinn í sókninni. En þegar allt virtist ganga Frömurum í hag misstu þeir unninn leik úr höndunum í blálokin.

Þegar tæpar 20 mínútur voru til leiksloka og leikurinn að snúast Frömurum í hag tóku Haukar leikhlé. Eftir það liðu tíu mínútur þar sem hinn ungi Stefán Rafn Sigurmannsson var eini Haukamaðurinn sem náði að skora fram hjá Magnúsi í markinu. Óhætt er að segja að Stefán Rafn hafi haldið sínum mönnum inni í leiknum á meðan Framarar röðuðu inn mörkunum hinum megin á vellinum.

Það gerði Haukum kleift að koma sér aftur inn í leikinn á lokamínútum hans. Sigurbergur Sveinsson fór þá mikinn en hann og Stefán Rafn unnu í raun þennan leik fyrir Haukana.

„Ég var virkilega ánægður með síðustu tíu mínúturnar,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka.



**ÖFLUGUR** Sigurbergur Sveinsson skoraði tíu mörk fyrir Hauka í 32-34 sigri Íslandsmeistaranna í hörkuspennandi leik gegn Fram í gærkvöldi. FRÉTTABLADID/ANTON

„Við sýndum mikinn sigurvilja og náðum að klára leikinn.“

Hann sagði sína menn hafa lent í vandræðum með varnarleikinn. „Það var sama hvað við reyndum, ekkert virtist ganga upp. En sem betur fer spiluðum við mjög vel í sókninni. En þetta var erfiður leikur eins og ég átti von á. Framarar eru komnir með bakið upp að vegg og ég vissi að þeir yrðu dýrvitlausir í dag.“

Magnús Stefánsson, leikmaður Fram, sagði það erfitt að horfa upp á þrjá tapleiki í röð í deildinni. „Vandinn liggur hjá okkur. Það er eitthvað undirliggjandi sem er að stríða okkur. Við sýndum þó á köflum í kvöld hvað býr í okkur. Okkur gekk þá vel í vörninni og við lékum þeim að okkur í sókninni. En þess á milli virðist eins og við föllum niður á plan sem á bara heima í 1. deildinni.“

Þess má að lokum geta að Framarinn Andri Berg var stálheppinn að fá ekki rautt spjald þegar hann fór í andlitið á Sigurbergi Sveinssyni þegar skammt var til leiksloka. eirikur@frettabladid.is



**JUSTIN SHOUSE** Átti fínan leik fyrir Stjörnuna í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Iceland Express-deild karla:

## Shouse sá um Snæfellinga

**KÖRFUBOLTI** Þrír leikir fóru fram í Iceland Express-deild karla í gærkvöldi þar sem hæst bar að Stjarnan vann 81-82 sigur á Snæfelli. Þá unnu Keflvíkingar 96-54 sigur á Fjölni og ÍR vann einnig stórsigur 95-69 á Hamri.

Justin Shouse tryggði Stjörnunni sigurinn gegn sínum gömlu liðsfélögum í Snæfelli með því að setja niður tvö vítaskot á lokasekúndunum í hörkuspennandi leik sem endaði 81-82 en Stjarnan var 41-42 yfir í hálfleik.

Shouse var stigahæstur hjá Stjörnunni með 26 stig og 9 stoðsendingar en Jovan Zdravevski kom næstur með 23 stig og 8 fráköst. Hjá heimamönnum í Snæfelli var Hlynur Bæringsson stigahæstur með 24 stig og 11 fráköst en Sigurður Þorvaldsson kom næstur með 17 stig.

Í sigri Keflvíkinga á Fjölni var Rashon Clark stigahæstur hjá heimamönnum með 18 stig en Sigurður Gunnar Þorsteinsson kom næstur með 14 stig. Christopher Smith var stigahæstur hjá Fjölni með 20 stig.

Í sigri ÍR á Hamri var Nemanja Sovic stigahæstur hjá ÍR með 33 stig en Andre Dabney skoraði 27 stig fyrir Hamar. - óþ


**Virkar ljósaperan þín?**



Nú þegar farið er að dimma úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa **kveikt á útiljósum** við heimili sín á nóttinni til að auðvelda blaðberum Pósthússins aðgengi að póstlúgu.

Góð lýsing og örugg aðkoma að lúgu kemur í veg fyrir óhöpp hjá blaðberum og tryggir í leiðinni **örugga blaða- og póstdreifingu** inn á heimilið.

Með fyrirfram þökk, Pósthúsið

Pósthúsið

Pósthúsið | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | sími: 585 8300 | **www.posthusid.is**


ÍBV hefur fengið góðan liðsstyrk fyrir átökin í Pepsi-deild karla næsta sumar:

# Tryggvi og Ásgeir Aron í ÍBV

**FÓTBOLTI** ÍBV tilkynnti formlega í gær að félagið væri búið að ná samningi við þá Tryggva Guðmundsson og Ásgeir Aron Ásgeirsson um að þeir leiki með ÍBV.

„Þetta eru strákar sem eiga báðir eftir að hjálpa okkur mjög mikið að mínu mati. Tryggvi býr að mikilli reynslu og getu og Ásgeir Aron er mjög fjölhæfur og góður leikmaður sem getur leyst margar stöður á vellinum,“ sagði Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, í viðtali við Fréttablaðið í gær.

Eyjapeyinn Tryggvi er að snúa aftur á heimaslóðir eftir tólf ár.

„Ég hef oft hugsað um að snúa aftur heim til Vestmannaeyja og núna finnst mér eins og menn séu að setja stefnuna hátt og jafnvel hærra en síðustu ár og það er sannur heiður að þeir hafi leitað til mín. Þetta er þriggja ára samningur og ég vonast til þess og trúi að ég nái að standa mig vel í þessi þrjú ár. Ég á nóg eftir og ætla mér stóra hluti með ÍBV,“ segir Tryggvi ákveðinn.



**SAMNINGAR UNDIRRITAÐIR** Vel fór á með þeim Tryggva Guðmundssyni, Ásgeiri Aroni Ásgeirssyni og Heimi Hallgrímssyni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ásgeir Aron er að sama skapi spenntur fyrir því að spila með ÍBV en faðir hans, Ásgeir Sigurvinsson, lék sem kunnugt er fyrir félagið á árum áður.

„Ég hafði alltaf hugsað mér að prófa einhvern tímann að fara til Eyja og spila með ÍBV og þegar þetta tækifæri bauðst mér stökk ég náttúrlega á það.“ - óþ

# Frábært verð
## á raftækjum

OPIÐ til 20 alla daga

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

**Nikon**




**Nikon myndavél** S220SVORT
- 10 MegaPixla upplausn
- 2,5 tommu LCD-skjár
- NIKKOR aðdráttarlinsa (jafngildir 35 mm [135] filmusniði: 35–105 mm.)
- 4x vörn fyrir óskýrleika
- 3x Optical Zoom og 7x Digital Zoom
- Rafræn titringsjöfnun (VR)
- Hátt ISO-ljósnæmi (allt að 2000)
- Hreyfiskynjun
- Besta mynd valin (BSS), blikkprófun & brosstilling
- Háþróuð AF-andlitsstilling með lagfæringu á rauðum augum
- D-lýsing skilar góðum myndum með því að lagfæra skugga
- Upptaka hreyfimynda með hljóði

**34.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**OLYMPUS**




**Olympus myndavél** FE45
- 10.7 MegaPixlar
- 3x Optical Zoom (36-108mm samb. 35mm)
- 1/2.33" CCD upptökuflaga
- Stór og skýr 2.5" TFT skjár
- Advanced Face Detection - Andlitsþekkjari
- Digital Image Stabilisation - Hristivörn
- Hreyfimyndataka með hljóði
- 12 stöðluð Scene modes
- Sjálfvirkt flass
- Red Eye Reduction - Fjarlægir rauð augu
- ISO: 100-1600
- Tekur xD og microSD kort

**18.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Dantax**



**Dantax ferðaútvarp** RR303SV
- Ferðatæki með útvarpi og geislaspilara
- FM/AM útvarp
- Topp CD spilari
- 2 hátalarar
- Loftnet

**7.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa**



**Melissa baðvog** 631137
- Flott baðvog úr Svörtugleri
- Stór skjár
- Elektrónísk plata með 6mm þykkt gler
- Sýnir allt að 150kg
- 100g kvarði
- +/- 0.5% nákvæmni
- Slekkur sjálfvirkt á sér
- 1 x 3V Lithium ion rafhlaða fylgir

**3.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa**



**Melissa hárblásari** 635100
- Hárblásari 2200w
- 2 hraða- og 3 hitastillingar
- Cool shot (kaldur blástur)
- Með Ionization: hindrar rafmagnað hár og þurrkar hárið hraðar
- Ofhitavörn
- 2 fylgihlutir air concentrator og diffuser

**3.490kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa**



**Melissa hárklippur**
638147
- Öflugar hárklippur
- Riðfrýtt stálblað
- Skæri, greiða, hreinsibursti og olía fylgja
- Þrír kampar fylgja fyrir mismunandi lengdir: 6mm, 9mm og 13mm

**3.900kr** FRÁBÆRT VERÐ

**exido**



**Exido nuddsæti**
231010
- Nuddsæti Shiatsu
- 10 Stillingar
- 4 sjálfstæðar kúlur nudda bak
- Hægt að taka hnakkapúða af
- 12v straumbreytir

**24.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa**



**Melissa fótanuddtæki**
631130
- 90w fótanuddtæki
- 1,54kg
- 3 stillingar
- Loftbólur frá 36 holum
- Meira en 150 nuddstaðir fyrir fætur

**5.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**exido**



**Exido hitateppi** 231015
- 100w hitateppi 3 stillingar
- Tvöföld ofhitnunar vörn
- Hægt að þvo áklæði

**4.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 29. október eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár



> Emile Hirsch

„Það þarf kjark til að taka áhættu. Sumir eru hræddir við að gera mistök en ég er fullviss um að til að lifa lífinu til fulls þá verður þú að taka áhættu og erfiðar ákvarðanir.“

*Hirsch fer með hlutverk í myndinni Speed Racer sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 21.10.*

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON PÆLIR AÐEINS Í ÍSLENSKUM HÚMOR

# Munntóbakstyggjandi spaði og rólyndur haus

Líklega hefur nóg verið skrifað og skrafað um gamanþáttinn Fangavaktina, en einhvers staðar heyrði ég sagt að góð vísa væri aldrei of oft kveðin. Síðastliðnar vikur hef ég ekki horft mikið á sjónvarp en hef þó náð að fylgjast með Fangavaktinni frá upphafi. Ég verð að játa það á mig að Fangavaktin er mín fyrsta vakt; ég er líklega ein fárra sem misstu bæði af Næturog Dagvaktinni á sínum tíma. Það kom mér skemmtilega á óvart hversu skemmtilegir þættirnir voru: húmorinn var góður, karaktersköpun sömuleiðis og leikararnir eru flestir nokkuð trúverðugir.

Það hefur komið fyrir að ég brosi út í annað þegar ég horfi á íslenska gamanþætti, en ég hef staðið mig nokkrum sinnum að því að skella upp úr við að horfa á Fangavaktinni. Óþekktu leikararnir eru engu verri en aðalþríeykið og eru þar helstir rauðklædda illmennið sem heldur upp á Manchester United og tattúveraði, mjóslegni hasshausinn. Ætli manni þyki þeir ekki svo skemmtilegir vegna þess að maður kannast við persónurnar úr íslensku samfélagi þar sem maður rekst ósjaldan á munntóbakstyggjandi spaða og rólynda hausa?

Fóstbræður voru að mínu mati fyrstir til að koma fram með skemmtilegt íslenskt gamanefni sem hægt var að hlæja að. Fangavaktin hefur nú tekið við kyndli gamanseminnar úr höndum Fóstbræðra. Nú gengur maður um, fullur eftirvæntingar, og veltir því fyrir sér hvað taki við af Vaktinni. Það hlýtur einfaldlega að vera eitthvað alveg sérstaklega fyndið og skemmtilegt því íslenskur húmor verður augljóslega betri með árunum, ekki ólíkt góðu víni.



## FÖSTUDAGUR



▶ **18.00** Modern Toss STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00** What Happens in Vegas… STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.15** Stóra planið SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** Skemmtigarðurinn SKJÁREINN



▶ **20.45** Stelpurnar STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**14.35 Leiðarljós** (e)
**16.00 Bjargvætturinn** (12:26)
**16.25 Bangsímon og vinir hans**
**16.50 Táknmálsfréttir**
**17.00 EM fatlaðra í sundi** (2:3) Bein útsending frá EM fatlaðra í sundi sem fram fer í Reykjavík.
**18.00 Hanna Montana** (52:56)
**18.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Stóra planið** (4:5) Íslensk gamanþáttaröð með harmrænu ívafi. Aðalhlutverk: Pétur Jóhann Sigfússon, Ingvar Sigurðsson, Hilmir Snær Guðnason, Eggert Þorleifsson og Michael Imperioli.
**21.00 Umdeild ákvörðun** (A Fighting Choice) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1986. Flogaveikur unglingur fer í mál við foreldra sína sem vilja meina honum að gangast undir heilaaðgerð til að lækna hann af flogunum. Aðalhlutverk: Beau Bridges, Karen Valentine og Patrick Dempsey.
**22.35 Barnaby ræður gátuna - Svikamylla** (Midsomer Murders: Hidden Depths) Bresk sakamálamynd þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi. Aðalhlutverk: John Nettles og John Hopkins.
**00.10 Á reki** (Open Water 2: Adrift) Spennumynd frá 2006. Gömul skólasystkini í siglingu stinga sér til sunds en komast ekki aftur upp í bátinn þar sem ungbarn var skilið eftir eitt. (e)
**01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 On A Clear Day**
**10.00 Annie**
**12.05 Mermaids**
**14.00 On A Clear Day**
**16.00 Annie**
**18.05 Mermaids**
▶**20.00 What Happens in Vegas…** Rómantísk gamanmynd með Ashton Kutcher og Cameron Diaz í aðalhlutverkum.
**22.00 The Hoax**
**00.00 Lie With Me**
**02.00 16 Blocks**
**04.00 The Hoax**
**06.00 Ocean's Thirteen**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Litla risaeðlan, Gulla og grænjaxlarnir og Kalli litli Kanína og vinir.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Jamie Oliver: Australian**
**11.05 Extreme Makeover: Home Edition** (19:25)
**11.50 America's Got Talent** (4:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 La Fea Más Bella** (53:300)
**13.50 La Fea Más Bella** (54:300)
**14.40 La Fea Más Bella** (55:300)
**15.30 You Are What You Eat** (16:18)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Stuðboltastelpurnar og Kalli litli Kanína og vinir.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar** Fylgjumst nú með lífinu í Ramsey-götu en þar þurfa íbúar að takast á við ýmis stór mál eins og ástina, nágranna- og fjölskylduerjur, unglingaveikina, gráa fiðringinn og mörg mörg fleiri.
**17.58 Friends** Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler í fullu fjöri, fjóra daga vikunnar.
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**20.00 Logi í beinni** Laufléttur skemmtiþáttur í umsjón Loga Bergmanns.
▶**20.45 Stelpurnar** Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.
**21.10 Speed Racer** Ung kappakstursheta þráir að feta í fótspor bróður síns og vinna sigur í erfiðustu og hættulegustu kappakstursbraut sem um getur.
**23.20 The Transporter**
**00.50 The Amityville Horror**
**02.15 John Tucker Must Die**
**03.40 The Lost Angel**
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Fulham - Roma** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**17.25 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.
**17.55 Fulham - Roma** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**19.35 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**20.00 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**20.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**21.00 Ultimate Fighter** Sýnt frá Ultimate Fighter - Season 1 en þangað voru mættir margir af bestu bardagamönnum heims.
**21.45 UFC** Hitað upp fyrir stórbrotinn bardaga þeirra Machida og Shogun en aðdáendur UFC hafa beðir spenntir eftir honum.
**22.40 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
**23.20 World Series of Poker 2009**
**00.10 Poker After Dark**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Man. Utd. - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.40 Sunderland - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.20 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**20.50 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**21.20 Premier League Preview 2009/10** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**21.50 PL Classic Matches** Liverpool - Newcastle, 1995. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.20 PL Classic Matches** Wimbledon - Newcastle, 1995.
**22.50 Premier League Preview 2009/10**
**23.20 Everton - Wolves** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (6:14) (e)
**08.00 Dynasty** (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (6:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.20 What I Like About You** (e)
**16.45 Yes Dear** (6:15) (e)
**17.10 Dynasty**
**18.00 America's Next Top Model** (e)
**18.50 Fréttir**
**19.05 King of Queens** (7:25) (e)
**19.30 Rules of Engagement** (3:15) (e)
**20.00 Fyndnar fjölskyldumyndir** (6:12) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin innlend og erlend myndbrot, sem kitla hláturtaugarnar. Laddi er kynnir þáttanna.
▶**20.30 Skemmtigarðurinn** (6:8) Nýr íslenskur þáttur fyrir alla fjölskylduna. Í hverjum þætti keppa tvær 5 manna fjölskyldur í skemmtilegum leik. Þær þurfa að leysa ýmsar þrautir og sú fjölskylda sem sigrar kemst áfram í keppninni.
**21.25 30 Rock** (3:22) Bandarísk þáttaröð sem hlotið hefur Emmy-verðlaunin sem besta gamanserían undanfarin þrjú ár. (e)
**21.50 Fréttir** (e)
**22.05 Lipstick Jungle** (1:13) (e)
**22.55 Law & Order: Special Victims Unit** (6:19) (e)
**23.45 The Contender Muay Thai** (10:15) Raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu bardagastjörnu.
**00.35 Afmælisskaup** (e)
**02.35 World Cup of Pool 2008** (21:31)
**03.25 The Jay Leno Show** (e)
**04.15 The Jay Leno Show** (e)
**05.05 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.
**21.00 Mannamál** Sigmundur Ernir Rúnarsson hefur umsjón með þættinum. (e)
**21.30 Græðlingur** Guðríður Helgadóttir leiðbeinir fólki um haustverkin í garðyrku.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Mastercraft jeppadekk

**Sólning og Barðinn bjóða hin vönduðu dekk frá Mastercraft í Bandaríkjunum.**

Dekkin frá Mastercraft eru sérhönnuð fyrir stærri bifreiðar og jeppa og veita hámarksöryggi og eru á sama tíma einkar hljóðlát. Vertu því öruggari í vetur með Mastercraft undir bílnum.

Mastercraft hefur framleitt dekk síðan 1909 og byggir því á 100 ára reynslu.

Mastercraft TIRES



**Afgreiðslutímar í Sólningu, Smiðjuvegi og Barðanum, Skútuvogi**
Virka daga 8.00–18.00
Laugardaga 9.00–13.00

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722
Smurstöðin Klöpp, Vegmúla 4, sími 553 0440

SÓLNING

BARÐINN
Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080 | www.bardinn.is

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.00**

### Logi í beinni



Laufléttur og skemmtilegur þáttur í umsjón Loga Bergmanns. Aðalgestur þáttarins í kvöld er einn ástsælasti spaugari Íslands, Laddi, sem skemmtir landanum þessa dagana í kvikmyndinni Jóhannes. Stefán Máni glæpasagnahöfundur mætir einnig og spjallar um nýju bókina sína Hyldýpi og Hafdís Huld tekur lag af plötunni sinni. Fullkomin uppskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

**VIÐ MÆLUM MEÐ**

### Auddi og Sveppi

**Stöð 2 kl. 19.20**

Í þætti kvöldsins munu strákarnir að reyna fætur sína og upplifa dag í hjólastól. Þeir ætla að „snattast" um bæinn, kíkja í verslunarferð í Kringlunni, tékka á samgöngukerfinu, fá sér hádegisverð í miðbænum og athuga viðhorf almennings til fatlaðara.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Á réttri hillu
**14.03** Straumar
**15.03** Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn
**15.25** Boðorðin 10
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Pönk á Íslandi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Söngvarar blárrar sveiflu
**21.10** Hringsól
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.00 Doctors** (12:26)
**16.30 Doctors** (13:26)
**17.00 The Sopranos** (35:39)
**18.00 Modern Toss** (3:6) Gráglettnir breskir þættir í teiknimyndastíl sem byggðir eru á karakterum úr samnefndum teiknimyndasögum eftir Mick Bunnage og Jon Link. Hér er á ferðinni beiskur og kaldhæðinn húmor sem á það til að fara yfir strikið.
**18.30 Doctors** (12:26)
**19.00 Doctors** (13:26)
**19.30 The Sopranos** (35:39)
**20.30 Modern Toss** (3:6)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Entourage** (7:12) Fjórða sería þáttaraðar um Vincent og félaga og baráttu þeirra í kvikmyndaborginni.
**22.15 NCIS** (11:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari fimmtu seríu.
**23.00 Eleventh Hour** (14:18) Eðlisfræðingurinn Jacob Hood aðstoðar FBI við rannsókn sakamála sem krefjast vísindalegra úrlausna eða eru jafnvel talin vera af yfirnáttúrulegum toga.
**23.45 Auddi og Sveppi**
**00.20 Logi í beinni**
**01.05 Entourage** (7:12)
**01.35 Identity** (3:12)
**02.20 Blade** (3:13)
**03.05 Fréttir Stöðvar 2**
**04.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** Blackadder the Third **12.30** Only Fools and Horses **13.00** My Hero **13.30** Lab Rats **14.00** The Weakest Link **14.45** Blackadder the Third **15.15** My Hero **15.45** My Hero **16.15** Lab Rats **16.45** Lab Rats **17.15** Doctor Who **18.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **18.30** Marc Wootton Exposed **19.00** This Is Dom Joly **19.30** The Mighty Boosh **20.00** The Jonathan Ross Show **20.50** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **21.20** Coupling **21.50** Marc Wootton Exposed **22.20** This Is Dom Joly **22.50** The Mighty Boosh **23.20** Doctor Who

## DR 1

**12.00** Landsbyhospitalet **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Listen **15.00** Min funky familie **15.30** Det kongelige spektakel **15.40** Timmy-tid **15.50** Mira og Marie **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 09 **19.00** TV Avisen **19.30** Talent 09 - afgorelsen **19.55** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **20.35** Bad Boys **22.25** Easy Rider **23.55**

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Naboer **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Doktor Åsa **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mamma Mo og Kråka **16.05** Fjellgården i Trollheimen **16.20** Pling Plong **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.25** Sporlost forsvunnet **21.05** Kveldsnytt **21.20** Elskerinner **22.20** En helt spesiell kveld - Ane Brun live **23.20** Armstrong og Miller **23.50** Country jukeboks m/chat

## SVT 1

**12.15** Här är ditt liv **13.45** Hemliga svenska rum **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Plus **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Doobidoo **19.00** Skavlan **20.00** Fight Club **22.15** Kulturnyheterna **22.30** Playa del Sol **23.00** Shanghai Noon



**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Besti bitinn er Hlölla bomba, án grænmetis að sjálfsögðu. Bomban er hreint út sagt ómótstæðileg.“*

Sigurjón Viðar Svavarsson, tölvunarfræðingur og bardagaíþróttamaður.

# Friðrik jafnar fermingardrenginn

„Ég vildi gera eitthvað gott við peningana mína,“ segir hinn ungi og efnilegi Ágúst Ingason.

Ágúst stofnaði á dögunum hóp á Facebook og hét því að gefa 50.000 krónur af peningunum sem hann fær í fermingargjöf á næsta ári til ABC hjálparstarfs, ef 15.000 manns myndu ganga í hópinn fyrir 21. mars. Viðtökurnar voru með ólíkindum og aðeins nokkrum dögum síðar var takmarkinu náð og gott betur.

„Ef ég hefði ekki búið til þennan hóp á Facebook væri ekki eins mikið af fólki að gefa peninga,“ segir Ágúst sem er mjög ánægður með viðtökurnar. Fólk í hópnum er byrjað að gefa fé til hjálparstarfsins, en einn tók skrefið til fulls og stendur nú jafnfætis Ágústi. „Það er einn strákur sem ætlar að gefa 50.000 kall eins og ég. Ég veit ekki hver það er,“ segir hann og á þar við Friðrik Weisshappel, veitingamann í Kaupmannahöfn, sem var djúpt snortinn af framtaki Ágústs.

„Mér finnst þetta svo frábært framtak hjá stráknum að mig langaði til að leggja opinberlega mína lóð á vogaskálarnar,“ segir Friðrik. „Ég er inspíreraður af stráknum, hann er að gefa 50.000 krónur, 13 ára gamall. Mér fannst þetta svo óvenjulega fallegt og stórbrotið að ég ákvað sýna honum stuðning í verki.“



**INNBLÁSINN** Friðrik gefur jafnmikið og Ágúst.

Það er ekki hægt að ljúka frétt um framtaksemi Ágústs án þess að fá viðbrögð frá mömmunni, Þórhildi Sif Þórmundsdóttur. „Við erum rosalega stolt af honum, foreldrar hans, og ættingjar og allir bara,“ segir hún og bætir móðurlega við að þótt hún hafi engar áhyggjur af því að Ágúst standi ekki við loforð sitt, þá verði því fylgt eftir. - afb



**GEFUR FERMINGARPENINGA** Ágúst ætlar að gefa 50.000 krónur af fermingarpeningunum til ABC hjálparstarfs. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**LÁRÉTT**
2. varsla, 6. umhverfis, 8. blund, 9. mak, 11. býli, 12. hólf, 14. bjúga, 16. ætíð, 17. tunnu, 18. orga, 20. 49, 21. flokka.

**LÓÐRÉTT**
1. svall, 3. bor, 4. listastefna, 5. traust, 7. talsmaður, 10. stúlka, 13. skáhalli, 15. kjáni, 16. haf, 19. til.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2. vakt, 6. um, 8. lúr, 9. kám, 11. bú, 12. klefi, 14. pylsa, 16. sí, 17. ámu, 18. æpa, 20. il, 21. raða.
LÓÐRÉTT: 1. sukk, 3. al, 4. kúbismi, 5. trú, 7. málpípa, 10. mey, 13. flá, 15. auli, 16. sær, 19. að.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Miðvikudaginn 28. október.
2. Fjórum.
3. Halla Vilhjálmsdóttir.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**FROSTRÓSIR TIL ÚTLANDA** Samúel Kristjánsson segir að verkefnið hafi tekið um það bil fjögur ár í undirbúningi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SAMÚEL KRISTJÁNSSON: FJÖGURRA ÁRA UNDIRBÚNINGSVINNA AÐ BAKI

# Íslenskar Frostrósir fluttar út til Noregs og Svíþjóðar

„Við erum engir útrásarvíkingar. Við erum bara að flytja út það sem við kunnum best,“ segir Samúel Kristjánsson, einn af skipuleggjendum Frostrósa-tónleikanna. Sams konar jólatónleikar og hafa verið haldnir hér á landi undanfarin sjö ár eru fyrirhugaðir bæði í Noregi og Svíþjóð á næsta ári. Þarlendir listamenn verða í aðalhlutverki með gestasöngvurum frá Íslandi. „Þetta verður gott tækifæri fyrir íslenska tónlistarmenn,“ segir Samúel sem bindur miklar vonir við verkefnið.

Tónleikarnir í Noregi og Svíþjóð verða haldnir í desember í stórum tónleikahöllum sem rúma 5 til 15 þúsund manns. Þeim verður sjónvarpað á einkastöðvunum TV2 í Noregi og TV4 í Svíþjóð, sem er sú stærsta þar í landi. „Konseptið á bak við dívurnar og vörumerkið Frostrósir fannst þeim mjög spennandi. Í samtarfi við stöðvarnar töldum við að þetta myndi eiga dúndrandi möguleika.“

Verkefnið mun skapa að minnsta kosti tuttugu ársstörf hér á landi fyrir tæknimenn, hljóðfæraleikara og fleiri aðila, því ætlunin er að undirbúa tónleikana að mestu leyti á Íslandi. Verkefnið er kostnaðarsamt en áhættunnar virði að mati Samúels. „Þetta er náttúrlega mikill pakki. Við erum búin að vinna að þessu hátt í fjögur ár. Það er mikil fjárfesting í vinnu að baki og svo kostar þetta allt peninga en áhættan verður mest hjá samstarfsaðilunum.“ Þrjár þjóðir til viðbótar hafa sýnt verkefninu áhuga og því ljóst að Frostrósaævintýrið er rétt að byrja.

Segja má að útrás Frostrósa hafi byrjað með tónleikum í Hallgrímskirkju árið 2006 þar sem Sissel Kirkjebö og fleiri erlendar dívur voru á meðal gesta. Tónleikunum var sjónvarpað í yfir tuttugu löndum í fimm heimsálfum og talið er að yfir 150 milljónir manna hafi horft á. „Við ætluðum að reyna að gera það að hefð að senda út alþjóðlega tónleika héðan. Síðan fór allt að gerast sem hefur gerst og enginn aðgangur var lengur að fjármagni. Þá snerum við blaðinu við og ákváðum að fara með konseptið til valinna landa,“ segir Samúel.

Hugmyndin um að erlendir söngvarar komi hingað til lands á vegum Frostrósa er þó ekki dauð úr öllum æðum því til stendur að taka upp Frostrósa-mynddisk á Akureyri og í nágrenni. „Við höfum verið í góðu samstarfi við bæjaryfirvöld fyrir norðan og vonandi getum við gert þetta. Þetta yrði tekið upp í ýmsum kirkjum og flottum stöðum á Eyjafjarðarsvæðinu.“

Tvennir Frostrósa-tónleikar verða í Laugardalshöll og í Höllinni á Akureyri í desember og einnig verða tónleikar haldnir víðar um landið. Miðaverð hefur hækkað um þúsund krónur frá því sem verið hefur og er núna á bilinu 4.990 til 9.990 krónur, sem er að sögn Samúels sambærilegt við aðra stóra tónleika hér á landi.

freyr@frettabladid.is

**FRÉTTIR AF FÓLKI**



Hinn síkáti **Bjartmar Guðlaugsson** er nú í hljóðveri að taka upp nýja plötu. Bjartmar hefur komið sér vel fyrir í Stúdíó Geimsteini og eru upptökur vel á veg komnar. Fyrsta lagið, Feikmeik, er væntanlegt í næstu viku en laga- og textasmiðurinn hyggst ekki henda sér í jólaplötuflóðið heldur er ráðgert að platan kom út þegar Íslendingar eru búnir að jafna sig á jólasteikinni.



**Reynir Lyngdal** og félagar hjá Pegasusi er væntanlega kampakátir með viðtökurnar við Hamrinum, spennuþáttaröðinni sem nú er sýnd á sunnudagskvöldum. Síðasti þátturinn verður á sunnudaginn en menn eru þegar farnir að velta því fyrir sér hvort grundvöllur fyrir Hamrinum 2 sé til staðar.

Hæsti maður í heimi, Tyrkinn **Sultan Kösen**, er víst á höttunum eftir ást og hyggst bókarisinn Forlagið létta honum leitina hér á landi, því nú geta þrír heppnir Íslendingar fengið að fara út að borða með risanum á laugardagskvöldið. Áhugasamir geta sent póst á forlagid@forlagid.is merkt Guinness ef þeir vilja vinna sér inn þessa risavöxnu máltíð.

**Gísli Örn Garðarsson** verður væntanlega fyrsti Legókarl Íslands, en samningar Disney og leikfangarisans um framleiðslu á Legókörlum úr kvikmyndinni Prince of Persia: The Sands of Time hafa verið handsalaðir. Gísli hefur víst séð Legókarlinn sinn en hann er annars á leiðinni til London að taka upp aukasenur fyrir myndina. - fgg



HAFBERG
fiskbúð sælkerans
Glænýr skötuselur
aðeins 1990
Lúðusneiðar
Lúðuflök
Stór humar
Risahörpuskel
Túnfiskur
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

# Önnur þáttaröð af Rétti í tökur

„Ég held að fyrsta serían hafi sýnt það og sannað að hún hefði ákveðna spádómsnáðargáfu,“ segir Sigurjón Kjartansson, einn handritshöfunda sjónvarpsþáttanna Réttur. Hann vísar þar til þess að í fjórða þætti fyrstu þáttaraðarinnar var tekið fyrir mansalsmál en fyrsta mál þeirra tegundar er nú fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og ámóta mál kom nýverið upp í Reykjanesbæ.

Tökur á annarri þáttaröð hefjast í byrjun nóvember en það reynist heldur erfitt að draga eitthvað bitastætt upp úr Sigurjóni um efni þáttanna. Hann tekur þó skýrt fram að efnahagshrunið muni ekki leika stórt hlutverk í þáttunum, nógu margar heimildarmyndir hafi þegar verið gerðar um það efni. „En auðvitað er stemningin aðeins breytt þótt lögfræðistofur hafi ekki beint þurft að standa í hópuppsögnum, lögmenn hafa ekki verið neitt sérstaklega blankir í þessu árferði.“



**SIGURJÓN KJARTANSSON** Tökur hefjast á annarri þáttaröð af Rétti í byrjun nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Handritshöfundurinn hefur eytt drjúgum tíma í héraðsdómi til að afla sér upplýsinga og fá hugmyndir. Hann sat meðal annars í dómsal þegar dómur var kveðinn yfir syni Ásgeirs Þórs Davíðssonar, eiganda Goldfinger, en tekur skýrt fram að hvorki það mál né einhverjar tilvísanir í það rati á skjá landsmanna. Sigurjón segir það ekki neitt partístarf að sitja niðri héraðsdómi. „Nei, það er oft erfitt að halda sér vakandi og maður sér það líka á dómurunum, þeir eru geispandi úti um allt. Annars er langskemmtilegast þegar lögfræðingar á borð við Svein Andra og Brynjar Níelsson láta í sér heyra, þá er gaman.“ - fgg



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 08-1905

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Brynhildar Björnsdóttur

## *Kaupmátturinn og dýrðin*

Nú líður að jólaverslun með tilheyrandi auglýsingum, útbíuðum í jólatrjám og jólasveinum, löngu áður en það er einu sinni hægt að láta börn undir sex ára telja niður daga sem eru þrisvar sinnum fleiri en tær og fingur.

**AÐ** vanda munu þrír helstu verslunarkjarnar höfuðborgarsvæðisins keppa um hylli neytenda (hylli neytenda er einn uppáhaldsfrasinn minn) með því að bjóða betri kjör, meiri söng, fleiri piparkökur og mörg tonn af ókeypis skyndijólaskapi sem verður úðað út í mengað stórborgarloftið. Við þessi árlegu tímamót er vert að skoða hvernig kjarnarnir þrír taka á móti viðskiptavinum sínum og kunningjum.

**KAUPMENN** við Laugaveg hafa löngum kvartað yfir því að vera ekki nógu vinsælir hjá Íslendingum á veturna. Þeirri kynslóð sem nú ber uppi efnahag landsins og þar af leiðandi jólaverslunina er sennilega enn í fersku minni að fjúka um Laugaveginn í kafaldsbyl og stinga sér öðru hverju inn í pínulitlar, troðfullar, sjóðheitar búðir þar sem maður var alltaf með rassinn á einhverjum fullorðnum í andlitinu.

**RÓMANTÍK** Laugavegarins er samt augljós allan ársins hring, einkum um jólaleytið. Þegar beygt er inn á Laugaveg af Snorrabraut blasir hins vegar við stóreflis ljósaskilti frá innheimtuþjónustunni Intrum sem minnir vegfarendur á að eyða ekki um efni fram, annars verði allur varningurinn endurheimtur. Ekki gera ekki neitt en ekki gera of mikið heldur.

**YFIR** Smáralindinni gnæfir Deloitte-turninn og sést úr öllum áttum. Skilaboð turnsins eru einföld og þarfnast ekki endurskoðunar: hér geturðu fengið allt sem hugurinn girnist, svo kemurðu bara með kvittanirnar til okkar og við sjáum um endurgreiðslu frá skattinum.

**ÞEGAR** að Kringlunni er komið er helsta kennileitið Hús verslunarinnar, myndarleg og rismikil bygging sem sendir mjög ákveðin skilaboð með löngutangarlíki til himins: hér skal verslað, hugsum ekki um óþarfa smámuni eins og hvort við eigum fyrir því. Beint á móti Húsi verslunarinnar er svo tryggingafélag, svona til að hnykkja á því að þetta reddast. Allt saman.

**KANNSKI** Laugavegurinn verði betur sóttur fyrir þessi jól en undanfarin ár.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 23. október 2009, 296. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.43 | 13.12 | 17.40 |
| Akureyri | 8.35 | 12.57 | 17.17 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





Eitt líf - njótum þess

Stillanlegt heilsurúm
Með TEMPUR
heilsudýnu og ramma
Stærð 2x80x200 cm.
Fullt verð: ~~Kr. 497.500,-~~
Tilboð: Kr. 398.000,-






Mjúkt á að vera mjúkt

Porto: Lyftistóll – hægindastóll
Áklæði: Tau
Fullt verð: ~~Kr. 298.000,-~~
Tilboð: Kr. 238.400,-



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK